

**SKOÐUN** Halla Hrund Logadóttir skrifar um rafmagnað jafnrétti. 21



**MENNING** Smíðar langspil og rekur hljóðfærasafn á Þingeyri. 32



**LÍFIÐ** Stærstu nöfnin á ATP-tónlistarhátíðinni koma fram í kvöld. 50



**SPORT** 23 ára bið Víkinga eftir Evrópuleik endar í Víkinni í kvöld. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
2. júlí 2015
153. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Síðbúinn eldhúsdagur

Eldhúsdagsumræður voru á Alþingi í gær, en þær hafa aldrei áður verið haldnar í júlí. Þingmenn greindi á um hvort allt væri á uppleið eða mikilla úrbóta væri þörf og einn þeirra skellti á með rappi. 4



**Hvernig mun Borgarlínan líta út?** Ný Borgarlína, samgönguás fyrir háhraða almenningssamgöngur, verður lögð samkvæmt nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Fréttablaðið kannaði hvernig hún gæti litið út.

**Ófaglærðir leiðsögumenn**
Margir ómenntaðir leiðsögumenn eru að störfum á Íslandi í dag. Fjöldi faglærðra leiðsögumanna hefur tvöfaldast frá hruni og nú eru um 900 manns í Félagi leiðsögumanna. Stjórnarmaður þar segir launin vera fyrir neðan allar hellur. 8

**Hvetur þjóðina til að segja nei**
Forsætisráðherra Grikklands vill semja um nýja neyðaraðstoð eftir að kosið verður um samninginn sem liggur fyrir. Hann hvetur kjósendur til að hafna samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu.10




20

**1 SÉRBLAÐ** Fólk






**FRIÐARHLAUPIÐ RÆST** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, ræsti friðarhlaupið við Reykjavíkurtjörn í gær. Friðarhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup, tilgangur þess er að efla frið, vináttu og skilning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mýið til greiningar erlendis:

## Fleiri eru illa bitnir af lúsmýi

**SAMFÉLAG** Nú virðist sem fleiri en sumarhúsaeigendur í Kjós hafi orðið fyrir barðinu á nýrri tegund lúsmýs á Íslandi. Fólk í Mosfellsbæ og Grafarvogi hefur verið illa bitið á síðustu dögum.



**BIT** Lúsmýið getur skilið eftir svæsin bitför sem valda miklum kláða.

Náttúrufræðistofnun Íslands er nú með málið til rannsóknar og að því er Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir er ekki vitað til þess að slíkar atlögur hafi átt sér stað áður á Íslandi og er mögulega um nýja tegund mýs að ræða. Þá greinir Erlingur frá því að sérfróðir aðilar erlendis muni greina mýið á næstu dögum.

„Nú verð ég að viðurkenna fáfræði mína og segja að ég hafi bara ekki hugmynd um hvernig þetta kom til landsins,“ segir Erling og bætir við að þó að sterkur grunur leiki á að um sé að ræða lúsmý sé ekki hægt að staðfesta það að svo stöddu.

Þá eru tuttugu og fimm stúlkur í sumarbúðum KFUM og KFUK í Vindáshlíð eru með bit á líkamanum.

\- ngy / sjá síðu 2

# Róbert vill kaupa Actavis

Lyfjafyrirtækið Alvogen vill kaupa verksmiðju Actavis í Hafnarfirði. Formlegt tilboð var lagt fram fyrir tveimur vikum og er upphæð tilboðsins á fimmta milljarð króna. Til stendur að loka verksmiðjunni árið 2017.

**VIÐSKIPTI** Róbert Wessman, forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen og fyrrverandi forstjóri Actavis, hefur lýst yfir áhuga sínum á að kaupa verksmiðju Actavis í Hafnarfirði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði Alvogen formlegt tilboð í verksmiðju Actavis fyrir um tveimur vikum. Actavis tilkynnti á mánudaginn að verksmiðjunni yrði lokað árið 2017 og að 300 störf myndu tapast.

Róbert staðfestir við Fréttablaðið að tilboð í verksmiðjuna og sölustarfsemi Actavis hér á landi hafi verið lagt fram. „Við höfum lýst yfir áhuga á því að kaupa verksmiðjuna í Hafnarfirði en því miður hafa ekki náðst samningar. Það eru auðvitað dapurleg tíðindi ef þessi starfsemi leggst af en við teljum að hægt sé að finna rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjuna hér á landi. Við höfum enn þá áhuga á að skoða kaup á þessari starfsemi en nauðsynlegt er að einhver framleiðsla fylgi með í þeim kaupum. Við höfum hugsað okkur að íslenski markaðurinn fylgdi með.“

Róbert varð forstjóri Actavis árinu 1999 þá aðeins 29 ára gamall en lét af störfum árið 2008 og hefur síðan leitt alþjóðlega uppbyggingu Alvogen sem hefur byggt upp starfsemi sína hér á landi.

Róbert segist vilja gera allt sem hægt sé til að tryggja áframhaldandi rekstur verkmiðju Actavis. „Við teljum að verksmiðjan geti áfram verið samkeppnishæf og viljum nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem hefur skapast innan fyrirtækisins.“

Ásdís Ýr Pétursdóttir, sviðsstjóri samskiptasviðs Actavis, segir það stefnu fyrirtækisins að tjá sig ekki um sögusagnir. Farið hafi verið yfir ýmsa möguleika en niðurstaðan hafi verið sú að flytja framleiðsluna til að tryggja áframhaldandi samkeppnishæfni.

„Þegar svona ákvarðanir eru teknar erum við ávallt opin fyrir viðræðum við áhugasama aðila enda er í þessu tilfelli langur tími til stefnu. Ákvörðunin um flutning framleiðslunnar sem tilkynnt var um á mánudag hefur ekki áhrif á störf eða starfsemi verkmiðjunnar fyrr en fyrstu áfangar í flutningi framleiðslunnar hefjast í lok árs 2016 og fyrirhuguð lokun er ekki fyrr en um mitt ár 2017.“

Í janúar á síðasta ári tilkynnti Actavis um sölu á sjö markaðssvæðum fyrirtækisins í Vestur-Evrópu til indverska fyrirtækisins Aurobindo. Söluverð í þeim viðskiptum, samkvæmt fjölmörgum erlendum fjölmiðlum, var 30 milljónir evra, sem samsvara tæplega fjórum og hálfum milljarði króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tilboð Alvogen álíka hátt. - kak



**„Við höfum lýst yfir áhuga á því að kaupa verksmiðjuna í Hafnarfirði en því miður hafa ekki náðst samningar.**

*Róbert Wessman*




## VEÐUR



Norðaustlæg átt á landinu í dag, yfirleitt 5 til 10 metrar á sekúndu. Skýjað og víða dálítil rigning eða súld. Hiti 6 til 17 stig, hlýjast vestanlands.

SJÁ SÍÐU 30

Alþingi afgreiðir fjölda mála á síðustu dögum þingstarfa áður en þingi verður frestað:

# Hvammsvirkjun komin í nýtingarflokk

**ALÞINGI** Umdeild þingsályktunartillaga um Hvammsvirkjun var samþykkt á Alþingi í dag án þess að breytingartillögur meirihlutans næðu fram að ganga. Þingmenn keppast nú við að afgreiða mál sem samkomulag er um og urðu þrettán frumvörp að lögum í dag og fimm þingsályktanir voru samþykktar.

Þing hefur ekki setið eins lengi og frá síðasta hausti allt frá árinu 1985 en síðustu vikurnar hefur verið deilt um nokkur stórmál sem tafið hefur að þing fari í sumarleyfi. Eitt þeirra 65 mála sem samkomulag varð um að klára var að Hvammsvirkjun fari í nýtingarflokk en breytingartillögur um aðrar virkjanir voru látnar víkja.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

„Það er mikill sigur fyrir þá umgjörð sem við höfum byggt með lögum hér í landinu um vernd og nýtingu náttúruverðmæta að stjórnarmeirihlutinn hefur dregið til baka breytingartillögur sem hann reyndi að hnoða hér í gegn þvert á lögbundna ferla," sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, við atkvæðagreiðslu um Hvammsvirkjun í dag.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, sagði málið snúast um hvernig þjóðin umgengist náttúruna.

„Í þessu máli viljum við að Þjórsá njóti vafans. Þar vega þyngst þau rök, þau málefnalegu rök sem hafa verið reifuð í þessari umræðu um villta laxinn. Sem er auðvitað auðlind sem ekki verður metin til fjár og við munum þess vegna leggjast gegn þessari tillögu."

- hmp



**BÆÐI MENN OG DÝR SVALA SÉR** Þessi hundur í Strassborg var búinn að fá nóg af hitamollunni og svalaði sér í gosbrunni í miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Miklar áhyggjur af öldruðum, börnum og sjúkum í Evrópu:

# Varúðarástand vegna hitabylgju

**EVRÓPA Varúðarástand ríkir í nokkrum ríkjum Vestur-Evrópu vegna mikillar hitabylgju sem ríður þar yfir um þessar mundir en víða er hitinn yfir 40 gráðum á Celsíus. Í gær var heitasti dagurinn í Bretlandi frá árinu 2006.**

**Á Portúgal og á Spáni hefur varúðarástandi verið lýst yfir en yfirvöld hafa miklar áhyggjur af eldri borgurum, börnum og sjúklingum. Viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar vegna þessa.**

**Í Frakklandi hafa opinber rými sem bjóða upp á loftræstingu verið opnuð og fólki er ráðlagt að halda sig innandyra og drekka nóg af vatni.**

**Árið 2003 reið yfir Evrópu álíka öflug hitabylgja sem er talin hafa átt þátt í dauða um 15 þúsund manns í álfunni.**

- srs

Úrskurðar fyrir 15. ágúst:

# Gerðardómur skipaður í gær

**KJARAMÁL** Hæstiréttur skipaði í gærmorgun gerðardóm til að úrskurða um kjör fólks í aðildarfélögum BHM, líkt og sagt er fyrir um í lögum sem Alþingi setti á verkfall BHM 13. júní síðastliðinn. Verkföll höfðu þá staðið í tíu vikur.

Formaður dómsins er Garðar Garðarsson hæstaréttarlögmaður, en meðdómarar hans eru Ásta Dís Óladóttir framkvæmdastjóri og Stefán Svavarsson endurskoðandi. Dómurinn á að skila niðurstöðu fyrir 15. ágúst.

- óká

Samningaviðræðum frestað:

# Semja á fyrir fyrsta október

**KJARAMÁL** Viðræðum SGS við bæði ríki og sveitarfélög hjá ríkissáttasemjara hefur verið frestað fram í miðjan ágúst.

Fram kemur á vef SGS að stefnt sé að því að ljúka samningum fyrir 1. október. Takist það gildi samningarnir afturvirkt frá 1. maí, eða síðan kjarasamningar hafi runnið út. Viðsemjendur SGS hafi óskað eftir frestun og við því hafi verið orðið, bæði vegna þess að niðurstöðu sé beðið í öðrum samningum og eins vegna sumarleyfa.

- óká






# Lúsmý bítur fleiri en sumarhúsaeigendur

Ný tegund bitmýs herjar nú á fleiri landsmenn en íbúa sumarhúsa í Kjós, en þeir hafa margir hverjir verið illa bitnir síðustu daga. Fólk í Mosfellsbæ og í Grafarvogi hefur lent í bitmýinu. Erling Ólafsson skordýrafræðingur rannsakar nú málið.

**SAMFÉLAG** „Sonur minn fór að kvarta yfir því í fyrradag að hann væri allur úti í biti og að hann klæjaði mikið. Þetta var skelfilegt en er þó að lagast núna eftir að ég bar á hann sterakrem," segir Inga Birna Erlingsdóttir, en fimmtán ára gamall sonur hennar, Adam Elí Inguson, lenti illa í nýrri tegund bitmýs á dögunum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að undarleg atvik urðu um síðastliðna helgi þegar lúsmý tók að herja á íbúa sumarhúsa í Kjós með þeim afleiðingum að margir hverjir voru illa bitnir.

Náttúrufræðistofnun Íslands er nú með málið til rannsóknar og samkvæmt Erling Ólafssyni skordýrafræðingi er ekki vitað til þess að slíkar atlögur hafi átt sér stað áður á Íslandi og er mögulega um nýja tegund mýs að ræða. Sérfróðir aðilar erlendis munu greina mýið á næstu dögum.

Nú virðist sem fleiri en sumarhúsaeigendur í Kjós hafi orðið fyrir barðinu á lúsmýinu og hefur Fréttablaðið fengið nokkrar ábendingar þess efnis. Fólk hefur orðið vart við mýið meðal annars í Mosfellsbæ og í Grafarvogi.

„Ég hef heyrt að það sé bara ekkert hægt að gera. Sonur minn var ekki sá eini sem var bitinn heldur náðu þær að bíta útlending sem er í heimsókn hjá okkur," segir Inga Birna, móðir Adams, en hann var bitinn á heimili þeirra í Mosfellsbæ. Inga segir að hún þekki fleiri dæmi þess að fólk hafi verið bitið í Mosfellsbæ.

„Nú verð ég að viðurkenna fáfræði mína og segja að ég hafi bara ekki



> **Þetta er frekar kaldhæðnislegt, en fólk verður bara að vona að veðrið verði ekki gott.**
>
> *Erling Ólafsson skordýrafræðingur*

hugmynd um hvernig þetta kom til landsins," segir Erling og bætir við að þó að sterkur grunur leiki á að um sé að ræða lúsmý sé ekki hægt að staðfesta það að svo stöddu. Lúsmý er ætt örsmárra mýflugna sem langflestar sjúga blóð úr öðrum dýrum, allt frá skordýrum til mannskepna. „Eina sem er sameiginlegt með lúsmý og moskító er blóðþorstinn," segir Erling, sem heldur að hugsanlega sé lúsmýið komið hingað til lands vegna hlýinda. „Þetta er frekar kaldhæðnislegt, en fólk verður bara að vona að veðrið verði ekki gott."

Olga Unnarsdóttir er ein þeirra sem hafa verið illa bitnir. Olga var bitin á heimili sínu í Grafarvogi. „Kláðinn er óbærilegur. Ég fann fyrir því hvernig litlar flugur voru að skríða á mér," segir Olga.

Þá eru tuttugu og fimm stúlkur í sumarbúðum KFUM og KFUK í Vindáshlíð með bit á líkamanum.

„Stelpurnar finna fyrir kláða og bitin eru sum hver upphleypt," segir Ásta Lóa Þórsdóttir, forstöðukona Vindáshlíðar, og bætir við að starfsfólk reyni að gera allt til þess að sporna við því að stelpurnar verði bitnar.

nadine@frettabladid.is



**FÓRNARLAMB LÚSMÝS** Olga Unnarsdóttir var bitin á heimili sínu í Grafarvogi aðfaranótt þriðjudags. MYND/OLGA

Tillögur ráðgjafa gera ráð fyrir að á þriðja tug stöðugilda verði lögð niður:

# 900 milljóna króna hagræðing

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Hafnarfjarðarbær áætlar að ná um 900 milljón króna hagræðingu á ári ef bærinn fylgir hagræðingartillögum sem ráðgjafarfyrirtækin Capacent og R3 unnu fyrir bæinn.

Skýrslan var unnin eftir að bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að vinna úttekt á rekstri bæjarins í fyrra. Þar kemur fram að framlegð til rekstrar sé of lág til að greiða niður skuldir en staða bæjarsjóðs Hafnarfjarðar þykir alvarleg og skuldahlutfall yfir viðmiðum um skuldahlutfall sveitarfélaga.

Meðal hagræðingaraðgerða eru breytingar á störfum bæjarins en 28 stöðugildi verða lögð niður. Fjórtán einstaklingum sem gegna þessum stöðum í dag verður boðin tilfærsla í starfi og fjórtán boðinn starfslokasamningur.

Meðal þeirra stöðugilda sem lagt er til að lögð verði niður eru stöðugildi á skrifstofu bæjarstjóra sem lögð yrðu niður í núverandi mynd. Þá verða störf íþróttafulltrúa og forvarnar- og æskulýðsfulltrúa sameinuð og starf sviðsstjóra skipulags- og byggingarstjóra lagt niður svo eitthvað sé nefnt.



**MIKIL HAGRÆÐING** Skuldastaða Hafnarfjarðar kallar á mikla hagræðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þá er ætlast til að ná fram umtalsverði hagræðingu með breytingum á reiknilíkönum vegna úthlutunar í grunn- og leikskóla auk þess að taka upp aðgangseyri í Hafnarborg og í Byggðasafn Hafnarfjarðar.

-srs




## Bílinn þinn upp í nýjan og við bætum um betur.

Það hefur sjaldan verið eins gaman að endurnýja bílinn. Þegar þú setur bílinn þinn upp í nýjan Volkswagen færðu sérstakan **uppfærslubónus*** sem fer stighækkandi eftir tegund. Notaðu þetta einstaka tækifæri til að fá þér nýjan Volkswagen og setja þann gamla upp í. Við metum hann og bætum um betur.

*Gildir til 31. 12. 2015.

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

## SPURNING DAGSINS



Ertu ekki léttur?

**Jú, og vel lestaður.**

Hrafnkell Á. Proppé er svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins. Nýtt háhraða almenningssamgöngukerfi er nú í undirbúningi og verður í því mögulega notast við léttlest.

Munu á ný taka upp formlegt stjórnmálasamband sem hefur legið niðri í tæp fimmtíu og fimm ár:

# Styðja ekki tjáningarfrelsisbrot Kúbverja

**BANDARÍKIN** „Seinna í sumar mun utanríkisráðherrann okkar, John Kerry, fara í opinbera heimsókn til Kúbu í þeim tilgangi að draga fána Bandaríkjanna að hún við sendiráð okkar í Havana á ný,“ sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, þegar hann tilkynnti í gær að Bandaríkjamenn og Kúbverjar hyggist opna á næstunni sendiráð í höfuðborgum landanna. Forsetinn ítrekaði þó að þetta þýddi ekki að Bandaríkin styddu við það sem hann kallaði tjáningarfrelsisbrot Kúbverja.

Ríkin höfðu í fyrra samið um að taka aftur upp formlegt stjórnmálasamband sem legið hafði niðri síðan 1961. Opnun sendiráðanna er stórt skref í því verkefni.

„Árangurinn sem hefur náðst í dag ber þess vitni að fortíðin þarf ekki að fangelsa okkur,“ sagði Obama.

Þjóðirnar tvær hafa frá árinu 1977 haldið úti útibúi í sendiráðum Sviss í höfuðborgum landanna tveggja sem hafa það að markmiði að gæta hagsmuna þeirra en ekki er um eiginleg sendiráð að ræða og hefur enginn opinber sendiherra verið í þeim útibúum.

Bandaríkjaforsetinn hitti Raul Castro, forseta Kúbu, í apríl síðastliðnum í Panama á fyrsta fundi forseta ríkjanna í hálfa öld. Í kjölfar fundarins fjarlægðu Bandaríkin Kúbu af lista sínum yfir lönd sem styðja hryðjuverk. - þea



**SAMSTARF** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, tilkynnti um opnun sendiráða ríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Jarðskjálftar á Reykjanesi:

## Eldey færð upp í gulan flokk

**NÁTTÚRA** Veðurstofa hefur, í samráði við Almannavarnir og Ríkislögreglustjóra, fært viðvörunarlit fyrir eldstöðina í Eldey úr grænum í gulan.

Gul viðvörun þýðir að virkni eldstöðvarinnar er yfir eðlilegum mörkum. Engin ummerki eru þó um eldsumbrot.

Mikil jarðskjálftavirkni hófst úti fyrir Reykjanesi á þriðjudagskvöld og hélt áfram fram eftir miðvikudegi. Öflugasta hrinan náði fimm gráðum á Richterskvarðanum. - srs



**SKERPIR Á STJÓRNSÝSLU** Illugi Gunnarsson mælti fyrir frumvarpinu.

Stofna Menntamálastofnun:

## Ný stofnun um menntamál

**MENNTUN** Alþingi samþykkti í gær lög um stofnun Menntamálastofnunar.

Menntamálastofnun mun koma til með að sinna hlutverki Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar.

Með því að fela einni stofnun þetta hlutverk er vonast til að auka sérþekkingu og efla gæði menntunar og stefnumótun í málaflokknum. Þannig skapast aukið svigrúm til að greina stöðu menntakerfisins og bregðast við með viðeigandi hætti. - srs



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kalla flest eftir breytingum

Breytingar á stjórnarskrá bar margoft á góma í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gærkvöldi. Bjarni Benediktsson sér fyrir sér að breyta megi ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur samhliða forsetakosningum á næsta ári.

### Við þurfum nýtt lýðræði



HELGI HJÖRVAR

„Við þurfum ekki nýtt Ísland við þurfum nýtt lýðræði,“ sagði Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, í upphafi ræðu sinnar. Hann sagði stjórnmálakerfið hafa brugðist þjóðinni og að breytingar á stjórnarskrá væru til þess fallnar að bæta stjórnmálamenningu á Íslandi. „Við þurfum að gera róttækar breytingar til bóta. Til að mynda tryggja rétt þjóðarinnar og minnihluta til þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði hann.

### Vill breytingar á stjórnarskrá



BJARNI BENEDIKTSSON

„Það er augljóst að við höfum misst sjónar á þessu mikilvæga hlutverki. Hvert okkar hefur vafalítið skoðun á því hverju er um að kenna eða hverjum er um að kenna,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um traust almennings á Alþingi. Hann vill opna á breytingar á stjórnarskránni samhliða forsetakosningum næsta ár. „Ljúka má endurskoðun þátta stjórnarskrárinnar hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslur.“

### Stjórnarandstaðan stóð vörð



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, teiknaði upp annan valkost við sitjandi ríkisstjórn. „Meðan sundrung og óeining hefur einkennt ríkisstjórnina hefur stjórnarandstöðunni tekist að vinna saman til að standa vörð um hagsmuni almennings,“ sagði hún og vísaði enn fremur til árangursríks samstarfs sömu flokka í borgarstjórn Reykjavíkur.

### Enn mörg verkefni til staðar



ÞÓRUNN EGILSDÓTTIR

„Leiðréttingin, ein stærsta efnahagsaðgerð síðustu ára er loksins komin til framkvæmda. Allt hefur staðist, staðið hefur verið við allar fjárhæðir og tímafresti. Þá hefur verið staðfest að þeir sem lægstar hafa tekjurnar fá mest,“ sagði Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. „Við höfum sýnt að við getum tekist á við stór verkefni, enn eru mörg verkefni til staðar. Íslenskt samfélag er samvinnuverkefni, vinnum saman.“

### Sögulegt tækifæri á næsta ári



RÓBERT MARSHALL

Forseti Íslands var Róberti Marshall, þingflokksformanni Bjartrar framtíðar, hugleikinn. „Hvernig getur einn maður breytt heilu embætti?“ spurði Róbert og kallaði eftir samfélagi þar sem skoðun og vægi allra, forseta eða óbreyttra borgara, væri metið jafnt. Hann horfir til næsta árs til að leggja grunn að breyttu samfélagi. „[Á næsta ári er] sögulegt tækifæri til að marka stefnu. Velja forseta og breyta stjórnarskránni,“ sagði hann.

### Meirihlutaræði ólýðræðislegt



HELGI HRAFN GUNNARSSON

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata, gagnrýndi meirihlutaræði stjórnarinnar. „Það liggur í augum uppi að ef meirihlutinn á einfaldlega alltaf að ráða í skjóli eins eða tveggja bókstafa frá kjósendum á fjögurra ára fresti, þá getur minnihlutinn, sem þó vegur um 40 prósent þingsins, alveg eins farið heim til sín eftir kosningar. Væri það málefnalegt? Væri það lýðræðislegt?“

stefanrafn@frettabladid.is




blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SUMAR TAX FREE

## ferðavörur, reiðhjól og trjáplöntur




## 30% afsláttur af garðhúsgögnum



Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Gildir 30. júní- 5. júlí meðan birgðir endast

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. *Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir forstjóri MP banka Straums?
**2.** Hvaða banki hættir að taka við innlendum ávísunum á næsta ári?
**3.** Hvenær hefjast viðræður stærstu aðildarfélaga BSRB við ríkið á ný?

**SVÖR:**
**1.** Sigurður Atli Jónsson.
**2.** Landsbankinn.
**3.** Í ágúst.

Umfangsmiklar árásir hryðjuverkasamtaka sem hliðholl eru Íslamska ríkinu í Egyptalandi síðustu daga:

# Varpa sprengjum á hermenn á Sínaískaga

**EGYPTALAND** Skæruliðasamtökin Sinai Province, sem hliðholl eru Íslamska ríkinu (ISIS), lýstu yfir ábyrgð á árásum á egypskar herstöðvar á Sínaískaga í gær. Árásir gærdagsins eru sagðar hafa orðið að minnsta kosti tíu hermönnum að bana en fréttastofa AP fullyrðir að um fimmtíu hermenn hafi látist.

Talsmaður egypska hersins, Mohamed Samir Abdel Aziz, sagði í gær að um sjötíu skæruliðar samtakanna hefðu ráðist á fimm herstöðvar á norðurhluta Sínaískaga. Talsmaðurinn sagði enn fremur að þrjátíu og níu skæruliðar samtakanna hefðu látist í árásunum.

Norðurhluti skagans á landamæri að Ísrael og Gasasvæðinu. Þar hefur herlið Egypta barist við herskáa íslamista árum saman en frá því herinn steypti Mohamed Morsi, úr flokki Bræðralags múslima, af stóli forseta Egyptalands hefur æ meiri hiti færst í átökin.

Sinai Province sóru Íslamska ríkinu hollustueið í nóvember en Íslamska ríkið hefur kallað eftir því að Ramadan, föstumánuður múslima, verði gerður að svokölluðum eldmánuði og hafa hvatt liðsmenn ISIS til sprengjuog sjálfsmorðsárása.

Síðan skilaboðin bárust fylkingum Íslamska ríkisins hefur verið ráðist jafnt á óbreytta borgara sem og herlið í Egyptalandi, Frakklandi, Kúveit og Túnis. **- þea**



**ÁRÁSIR** Herskáar sveitir hliðhollar ISIS hafa ráðist á herstöðvar í Egyptalandi undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP












**Á BLAÐAMANNAFUNDI VEGNA AFNÁMS HAFTA Í BYRJUN JÚNÍ** Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Lilja D. Alfreðsdóttir, alþjóðahagfræðingur og verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gagnrýna afslátt af leið stöðugleikaskatts

InDefence-hópurinn vill gera breytingar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um stöðugleikaskatt og -skilyrði. Stöðugleikaskilyrði eigi að vera jafngild 39 prósenta stöðugleikaskatti. Um 400 milljarða króna tekjumunur er sagður vera á leiðunum.

**ALÞINGI** InDefence-hópurinn vill að tryggt verði í frumvörpum til laga um stöðugleikaskatt og nauðasamninga fjármálafyrirtækja að stöðugleikaskilyrði sem eru í samningum við kröfuhafa föllnu bankanna jafngildi 39 prósenta stöðugleikaskatti. Þetta kemur fram í umsögn hópsins við frumvörpin.



**ÓLAFUR ELÍASSON**

Ólafur Elíasson, tónlistarmaður og einn þeirra sem rita undir umsögn hópsins, segir afstöðu InDefence hafa verið þá að þeir sem ábyrgir eru fyrir því tjóni sem þjóðfélagið hafi orðið fyrir vegna bankahrunsins, slitabúin, bæru kostnaðinn af þeim skaða, frekar en almennir borgarar landsins. Þetta sjónarmið segir Ólafur ekki virðast hafa orðið ofan á og að ríkisstjórnin hafi talið auðveldara að fara fram með markmið um stöðugleika, sem sé nokkurs konar framhald á samkomulaginu sem gert var við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS). „En um leið má koma fram að ríkisstjórnin er búin að ná ævintýralegum árangri umfram það sem til stóð og ástæða til að halda því til haga.“

Leið stöðugleikaskatts segir Ólafur að mati InDefence vera auðskiljanlega og að færa megi rök fyrir því að með henni séu almannahagsmunir varðir. Hins vegar séu margir ágallar á nauðasamningunum sem fylgja eigi stöðugleikamati sem enginn viti hvað feli í sér. Hópurinn setji sig þannig upp á móti því að Seðlabankinn einn geri svokallað stöðugleikamat. Sagan sýni að þótt Seðlabankinn njóti trausts þegar kemur að efnahagsmálum þá sé hann ekki óskeikull, svo sem með vanhugsaðri afstöðu til Icesave. „Hann byggir allt sitt á langtímamati sem hingað til hefur ekki oft staðist og þess vegna er fráleitt að láta þetta alfarið í hendurnar á Seðlabankanum.“

Í viðauka við álit InDefencehópsins, sem sent var Alþingi 30. júní, segir rétt að benda á að samþykkt nauðasamninga feli í raun í sér undanþágu frá fyrirhuguðum skatti og því eðlilegt að slík ákvörðun væri í höndum Alþingis.

Þá segir Ólafur að það eitt og sér hvað kröfuhafarnir hafi verið fljótir til að samþykkja nauðasamningana eigi að nægja til að vekja spurningar.

Um leið segir Ólafur gulltryggt að stöðugleikaskatturinn myndi halda fyrir dómstólum. „Alveg milljón prósent,“ segir hann og bendir á að ekkert slitabúa bankanna hafi í umsögnum sínum gert athugasemd við lögmæti skattsins.

Það sem Ólafur segist staldra við er af hverju þjóðin ætti á einhverjum tímapunkti að vera tilbúin til að gefa afslátt af hagmunum samfélagsins „gagnvart einhverjum kröfuhöfum sem telja sig eiga eitthvað hér“. **olikr@frettabladid.is**

## Mesti skattafsláttur Íslandssögunnar?

Tragíkómísk írónía af kaldhæðnustu sort er að ríkisstjórn undir forystu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar leggi til að Alþingi gefi kröfuhöfum föllnu bankanna kost á stærsta skattafslætti Íslandssögunnar. Þetta segir Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, á Facebook-síðu sinni og vísar til mismunar á þeim fjárhæðum sem fullur stöðugleikaskattur og samningar í takt við stöðugleikamarkmið skila ríkinu. Fullur 39 prósenta skattur fæli í sér að kröfuhafarnir greiddu ríkinu 862 milljarða króna. „Skatt af þeim toga, og stærðargráðu, er hægt að verja gagnvart innlendum og erlendum dómstólum að mati Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar,“ bendir hann á. Um leið sé gert ráð fyrir hjáleið þar sem slitabúin geti að uppfylltum skilyrðum sloppið við þennan skatt og greiði í staðinn stöðugleikaframlög. „Þarna munar hins vegar fáheyrðum upphæðum. Það er erfitt að meta hversu miklu „framlögin“ munu nema en Bjarni Benediktsson hefur sagt að sú leið færi ríkissjóði 450 milljarða. „Ef ríkisstjórnin segir að skattur upp á 862 milljarða haldi fyrir dómstólum, en er svo reiðubúin að gefa ríflega 400 milljarða afslátt frá honum þá þarf hún að skýra fyrir þinginu, þjóðinni, forseta Íslands ef því er að skipta — örugglega InDefence — hver ávinningurinn er af þeirri eftirgjöf,“ segir Össur og kveður ekki síður kaldhæðnislegt að afslátturinn til kröfuhafa sé fimmföld sú upphæð sem notuð hafi verið til að leiðrétta húsnæðisskuldir landsmanna. „Undir forystu formanns Framsóknar koma kröfuhafar semsagt út með fimm sinnum hærri „leiðréttingu“ en íslenskir húsnæðisskuldarar.“



ellingsen.is

Coleman

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**

# ALLT FYRIR FERÐALAGIÐ



Ertu að fara í útilegu?

**– 20% AFSLÁTTUR AF COLEMAN VÖRUM –**



**COLEMAN BERING**
6 manna tjald

**55.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.



**COLEMAN STÓLL**
Með örmum

**9.512 KR.**
VERÐ ÁÐUR 11.890 KR.



**COLEMAN DÝNA COMPACT MAT PLUS**

**11.192 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



**COLEMAN SALIDA/FRISCO BARNASVEFNPOKAR**

**6.392 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.



**COLEMAN SILVERTON 150 SVEFNPOKI**

**10.392 KR.**
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.



**COLEMAN SLING ÚTILEGUSTÓLL**

**8.712 KR.**
VERÐ ÁÐUR 10.890 KR.



**COLEMAN COMFORT**
Tvöföld tjalddýna

**8.792 KR.**
VERÐ ÁÐUR 10.990 KR.



**COLEMAN CPX LED LJÓS**
85-122 tíma ending

**5.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.



**COLEMAN DARWIN 2**
2ja manna tjald

**15.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.



**COLEMAN KÆLIBOX**
26 L

**8.712 KR.**
VERÐ ÁÐUR 10.890 KR.

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**7.800** veiðimenn hafa heimild til þess að veiða hreindýr hér á landi.

Reikisímtöl munu heyra sögunni til eftir júní 2017 samkvæmt samþykkt Evrópusambandsins:

# Kostnaðurinn verður ekki lengur á reiki

**UPPLÝSINGATÆKNI** Stofnanir Evrópusambandsins (ESB) samþykktu nú um mánaðamótin svokallaðan TSM-pakka (*Telecoms Single Market*) með fjölþættum breytingum á fjarskiptalöggjöf innan EES.

Fram kemur á vef Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) að markmiðið sé enn frekari samræming fjarskiptaumhverfis innan ESB og að það hafi áhrif hér gegnum EES-samninginn.

Helstu áhrifin eru sögð á sviði reikis og internetnotkunar. Reikisímtöl milli landa heyri sögunni til eftir júní 2017. Það þýði að þegar íbúar EES-svæðisins ferðast innan þess geti þeir hringt og tekið á móti símtölum, skeytum og notað gagnamagn á sömu kjörum og gildi á áskrift þeirra heima við, á meðan notkun sé innan eðlilegra marka. Útfærsla slíkra notkunarmarka verði unnin nánar í reglunum. „Þriðja reglugerð Evrópureikis er nú í gildi og átti að gilda til ársloka 2017, en TSM mun nú taka gildi í stað hennar.“ **- óká**



**Í SÍMANUM** Innan Evrópu mun fólk geta notað símann á sömu kjörum og í heimalandinu. NORDICPHOTOS/GETTY






**FRÁ ÞINGVÖLLUM** Fagmennska innan stéttarinnar verður að aukast og lögverndun starfsheitisins er liður í því að mati Félags leiðsögumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ófaglærðir leiðsögumenn að störfum

Margir ómenntaðir leiðsögumenn eru að störfum á Íslandi í dag. Fjöldi faglærðra leiðsögumanna hefur tvöfaldast frá hruni og eru nú um 900 manns í Félagi leiðsögumanna. Launin eru „fyrir neðan allar hellur“, segir stjórnarmaður í félaginu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjöldi fagmenntaðra leiðsögumanna á Íslandi hefur tæplega tvöfaldast frá hruni. Samt sem áður starfa of margir hér á landi við leiðsögn sem búa ekki yfir menntun til þess og fjöldi fyrirtækja reiðir sig á ómenntaða leiðsögumenn. Laun fagmenntaðra leiðsögumanna eru hræðileg að mati stjórnarmanns í Félagi leiðsögumanna.

Árið 2008 voru í Félagi leiðsögumanna 485 fagmenntaðir leiðsögumenn en eru nú rúmlega 900 og hefur fjölgað um 74 frá áramótum.

Kári Jónasson, stjórnarmaður í Félagi leiðsögumanna, segir ótrúlegar sögur af bæði erlendum leiðsögumönnum, sem illa eru að sér um staðhætti, og ómenntuðum íslenskum leiðsögumönnum hafa heyrst síðustu misseri. Miklu máli skiptir að ákveðin þekking sé til staðar og öryggi ferðamanna tryggt. „Það skiptir miklu máli að sýna fagmennsku og við viljum að leiðsögumenn þekki landið, fari um það af virðingu og sinni öryggishlutverki sínu. Hingað koma erlendir leiðsögumenn sem gera ekki greinarmun á helstu jöklum, ám og fossum og sum fyrirtæki reiða sig á ómenntaða leiðsögumenn,“ segir Kári.

Kári telur íslenska ferðaþjónustu breytast hratt í átt að því að veita starfsfólki heilsársatvinnu. Hér áður fyrr hafi menn hlaupið í störfin á sumrin en æ fleiri kjósa að starfa við ferðaþjónustu allt árið um kring. „Nú standa yfir kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins sem hafa staðið yfir í marga mánuði. Við höfum barist fyrir því að gera laun leiðsögumanna þannig að hægt sé að starfa við það allan ársins hring. Sífellt fleiri leiðsögumenn starfa allt árið um kring og okkar samningaviðræður beinast að því að gera þeim það kleift. Mánaðartaxti nú er um 270 þúsund sem er fyrir neðan allar hellur og flestir leiðsögumenn með háskólamenntun á einn eða annan hátt,“ segir Kári.

## FJÖLDI FAGMENNTAÐRA LEIÐSÖGUMANNA






> **Það skiptir miklu máli að sýna fagmennsku og við viljum að leiðsögumenn þekki landið ...**
>
> *Kári Jónasson, í stjórn Félags leiðsögumanna*

Markmið leiðsögumannafélagsins er að fá lögverndun á starfsheitið svo ákveðin fagmennska sé tryggð í faginu. „Það er mjög mikilvægt að fá lögverndun á starfsheitið og ákveðin trygging að einungis menntaðir einstaklingar geti kallað sig leiðsögumenn. Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði á sig mikla vinnu við að setja saman frumvarp sem hann lagði, með þingmönnum allra flokka, fyrir þingið nú í vor. Vegna anna verður það ekki að lögum nú en vonandi verður frumvarpið tekið fyrir á næsta þingi,“ segir Kári.

sveinn@frettabladid.is






# RAFLAGNADAGAR

Mikið úrval af innlagna- og rafmagnsefni á betra verði. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **lokað í júlí**



Verð frá:
**495 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Utan á liggjandi
**Litir:** Hvítt og brúnt



Verð frá:
**499 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Innlagnarefni
**Litir:** Hvítt og Silfur



Verð frá:
**995 kr.**
**ROFAR OG TENGLAR**
Rakaþolnir. IP44



Verð frá:
**2.569 kr.**
**HREYFISKYNJARAR**



Verð frá:
**179 kr.**
**BEYGJUR HÓLKAR OG DÓSIR**
Rofadós, 3ja stúta, **kr. 295**
Loftdós, **kr. 345**
Patent-dós, **kr. 179**



Passar í **ítalskar BTicino** dósir



Verð frá:
**195 kr.**
**INNLAGNAEFNI**
Grindur frá **195 kr.**
Rammar frá **299 kr.**
Tenglar frá **595 kr.**
Rofar frá **422 kr.**



Verð frá:
**4.930 kr.**
**GREINARTÖFLUR**
Greinartafla á mynd, **kr. 7.965**



Verð frá:
**64 kr. meter**
**ÍDRÁTTARVÍR**
Mikið úrval af ídráttarvír og köplum

Verð frá:
**1.706 kr.**
**INNLAGNAEFNI**
3ja rofa með grind og ramma
**Litir:** Svart, hvítt, grátt og gyllt

Passar í **ítalskar BTicino** dósir





**6.995 kr.**
**GREINARTAFLA, IP54**
4x greinar, **kr. 6.995**
12x greinar, **kr. 11.852**



Verð frá:
**699 kr.**
**CEE TENGLAR OG KLÆR**



Verð frá:
**1.295 kr.**
**NEOSET VARROFAR**
Eins póla, **kr. 1.295**
Tveggja póla, **kr. 1.995**
Þriggja póla, **kr. 2.995**



Verð frá:
**995 kr.**
**SJÁLFVÖR**
Eins póla, **kr. 995**
Tveggja póla, **kr. 1.695**
Þriggja póla, **kr. 1.995**



Verð frá:
**2.975 kr.**
**LEKASTRAUMROFI**
Tveggja póla, 25A, **kr. 2.975**
Tveggja póla, 40A, **kr. 3.595**

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

RAFVÖRUMARKAÐURINN

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN




HYUNDAI I10 Comfort.
Nýskr. 07/14, ekinn 50 þús. km.
bnesín, sjálfskiptur.
Rnr. 120705

Frábært verð!
1.890 þús.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/12, ekinn 105 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.890 þús.
Rnr. 120690.



TOYOTA YARIS SOL
Nýskr. 05/08, ekinn 77 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.390 þús.
Rnr. 102855.



NISSAN QASHQAI+2 SE 7 sæta
Nýskr. 10/11, ekinn 71 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.780 þús.
Rnr. 142927.



KIA RIO EX
Nýskr. 12/13, ekinn 13 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.690 þús.
Rnr. 102854.



CITROEN C4 COMFORT
Nýskr. 02/13, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.560 þús.
Rnr. 102858.



HYUNDAI IX35
Nýskr. 04/11, ekinn 120 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.850 þús.
Rnr. 142916.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


Upplýsingafulltrúi Icelandair segir hagkvæmni kannaða:

# Hagkvæmt að lenda í Keflavík

**SAMGÖNGUR** Icelandair hefur margoft á síðustu árum velt fyrir sér fyrirkomulagi leiðakerfis síns og telur hagkvæmast að lenda á Keflavíkurflugvelli.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að ríkið ætli sér að liðka til fyrir beinu flugi frá Akureyri og Egilsstöðum allt árið um kring og veita fjármagn í markaðssetningu flugvallanna.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir fyrirtækið hafa byggt þjónustu sína í kringum Keflavíkurflugvöll og að það sé hagkvæmast að fljúga á þann stað. „Okkar leiðakerfi felst einkum í hagkvæmum tengingum um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík og þar höfum við byggt upp okkar starfsemi. Við höfum skoðað möguleika á millilandaflugi til Akureyrar og Egilsstaða reglulega á undanförnum árum með þeirri niðurstöðu að halda okkur við Keflavík, með beinu flugi þaðan til Akureyrar yfir sumartímann. Án vafa verður þetta áfram kannað,“ segir Guðjón.

- sa



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON** Upplýsingafulltrúi Icelandair.

# Hvetur Grikki til að hafna samningnum

Forsætisráðherra Grikklands vill semja um nýja neyðaraðstoð eftir að kosið verður um samninginn sem liggur fyrir. Hann hvetur Grikki til að samþykkja ekki samninginn. Kanslari Þýskalands segir tilgangslaust að semja eftir atkvæðagreiðsluna.

**GRIKKLAND** Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, hvatti grísku þjóðina í gær til að hafna skilyrðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Evrópuráðsins fyrir nýrri neyðaraðstoð í þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin verður á sunnudaginn. Von hans er að í kjölfar atkvæðagreiðslunnar fáist hagstæðari samningur.

Meðal krafnanna sem um ræðir má nefna nýtt virðisaukaskattkerfi og stórfelldan niðurskurð í varnarmálum.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í ávarpi sínu til þýska þingsins í gær að það yrði tilgangslaust að halda áfram viðræðum við Grikki eftir atkvæðagreiðsluna.

Skoðanakannanir benda til þess að fleiri kjósi nei en já. Talið er að það gæti þýtt að Grikkir yfirgefi evrusvæðið og jafnvel Evrópusambandið. Ef fleiri kjósa já markar það líklega endalok ráðuneytis Alexis Tsipras og Syrisaflokksins.

„Þeir sem segja að höfnun myndi marka endalok þátttöku Grikklands í Evrópusambandinu eru lygarar,“ sagði Tsipras um málið í gær. Hann sagði höfnun frekar setja pressu á lánardrottnana um að mæta kröfum Grikkja um sanngjarnan samning.

Gamli samningurinn rann út á þriðjudag, sama kvöld og Grikkland fór í greiðslufall eftir að hafa ekki greitt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum af láni, fyrst ríkja með þróað efnahagskerfi.

Gríska ríkið skuldar fimmtíu og fimm sinnum meira en það íslenska samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins á tölum Seðlabanka Íslands, framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og BBC.

## SKULDIR GRIKKJA OG ÍSLENDINGA




GRIKKLAND
**181,7 %**
Hlutfall **skulda** af vergri **landsframleiðslu.**

ÍSLAND
**39,1 %**
Hlutfall **skulda** af vergri **landsframleiðslu.**

Grikkir eru um þrjátíu og fjórum sinnum fleiri en Íslendingar. Þannig skuldar hver Grikki um 4,3 milljónir en meðal-Íslendingurinn skuldar um 2,6 milljónir. Heildarskuldir Grikkja nema 47.371 milljarði króna en Íslendingar skulda um 861 milljarð.

Verg landsframleiðsla Íslands er einnig meiri á hvern íbúa en verg landsframleiðsla Grikklands. Hér er framleiðslan um 6,7 milljónir króna á hvern íbúa en í Grikklandi um 2,4 milljónir króna.

Úr þessum tölum má reikna að hlutfall skulda ríkjanna af vergri landsframleiðslu er mun hagstæðara á Íslandi. Grikkir skulda 181,7 prósent af sinni landsframleiðslu en Íslendingar 39,1 prósent. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn miðar við 110 prósent sem sjálfbært hlutfall fyrir ríki.

thorgnyr@frettabladid.is



> **Þeir sem segja að höfnun myndi marka endalok þátttöku Grikklands í Evrópusambandinu eru lygarar.**
>
> *Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands*

Varaþingmaður VG vill vita um fjölda endurkrafna Fæðingarorlofssjóðs:

# Fékk rukkun eftir fæðingarorlof

**ALÞINGI** Andrés Ingi Jónsson, varaþingmaður VG, vill vita hversu margar kröfur Fæðingarorlofssjóður hefur gert um endurgreiðslur frá orlofsþegum. Einnig hversu margar slíkar kröfur hafa verið staðfestar af úrskurðarnefnd.

Andrés segir að hvatinn að fyrirspurninni sé reynsla hans sjálfs af því að taka fæðingarorlof. „Ég fékk endurkröfubeiðni af því að ég hóf töku fæðingarorlofs í miðjum mánuði og alltaf þegar ég fer að nöldra yfir þessu við fólk á svipuðu reki þá finnst mér eins og rosalega margir hafi lent í þessu. Mjög oft feður sem byrja fæðingarorlof í miðjum mánuði,“ segir hann.



**ANDRÉS INGI JÓNSSON**

Andrés segist ekki viss um að margir viti af þessu fyrirkomulagi fyrir fram. „En eftir á held ég að þetta verði leiðinleg viðbót við tímabil sem er alveg frábært. Þá fær maður einhverja timburmenn hálfu ári eða ári seinna með einhverjum lögfræðibréfum frá sjóðnum.“

- jhh



**UNGABARN** Foreldrar hafa fengið endurkröfu frá Fæðingarorlofssjóði hálfu ári eða ári eftir töku orlofs.

NORDICPHOTOS/GETTY

25 milljónir til Bifrastar:

# Hlaut styrk til kennsluþróunar

**MENNTAMÁL** Háskólinn á Bifröst fékk styrk að upphæð 25 milljónir króna frá Erasmus+ til að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Þróun blandaðra kennsluhátta fyrir sameiginlega gráðu í viðskiptalögfræði“.

Um er að ræða verkefni til tveggja ára í samstarfi við lagadeildir háskólans í Árósum og Dyflinnarháskóla. Stefnt er á að skólarnir þrír bjóði upp á sameiginlega meistaragráðu í viðskiptalögfræði. - srs

Jóhannes Rúnar hafnar öllum ásökunum en þarf að grípa til varna fyrir undirrétti í Englandi:

# Máli Tchenguiz gegn Kaupþingi vísað frá



VINCENT TCHENGUIZ



JÓHANNES R. JÓHANNESSON

**DÓMSMÁL** Undirréttur í Englandi komst í dag að þeirri niðurstöðu að Vincent Tchenguiz gæti ekki höfðað mál gegn Kaupþingi þar í landi þar sem málshöfðunin væri brot á íslenskum lögum sem gilda um slitameðferð Kaupþings. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Kaupþingi og Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni.

Málavextir eru þeir að í nóvember 2014 höfðuðu Vincent Tchenguiz og tengdir aðilar dómsmál í Englandi gegn Kaupþingi hf., Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni hæstaréttarlögmanni sem á sæti í slitastjórn Kaupþings, Grant Thornton UK LLP og tveimur eigendum þess þar í landi. Kröfur Tchenguiz eru sagðar tilkomnar vegna meintrar aðkomu slitastjórnar Kaupþings að rannsókn breskra lögregluyfirvalda á Vincent Tchenguiz og bróður hans sem leiddu til húsleitar og handtöku hans í mars 2011. Vincent Tchenguiz gerði skaðabótakröfu sem hljóðar upp á 2,2 milljarða sterlingspunda, sem nemur ríflega 455 milljörðum íslenskra króna.

Kaupþing og Jóhannes Rúnar kröfðust í janúar frávísunar á þeim grundvelli að enskir dómstólar hefðu ekki lögsögu til að fjalla um málið. Stefnu Tchenguiz á hendur Grant Thornton var vísað frá í febrúar á þessu ári.

Þrátt fyrir að undirréttur hafi vísað frá máli Tchenguiz á hendur Kaupþingi í dag gildir ekki það sama um málið á hendur Jóhannesi Rúnari og mun efnismeðferð í málinu hvað hann varðar því fara fram ytra. - nej

Opnað á styrktarumsóknir:

# Úthluta fé til jafnréttismála

**JAFNRÉTTISMÁL** Forsætisráðuneytið óskar eftir umsóknum í Jafnréttissjóð.

Sjóðurinn gerir ráð fyrir að úthluta fimmtán milljónum úr sjóðnum í ár.

Sjóðnum er ætlað að auka rannsóknir á jafnréttismálum og bæta jafnréttisstöðu kvenna og karla.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti í lok sunnudagsins 23. ágúst 2015 og verður úthlutað úr sjóðnum á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2015. - srs



**AÐ FRÁ 2008** Forsprakkar Á allra vörum tileinka átakið nýju málefni ár hvert. MYND/AÐSENT

Á allra vörum gegn einelti:

# Bætt samskipti barna í kastljósi

**SAMFÉLAGSMÁL** Styrktarátakið Á allra vörum ætlar í september að standa fyrir landssöfnun gegn einelti.

Átakið ætlar að leiða saman krafta þjóðarinnar til að berjast fyrir bættum samskiptum barna og unglinga.

Á allra vörum er átak sem hefur verið starfandi frá árinu 2008 og velur eitt verkefni ár hvert til kynningar og fjáröflunar.

Í fyrra var átakið tileinkað málefnum þeirra sem glíma við geðsjúkdóma. - srs

Umferð um Víkurskarð:

# Aldrei fleiri farið skarðið

**SAMGÖNGUR** Umferð yfir Víkurskarð jókst um 6,6 prósent í júní miðað við sama mánuð í fyrra. Fjórtán prósenta aukning er á umferð um Víkurskarð frá áramótum.

Rúmlega 64 þúsund bifreiðar fóru um skarðið í júnímánuði en aldrei hafa svo margar bifreiðar keyrt þennan hluta hringvegarins í einum mánuði.

Ef umferðaraukningin sem af er ári helst óbreytt stefnir í að um 1.340 bifreiðar fari í gegnum skarðið á hverjum degi að meðaltali. Ný Vaðlaheiðargöng munu taka við umferð Víkurskarðsins þegar þau verða opnuð, árið 2018. - sa



**BORGARLÍNA** NÝTT HÁGÆÐA ALMENNINGSSAMGÖNGUKERFI




**BORGARLÍNA** Rauða línan er ein frumniðurstaða sem sýnir mögulega legu Borgarlínu. Gulu svæðin eru miðkjarnar og önnur samgöngumiðuð svæði þar sem aðgengi er gott.

# Svona gæti Borgarlínan litið út

Borgarlína, nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi, mun tengja kjarna sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Kortið sýnir mögulega leið Borgarlínu. Kortið var unnið eftir frumniðurstöðum sem sýndar eru í skýrslu verkfræðistofunnar Mannvits.




**SAMGÖNGUR** „Biðstöðvar verða í öllum skilgreindum miðkjörnum höfuðborgarsvæðisins. Það eru komnar mögulegar leiðir milli miðkjarna. Á þessu stigi eru leiðir skoðaðar bæði sem hraðvagna- og léttlestarkerfi,“ segir Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, um nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengja mun kjarna sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins, Borgarlínu.

Sveitarfélögin sjö á höfuðborgarsvæðinu vinna nú saman að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Þar er gert ráð fyrir Borgarlínu, léttlestar- eða hraðlestarkerfi sem mun mynda samgöngu- og þróunarás. Borgarlína mun flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.

Hrafnkell greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að ef vel tekst til í undirbúningsvinnu sem sveitarfélögin vinna, í samvinnu við Vegagerðina, gæti Borgarlína verið tilbúin til notkunar árið 2022.

Við mat á samgöngusviðsmyndum, sem verkfræðistofan Mannvit gerði, var miðað við að stofnkostnaður á fimmtán kílómetra léttlestarkerfi væri sextíu og fimm milljarðar króna og stofnkostnaður við fimmtán til tuttugu kílómetra hraðvagnakerfi væri þrjátíu milljarðar króna. Til þess að áætla kostnaðinn var stuðst við erlendar reynslutölur og nálganir þar sem aldrei hefur verið ráðist í gerð hágæðakerfis á Íslandi.

Ekki liggur fyrir hvort léttlestarkerfi eða hraðlestarkerfi verður notað en Hrafnkell segir ekki útilokað að báðar lestir verði notaðar.

„Til að viðhalda hraða er oft miðað við að um 800 metrar séu á milli stoppistöðva í hágæðakerfi almenningssamgangna en það er að sjálfsögðu háð aðstæðum hvort vegalengd Borgarlínu verði styttri eða lengri. Þó er mikilvægt að fjölda stoppistöðva sé stillt í hóf til að viðhalda hraðari yfirferð en í hefðbundnu strætisvagnakerfi,“ segir Hrafnkell.

nadine@frettabladid.is

## ➜ Möguleg akstursleið Borgarlínu

**LEGGUR 1**
Vellir – Fjörður
**LEGGUR 2**
Fjörður – Garðabær
**LEGGUR 3**
Garðabær – Hamraborg
**LEGGUR 4**
Garðabær – Smárinn
**LEGGUR 5**
Smárinn – Mjódd
**LEGGUR 6**
Mjódd – Elliðaárvogur/Ártúnshöfði
**LEGGUR 7**
Hamraborg – Miðbær (BSÍ)
**LEGGUR 8**
Hamraborg – Miðbær (Harpa)
**LEGGUR 9**
Miðbær – Seltjarnarnes
**LEGGUR 10** Elliðaárvogur/Ártúnshöfði – Miðbær (Harpa)
**LEGGUR 11**
Elliðarárvogur – Keldnaholt
**LEGGUR 12**
Keldnaholt – Mosfellsbær (Háholt)


TILBOÐ
öll rúm á 30-50% afslætti
Fáðu fría legugreiningu og faglega ráðgjöf þegar þú kaupir rúm
Allir aukahlutir á 30% afslætti með seld um rúmum/dýnum
Bjóðum uppá vaxtalausar rað-greiðslur til allt að 12 mánaða
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
Sími 544 2121 - www.rumgott.is




Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Kennurum umbunað:

## Duglegir fá hærri laun

Sænsk stjórnvöld hafa lofað að hækka laun kennara. Á vef samtaka kennara í Svíþjóð segir að 60 þúsund kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sem eru sérstaklega hæfir og áhugasamir í starfi, geti fengið launahækkun sem að meðaltali nemi 3 þúsundum sænskra króna á mánuði.

Um er að ræða kennara með réttindi. Þeir þurfa að uppfylla ýmis skilyrði, eins og t.d. að geta þróað kennsluaðferðir, bæði sjálfir og í samvinnu við aðra. - ibs

Borgarbókasafnið kynnir gestum nýja tækni og rafbækur:

## Bókasöfnin lána út lesbretti

Nú hefur Borgarbókasafnið hafið útlán á lesbrettum. Markmiðið með lánunum er að kynna gestum safnsins þessa tækni sem og rafbækur.

Á vef bókasafnsins segir að á lesbrettunum sé úrval bóka á íslensku og ensku, sem allar eru komnar úr höfundarrétti, og geri það safninu kleift að fara þessa leið.

Tekið er fram að íslensku bækurnar séu flestar valdar í samvinnu og samráði við aðstandendur www.lestu.is, en þar er að finna fjöldann allan af rafbókum.

Ensku bækurnar eru hins vegar héðan og þaðan af netinu. Með brettunum fylgja leiðbeiningar um notkun og listi yfir bækurnar. Brettin eru lánuð út í 30 daga eins og bækur. Bent er á að tilvalið sé að kippa þeim með sér í fríið.



**LESBRETTI** Brettin eru lánuð út í 30 daga.

Sumarlestur barna:

## Veglegur vinningur veittur

Bókasöfn standa fyrir sumarlestri barna í sumar eins og áður til að hvetja þau til að halda áfram að lesa eftir að skóla lýkur. Allir krakkar sem koma í bókasöfn Borgarbókasafnsins geta skrifað nafnið sitt á skutlu og skutlað henni upp í „skýin“ (net sem hangir í loftinu í barnadeildinni).

Í hverri viku er dreginn út einn heppinn þátttakandi sem fær bók í gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

# Ekki yfirheyra barnið eftir fríið

**Það getur verið erfitt fyrir skilnaðarbörn að gleðjast í fríi með pabba og nýju konunni hans og segja frá því ef þau óttast að mamma verði þá leið eða reið. Foreldrar þurfa að ýta neikvæðum tilfinningum til hliðar og tala jákvætt um hitt heimilið eða á hlutlausan hátt.**

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ibs@frettabladid.is

Börn foreldra sem hafa skilið eiga að fá að gleðjast í sumarfríinu sínu eins og önnur börn. Þau eiga ekki að þurfa að óttast að mamma eða pabbi yfirheyri þau þegar þau koma úr fríinu með hinu foreldrinu og verði leið eða reið þegar barnið segir að það hafi verið gaman.

„Börn eiga að fá að segja mömmu sinni frá sumarfríi sínu með pabba og nýju konunni hans eða segja pabba frá fríinu með mömmu og nýja manninum hennar án þess að fá samviskubit. Börnin eiga ekki að þurfa að upplifa neikvæðar tilfinningar foreldris í garð hins foreldrisins,“ segir Soffía Elín Sigurðardóttir barnasálfræðingur.

„Það á frekar að fagna því að barnið njóti samvista með hinu foreldrinu og gæta þess að ekki sé metingur. Foreldrar eru ólíkir einstaklingar. Heimilin eru ólík og þurfa ekki að vera eins. Þess vegna verður sumarfríið ekki eins. Börnin þurfa að fá að vita að það sé eðlilegt að heimilin séu ólík,“ tekur Soffía fram.

Hún segir mikilvægt að börn séu ekki yfirheyrð þegar þau koma úr fríinu. „Þegar börn koma úr umgengni á ekki að yfirheyra þau, heldur lofa þeim að lenda. Æskilegt er að gefa þeim svigrúm til að segja frá ef þau vilja svo að þau upplifi ekki höfnun eða reiði foreldrisins sem ekki var með í fríinu.“



> **Foreldrar þurfa að upplifa það sem jákvætt að stjúpforeldri vilji sinna barninu og vera gott við það.**
>
> *Soffía Elín Sigurðardóttir barnasálfræðingur*

Þess eru dæmi að börn taki á sig ábyrgð vegna vanlíðanar annars foreldris eða beggja í kjölfar skilnaðar, að því er Soffía greinir frá. „Það er alltof mikið álag á börnum. Þau hafa í raun ekkert með skilnaðinn að gera og eiga ekki að þurfa að lenda á milli eða taka stærsta skellinn.“

Soffía ráðleggur foreldrum að ýta neikvæðum tilfinningum til hliðar og tala annaðhvort jákvætt um hitt heimilið eða á hlutlausan hátt. „Foreldrar þurfa að upplifa það sem jákvætt að stjúpforeldri vilji sinna barninu og vera gott við það. Það getur verið erfitt fyrir barn að gleðjast yfir einhverju sem gerist til dæmis á heimili pabba ef það er hrætt um að þá verði mamma leið. Líðan barnsins getur farið eftir því hvernig talað er heima fyrir hjá því.“



**Í SUMARFRÍI** Fagna á því að börn njóti samvista með hinu foreldrinu og gæta þarf þess að ekki sé metingur. NORDICPHOTOS/GETTY

**TÍMAMÓTAVERK**
**Vegahandbókin í snjalltækin**




**Snjallsímaútgáfan fylgir bókinni**
- Yfir 3.000 staðir
- Þúsundir þjónustuaðila
- Kort sem sýnir staðsetningu
- Sía, notandi ræður hvaða þjónustumerki birtast
- Leit, hægt að leita eftir stöðum og þjónustu
- Bókamerki, hægt að geyma og safna stöðum
- Tungumál, íslenska, enska og þýska

**VERÐ KR. 5.490,-**
Hægt að skipta **gamalli bók** upp í **nýja** og fá **1.000,- kr. afslátt** af þeirri nýju **(aðeins í bókabúðum)**

**VEGAHANDBÓKIN ehf. • www.vegahandbokin.is**
Sundaborg 9 • 104 Reykjavík • Sími 562 2600

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT



Gæta þarf að ýmsu á ferðalagi:

## 6 góð ráð til að fá ekki magapest

1 Veldu drykki sem eru búnir til úr soðnu vatni, t.d. te og kaffi, kolsýrt vatn úr flösku með innsigluðu loki og bjór eða mjólkurdrykki frá þekktum framleiðendum. Fáðu þér drykki eða mat án klaka.

2 Ekki drekka kranavatn.

3 Borðaðu soðinn, bakaðan eða steiktan mat sem hefur verið matreiddur rétt áður en hans er neytt.

4 Skrældu sjálf/ur ávexti sem þú borðar.

5 Forðastu hráan fisk, hráan skelfisk, hráar eggjarauður, ferskt grænmeti sem vex niður við jörðu, eins og t.d. salatblöð og salöt með majónesi.

6 Gættu þess að fara ekki í sjóinn nálægt skólprörum og syntu ekki í sundlaugum nema í þeim sé klór.

***Heimild: Statens Serum Institut í Danmörku.***



**STURTA** Steypibaðið á morgnana á að vera hressandi. NORDICPHOTOS/GETTY

90 sekúndna prógramm:

## Rétt sturta bætir heilsuna

Það er hægt að draga úr streitu og bæta ónæmiskerfið, blóðstreymið og fitubrennsluna ef menn sturta sig rétt á morgnana. Þetta segir framkvæmdastjórinn Phil Dumontet í tímaritinu Entrepreneur.

Hann segir að áður en menn stíga út úr sturtuklefanum eigi þeir að setja í gang 90 sekúndna prógramm. Fyrst eigi að standa undir ískaldri bunu í 30 sekúndur þótt mönnum finnist það hryllilegt. Síðan á að standa undir eins heitri bunu og menn þola í 30 sekúndur og svo aftur undir ískaldri bunu í 30 sekúndur.

Dumontet vísar meðal annars í nýlegar vísindarannsóknir, þar á meðal í Finnlandi, máli sínu til stuðnings. - ibs

# Hafa skal það sem betur hljómar



muse

Flott FM Borðútvarp Bluetooth með NFC pörun. Aux inngangur og heyrnartólatengi. Gengur líka fyrir rafhlöðum. Kemur í svörtu og hvítu.

**Verð frá: 8.900,-**



Skullcandy

HESH2 heyrnartólin eru þráðlaus með bluetooth.

**Verð frá: 12.900,-**



Pioneer

DEH-4700BT Bíltæki
FM/LW og Bluetooth m. Hljóðnema
Geislaspilari/USB/Aux

**Verð: 29.900,-**



veho®

*Sportmyndavélar*

*NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku.*

TILBOÐ **Verð: 46.900,-**



Pioneer

DEH-1700UB Bíltæki
FM/LW
Geislaspilari/USB/Aux

**Verð frá: 18.300,-**



NINTENDO 3DS™

Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri.

**Verð frá: 39.900,-**



Pioneer

MX7 og MX9 heyrnartólin eru eingöngu fyrir þá sem hlusta á góða tónlist. **Verð frá: 23.900,-**

Strong SRT-8114 DVB-T

## Stafrænn móttakari f. RUV

Geymir allt að 1000 stöðvar. / USB afspilun og upptaka. / SCART, HDMI og loftnetstengingar. / Textavarp, barnalæsing, dagskrárstjóri og fleira. / Fjarstýring fylgir.



**Verð frá: 8.700,-**

Pioneer

XW-LF1-K/W
2x40mm full range hátalarar m. Dynamic Range Control.



**Verð: 29.900,-**



**Yoshi's Wooly World**

Þessi var að lenda!



Jamo

JAMO C97 eru einfaldlega með því allra besta þegar kemur að alvöru hátölurum.

**Verð: 143.800,-**



Pioneer

Flott 30W hljómtækjastæða m. Geislaspilara. FM útvarp m. 30 stöðva minni. MP3 og WMA stuðningur USB, AUX og loftnet Fjarstýring fylgir.

**Verð: 22.300,-**

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

ÚTIVIST
FJALLGÖNGUR



**HALIR OG HUNDAR Á GÖNGU** Reynir, Jakob Bjarnar og Ólafur voru í góðri fylgd sinna ferfættu vina í göngunni á Helgafell. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tekist á við tindinn með Reyni Trausta

Hvað í ósköpunum dregur þúsundir Íslendinga á fjöll reglulega? Hvers vegna hefur undanfarin ár ríkt hér sannkallað fjallgöngufár? Jakob Bjarnar reyndi að finna út úr því í góðum félagsskap Reynis Traustasonar og Ólafs Sveinssonar en þeir gengu á Helgafell nú í vikunni.

**Jakob Bjarnar Grétarsson**
jakob@frettabladid.is



„Neineinei, hérna stefnir í stórtískuslys,“ sagði Reynir Traustason, fyrrverandi ritstjóri, blaðamaður og rithöfundur, þegar útsendari Fréttablaðsins brölti út úr blaðamannadruslunni á bílastæði við Kaldársel ofan við Hafnarfjörð; í veiðijakka og golfbuxum. Greinilegt að ekki er sama hvernig menn mæta klæddir til leiks, ekki í fjallgöngugeiranum fremur en öðrum lífsstílstengdum fyrirbærum. Til stóð að klífa Everest Hafnarfjarðar: Helgafell. Og reyna að öðlast skilning á því hvað þetta er sem dregur fólk þúsundum saman á fjöll.

**Fjallgöngufár á Íslandi**

Sannkallað fjallgöngufár ríkir á Íslandi og hefur gert undanfarin ár. Erfitt er að meta það en líkast til eru í það minnsta tíu þúsund manns sem stunda fjallgöngur á Íslandi með einum hætti eða öðrum. Í Ferðafélagi Íslands eru nú skráðir sjö þúsund meðlimir og fjölmargir gönguklúbbar aðrir eru starfræktir. Og fólk arkar á fjöll þótt enginn sé klúbburinn. Undirritaður gengst fúslega við fordómum gagnvart fjallgöngum. Kannski á svipuðum nótum og Flosi Ólafsson heitinn gat aldrei skilið þetta sund: Maður er aldrei að fara neitt sérstakt. Forsenda fordóma er fáfræði og hugmyndin var að reyna að finna út úr því hvað er eiginlega í gangi? Og þá er bara að láta sig hafa það, fara í geymsluna og finna til gönguskóna.

**Ólíklegt efni í fjallagarp**

Reynir var því sá fyrsti sem mér datt í hug að hringja í til að takast á við þessa fjallafordóma mína og hann féllst góðfúslega á að ganga á Helgafell með mér. Á skömmum tíma hefur Reynir skapað sér nafn sem einn þekktasti fjallgöngumaður landsins. Ef einhver hefði reynt að segja mér það fyrir fimm árum, þá hefði ég afskrifað þann hinn sama sem rugludall. Ég starfaði með Reyni á árum áður, á Fréttablaðinu og þá um hríð á DV, og það kom mér stórkostlega á óvart að hann skyldi leggja þetta fyrir sig. Reynir var eiginlega erkitýpan af blaðamanni; kyrrsetu- og stórreykingamaður og alltof þungur í þokkabót. Hvað gerðist? Reynir segir þetta ekki lífsstíl heldur lífsspursmál, í sínu tilfelli. „Ég var farinn að undirbúa þetta árið 2010. Hætti að reykja í júní, þyngdist þá um 30 kíló. Ég varð að gera eitthvað. Var búinn að skipta út krabbameininu fyrir hjartaáfall.“

Og það vantaði ekkert upp á að Reynir væri sprækur að sjá þegar við hittumst þarna við Kaldársel. Greinilega í fantaformi, sem og fjallafélagi hans og vinur, Ólafur Sveinsson, starfsmaður Bláa lónsins, sem ætlaði að labba með okkur var mættur líka. „Einhver harðasti nagli sem ég þekki, gefst aldrei upp,“ segir Reynir um vin sinn – en þeir hafa bundist órjúfanlegum vináttuböndum eftir ævintýri á fjöllum. Þeir voru klárir í slaginn. Ég verð að viðurkenna að ég var taugaóstyrkur. Vissi ekki hvort ég hefði þolið og styrkinn sem þurfti. Út í hvað var ég búinn að koma mér?

**Óvænt fyrirmynd**

Gangan fór vel af stað og þeir félagarnir hættu fljótlega að hræða blaðamann, sögðu að þetta væri alger skemmtiganga, að fara á Helgafellið. Og Reynir ljóstrar því upp að hans helsta fyrirmynd í tengslum við fjallgönguna sé Sigurjón M. Egilsson. Ha?

„Já, hann veit ekkert af því. En upphaflega var hann mín helsta fyrirmynd, sá ágæti samstarfsmaður minn til einhverra ára. Ég sá að hann hafði verið að klífa fjöll og ég öfundaði hann allrosalega af þessu. Þetta var nokkrum árum áður en ég fór út í þetta. Og ég hugsaði að fyrst hann getur þetta, þá hlýt ég að geta þetta. Ósköp einfalt. Hann var sá sem kveikti hugmyndina um fjallgöngu og sáði þessum fræjum. Svo leiddi eitt af öðru,“ segir Reynir.

**Margir sigrarnir**

Allir vorum við með hunda sem kunnu einkar vel að meta gönguna sem sóttist furðu vel. Tveir staðir á leiðinni tóku þó verulega á, þá einkum læri og lungu. En, þeir fjallagarpar félagarnir voru tillitssamir við nýgræðinginn. Og gerðu þá stuttan stans. Strax þá var blaðamaðurinn farinn að átta sig á því hversu mikil og góð samheldni myndast milli manna á fjöllum. Enda dugar ekkert annað en að standa saman.

Reynir segir Mont Blanc hápunktinn á sínum fjallgönguferli, 4.810 metra hækkun. „Stórkostlegt að standa þarna og horfa yfir Evrópusambandið, en ekkert endilega stærsti sigurinn. Sigrarnir eru margir. Þú ert að tala um mann sem átti í erfiðleikum með að standa upp úr stól. Þegar þú ert 140 kíló er ekkert auðvelt að standa upp. Sigrarnir eru margir.“

**Sjáið tindinn, þarna fór ég**

Við tindinn var blaðamaðurinn orðinn fremur þrekaður en þeir félagarnir tóku sprett upp á topp síðustu metrana. Alveg í fantaformi. Þegar upp á tindinn var komið þuldu félagarnir upp kennileiti, fjöll sem sjá mátti frá Helgafelli. Við horfðum niður á eitt lítið í næsta nágrenni, Húsfell, sem þeir sögðu að væri „stolt“ Garðabæjar – bæjarfjallið þar. Og það gladdi Hafnfirðinginn. Einn kosturinn við fjallgöngur er að menn læra með tímanum að þekkja nöfnin á helstu kennileitum.

Fremur fátt var í fjallinu þegar lagt var upp en fljótlega fór að bætast í hópinn á toppi fjallsins og heilsuðust allir með virktum. Greinilegt er að Helgafellið er vinsæll áfangastaður. „Þú getur labbað í gegnum mannmergð, í Fjarðarkaupum, og ert ekki í neinni snertingu við fólkið. En á fjöllum talar þú við alla,“ segir Reynir. „Þar hafa svörnustu óvinir fallist í faðma. Ég hef labbað með nokkrum sem hafa verið á forsíðu DV, ekkert endilega mjög þægilega, en menn henda öllu slíku aftur fyrir sig og tala bara um blóm og steina. Í fjallgöngum myndast gríðarlega sterk vinabönd. Ég hef aldrei kynnst eins mörgum og á þessum fjórum árum síðan ég fór að ganga á fjöll,“ segir Reynir, kátur á toppnum.

Ekki var frítt við að þessi ganga hefði unnið verulega á fjallafordómum undirritaðs; Ólafur lýsir fjallgöngunni sem hreinsun, andlegri og líkamlegri, sem er kannski ekki fjarri lagi.

## Uppáhaldsfjöll Reynis



Reynir á fimm dagbækur þar sem hann skráir hverja einustu göngu. Hann hefur langoftast farið á Úlfarsfell, 850 sinnum, enda býr hann þar undir hlíðum og stutt er að fara. Hér fer listi yfir fimm uppáhaldsfjöll Reynis, en hann segir þetta afstætt og að listinn gæti litið allt öðruvísi út á morgun.

**1. HEKLA**
Það er eitthvað sem heillar, spenna, mun hún gjósa undir löppum manns?

**2. VÍFILSFELL**
Í landi Kópavogs.

**3. ÚLFARSFELL**
Heimafjallið mitt. Ég má ekki forsmá það.

**4. HELGAFELL Í HAFNARFIRÐI**
Er jarðfræðilegt undur, ekki ósvipað Vífilsfelli.

**5. ESJAN**
Með þúsund andlit. Alltaf að sjá eitthvað nýtt.

**visir.is**
Miklum mun nánar og ítarlegar verður greint frá þessari svaðilför á Vísi.


Khalidia ljósakróna
áður 12.990,-
NÚ 9.743,-
Barok ljósakróna
áður 16.990,-
NÚ 12.743,-
Loftljós kúla
ýmsir litir
34,5cm
áður 7.990,-
NÚ 5.993,-
Standlampi
áður 4.990,-
NÚ 3.743,-
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
AFSLÁTTUR 25% 25% AFSLÁTTUR
25%
Loftljós kúla
40cm
áður 12.990,-
NÚ 9.743,-
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
Standlampi - kúla
áður 6.990,- NÚ 5.243,-
ANTON&BERGUR
25% AFSLÁTTUR
AF LJÓSUM, PLASTDÚKUM OG SUMARVÖRUM
AFSLÁTTUR GILDIR 2.–8. JÚLÍ
Berisso stólar / 2 litir
áður 6.990,-
NÚ 5.243,-
Fiðrildaklemmur
áður 390,- NÚ 293,-
Hjarta
áður 3.990,-
NÚ 2.993,-
Hjarta
áður 2.990,-
NÚ 2.243,-
AFSLÁTTUR 25% 25% AFSLÁTTUR
25%
Flísaborð
VERÐ FRÁ 11.243,-
MEÐ AFSLÆTTI
Rimini stóll
áður 8.990,-
NÚ 6.743,-
Búdda stytta
áður 1.990,-
NÚ 1.493,-
Rimini borð
áður 15.990,- NÚ 11.993,-
MIKIÐ ÚRVAL AF FLÍSABORÐUM
the PIER
Plastdúkar
VERÐ FRÁ 1.118,-
MEÐ AFSLÆTTI
Bonze munkar
áður 1.290,- NÚ 968,-
Erum á Facebook • www.pier.is
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

Maraþonþingi er nú loksins að ljúka:

# Að sjá hlutina frá sjónarhóli annarra

Það hefur verið nokkuð áhugavert að fylgjast með störfum Alþingis þetta þingið. Ekki endilega áhugavert á jákvæðan hátt, en áhugavert engu að síður. Fyrir áhugafólk um mannlega hegðun hafa orð, framganga og hegðun þingmanna oft og tíðum kveikt vangaveltur um það fyrirkomulag sem við kjósum að hafa á þessari grunnstoð lýðveldisins okkar, sjálfri löggjafarsamkundunni. Því hvað sem okkur finnst um þingið og þingmenn þá verða þau lög sem við þurfum að fara eftir til á Alþingi.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Vinna alþingismanna felst í raun eingöngu í því að setja samfélaginu lög. Sem stjórnmálamenn verja þeir hluta tíma síns í samtal við kjósendur sína, en launin fá þeir fyrir eitt og aðeins eitt; að vinna í lagafrumvörpum og þingsályktunartillögum. Og hvað sem okkur finnst um lög, bæði almennt og um einstök lög, þá eru þau sá rammi sem dreginn er utan um samfélag okkar.

Og nú er þessu þingi loks að ljúka, rúmum mánuði síðar en lög gerðu ráð fyrir. Einhverjir þingmenn hafa rætt um að nauðsynlegt sé að draga lærdóm af stöðunni en, og kannski þarf það ekki að koma á óvart, eru ósammála um hvaða lærdómur það á að vera. Stjórnarliðar tala fyrir því að möguleikar stjórnarandstöðunnar til að tefja fyrir málum verði takmarkaðir, en stjórnarandstæðingar tala fyrir því að böndum verði komið á meirihlutaræði.

Það er lítill frumleiki fólginn í því að benda þingmönnum á að vandinn liggi hjá þeim sjálfum. Það hafa þeir sjálfir verið duglegir við að gera. Og það er heldur ekki líklegt til árangurs, eða neitt sérstaklega skemmtilegt, að sitja á hliðarlínunni og predika yfir öðru fólki um það hvernig það ætti að hegða sér.

Það ætti kannski að vera helsti lærdómur allra sem á þingi eru; að setja sig betur í spor þeirra sem eru andstæðrar skoðunar. Ráðherrar í ríkisstjórninni ættu að velta því fyrir sér hvernig þeim hefði líkað að vera óbreyttir þingmenn í þeirri stöðu að þingmál væru boðuð í fjölmiðlum en ekkert bólaði á þeim á þingi, löggjafarsamkundunni, og þegar þau kæmu loks eftir dúk og disk væri ætlunin að keyra þau áfram. Þingmenn stjórnarliða ættu að velta því fyrir sér hvernig þeim líkaði að vera í stjórnarandstöðu og mál tækju stórfelldum breytingum í þingnefndum, jafnvel mál frá ráðherrum og jafnvel á síðustu metrunum. Og þingmenn stjórnarandstöðunnar ættu að velta því fyrir sér hvernig þeim líkaði það að vera í stjórn og komast ekkert áfram með málin sín þar sem stjórnarandstæðingar stöðva þau.

Þeir eru raunar allmargir þingmennirnir sem þurfa ekkert að setja sig í þessi spor, þeim dugar smá upprifjun. Þótt staðan sé óvenju slæm þetta þingið mátti finna svipaða stöðu á síðasta kjörtímabili þar sem leikendur voru í öðrum hlutverkum; núverandi stjórnarliðar í stjórnarandstöðu og öfugt.

Þrískipting ríkisvaldsins á að vera nokkuð skýr og það er Alþingis að setja lög. Til þess að það gangi sem best þurfa allir að virða það hlutverk.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?
Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.



Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 90 milljarða hugmyndin

Reykjavíkurborg hefur nú kynnt fyrirætlanir um uppbyggingu léttlestarkerfis. Lestirnar munu flytja farþega um höfuðborgarsvæðið þegar fram sækir. Hingað til hefur þjónustunni verið sinnt af strætisvögnum með ágætum árangri. Greint hefur verið frá því að uppbygging léttlestakerfisins sé áætluð um 90 milljarðar króna. Blaðamaðurinn Andrés Magnússon lýsti kannski fáránleikanum ágætlega á fésbókarsíðu sinni: „Dagur B. ætlar greinilega enga sjensa að taka, honum SKAL takast að breyta Reykjavík í Aþenu norðursins."



### Furðulegt val á viðfangsefni

Þingmenn eru stundum gagnrýndir fyrir það að verja tíma sínum ekki nógu vel. Eitt þekktasta dæmið var kannski þegar þingmenn ræddu frumvarp Sigurðar Kára Kristjánssonar um sölu áfengis í einkareknum verslunum fljótlega eftir að neyðarlögin voru lögð fram. Slíkt frumvarp var lagt fram að nýju í vetur. Nú, þegar einungis örfáir dagar eru eftir af þinginu, hefur verið ákveðið að það hljóti ekki afgreiðslu sökum tímaskorts. Í gær, þegar þrír starfsdagar voru eftir, ræddu þeir um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna. Dæmi svo hver fyrir sig hvort þeim tíma hafi verið vel varið.



### Ósáttur ráðherra

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sakaði blaðamenn Fréttablaðsins í gær um liðsinni við stjórnarandstöðuna á Alþingi. Ástæðan er sú að forsætisráðherrann er ekki sáttur við það hvernig blaðamennirnir skrifa um leiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Hversu dásamleg sem forsætisráðherranum finnst leiðréttingin vera þá er hún annmörkum háð í grundvallaratriðum. Hún er í eðli sínu ríkisvæðing einkaskulda. Hún er aðstoð við tiltekinn hóp borgaranna (fasteignaeigenda) á kostnað allra skattgreiðenda (þar á meðal leigjenda).

jonhakon@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fólk og fjármagn

STJÓRNMÁL



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Miklar pólitískar hræringar hafa orðið eftir efnahagskreppuna, ekki einungis á Íslandi heldur um alla Evrópu. Sumir vilja nú meina að vinstri og hægri séu ekki lengur gild hugtök í pólitísku landslagi samtímans. Ég er ósammála því. Fyrir mér snúast átök vinstri og hægri um átök fólks og fjármagns. Þar er hlutverk vinstrimanna að vera þjónar fólksins; stuðla að almannahag í öllum sínum störfum en þjóna ekki aðeins fjármagninu.

Fjármagnsöflin hafa náð æ sterkari tökum á samfélaginu seinustu áratugi. Það hefur til dæmis gerst með einkavæðingu almannaþjónustu, regluverk hefur verið sniðið að þörfum stórfyrirtækja og lýðræðislega kjörnir fulltrúar hafa veigrað sér við að stíga mikilvæg skref, t.d. til að sporna gegn loftslagsbreytingum, til að styggja ekki stórfyrirtæki. Núna þegar Grikkir standa frammi fyrir örlagaríkum ákvörðunum um framtíð sína er mikilvægt að hafa í huga að það er stjórnmálamannanna að tryggja að fólkið sjálft ráði framtíð sinni, ekki einvörðungu stórfyrirtæki og fjármagnsöfl.

Þessi átakalína gæti dýpkað enn í framtíðinni. Þegar eignir og auður safnast á æ færri hendur mun að sjálfsögðu verða tekist á um þann ójöfnuð og misrétti. Ríkasta eina prósent heimsins á nú þegar helming alls auðs mannkyns. Ríkustu tíu prósent Íslendinga eiga meira en 70% alls auðsins þannig að þróunin hefur verið sú sama hér á landi. Það er eðlilegt að almenningur berjist gegn þessu ranglæti. Á sama tíma mun almenningur þurfa að takast á við loftslagsbreytingar þar sem erfiðara verður en áður að nýta auðlindir jarðar til að sjá öllum farborða.

Ef við viljum aukna sátt og velsæld í samfélaginu ætti það að vera brýnasta verkefni stjórnmálanna að endurútdeila auðæfum. Taka afstöðu með fólki gegn fjármagnsöflum þannig að auðæfin dreifist með jafnari hætti, almannahagur verði tryggður og um leið almenn hagsæld því aukinn jöfnuður og öflugt velferðarkerfi tryggja hana. Á sama tíma þarf að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda til þess að skapa traustan grunn til framtíðar.

Um þetta snúast hugmyndafræðileg átök samtímans. Hvort sem við köllum þau átök hægri og vinstri eða átök fólks og fjármagns. Þar þarf leiðarljósið að vera almannahagur en ekki hagur fjármagnsaflanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skin og skúrir í Evrópu



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor

Evrópusambandið hefur ekki fengið góða pressu að undanförnu. Því veldur einkum ástandið í Grikklandi þar sem mætast stálin stinn.

Forsaga málsins er að Grikkir tóku allt of mikið erlent fé að láni. Með öðrum orðum: Bankar, einkum þýzkir bankar, og aðrir lánuðu Grikkjum allt of mikið fé. Frekar en að láta bankana sætta sig við „klippingu“ – þ.e. endurgreiðslu að hluta – svo sem algengt er, ákváðu þýzka ríkisstjórnin og þríeykið – ESB, Seðlabanki Evrópu og AGS – að láta evrópska skattgreiðendur leysa bankana úr snörunni og losna þannig við þá úr samningaviðræðum við Grikki. Þannig snerist gríska kreppan upp í samningaviðræður milli fulltrúa grískra skattgreiðenda annars vegar og skattgreiðenda í öðrum ESB-löndum hins vegar. Það var misráðið.

Í samningum er erfiðara að takast á við fulltrúa skattgreiðenda en fulltrúa banka með fullar hendur fjár. Þessari skyssu ber þýzka ríkisstjórnin höfuðábyrgð á. Henni ber að axla þá ábyrgð með því að leysa Grikki úr snörunni. Skáki Þjóðverjar Grikkjum út úr ESB mun það taka þýzku ríkisstjórnina mörg ár að vinna upp álitshnekkinn í augum umheimsins. ESB er sameiginlegt heimili allra fúsra Evrópulanda. Grænland er eina landið sem hefur sagt sig úr ESB. Grikkir kjósa helzt að fá að vera þar áfram í friði með evrunni og öllu saman.

Grikkland er ekki eitt á báti meðal evrulanda í kröggum. Írar lentu í miklum erfiðleikum vegna eigin óráðsíu, og það gerðu einnig Ítalir og Spánverjar sem búa nú við þrúgandi atvinnuleysi. Vandræði þessara landa minna okkur á að evran er engin allsherjartrygging fyrir stöðugu efnahagslífi. Veldur hver á heldur.

**Hin hliðin á myntinni**

Vert er að muna að ýmsum öðrum ESB-löndum hefur vegnað býsna vel að undanförnu. Eystrasaltslöndin þrjú; Eistland, Lettland og Litháen, hafa staðið af sér storsjói. Eistar nota evruna nú þegar og Lettar og Litháar bíða færis eins og Pólverjar að taka upp evruna og leggja eigin þjóðmyntir til hliðar. Ekkert þessara landa lét óveður síðustu ára hnika sér frá fastgengisstefnu sinni, heldur neyttu þau annarra ráða til að bregðast við skakkaföllum. Lettar tóku t.d. á sig verulega launalækkun frekar en að fella gengi gjaldmiðilsins og tefja þannig fyrir upptöku evrunnar. Stuðningur almennings við áframhaldandi aðild að ESB í þessum löndum er mikill eins og áður.

**Finnland og Svíþjóð**

Evran er samt ekkert úrslitaatriði fyrir efnahag ESB-landa. Aðildarlönd eru að vísu skuldbundin til að taka upp evruna nema þau hafi eins og Bretar og Danir samið sérstaklega um undanþágur frá evrunni. Þannig eru Svíar lögformlega í millibilsástandi. Þeir skuldbundu sig við inngönguna í ESB 1994 til að taka upp evruna, en réttur tími er ekki enn runninn upp. Evrunni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Svíþjóð 2003. Danir (og þá um leið Færeyingar!) nota evruna í reynd, þar eð gengi dönsku krónunnar hefur verið haldið svo að segja blýföstu gagnvart evrunni frá upphafi og gengi færeysku krónunnar er ein dönsk.

> Finnar tóku upp evruna strax í öndverðu og Svíar ekki. Samt hefur hagþróun beggja landa mörg undangengin ár verið svipuð.

Fróðlegt er að bera saman reynslu Finna og Svía. Löndin tvö eru um margt býsna lík, nánast eins og tvíburar að öðru leyti en því að Finnar tóku upp evruna strax í öndverðu og Svíar ekki. Samt hefur hagþróun beggja landa mörg undangengin ár verið svipuð. Það færir okkur heim sanninn um að evran er hvorki upphaf né endir góðs gengis í efnahagsmálum.

**Sviss og Austurríki**

Aðild að ESB er ekki heldur úrslitaatriði fyrir efnahagsþróun Evrópulanda. Samanburður Sviss við Austurríki ber vitni. Sviss er ekki einu sinni aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Aðild Sviss að EES var felld í þjóðaratkvæði 1992. Svisslendingar lögðu þá umsókn sína um aðild að ESB á ís þar sem hún hefur legið æ síðan. Austurríkismenn gengu á hinn bóginn í ESB um leið og Finnar og Svíar 1994 og tóku upp evruna um leið og hægt var. Samt er enginn sýnilegur munur á efnahagsþróun Sviss og Austurríkis undangenginn aldarfjórðung. Kaupmáttur tekna á mann í Sviss var þriðjungi meiri en í Austurríki 1990 og er enn.

Mörgum finnst að Svisslendingar eigi heima í ESB þar sem þeir njóta hagræðisins af uppgangi Evrópu síðustu áratugi og leggja samt lítið af mörkum á móti líkt og laumufarþegi á skipsfjöl. Öðrum finnst eðlilegt að Svisslendingar fylgi eftir hlutleysi sínu í báðum heimsstyrjöldum með því að standa utan ESB.

# Rafmagnað jafnrétti



JAFNRÉTTI
Halla Hrund Logadóttir
framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans við HR og ráðgjafi hjá Harvard háskóla

Við erum stödd í Tógó árið 2009. „Gjörðu svo vel“, segi ég við tógósku „systur“ mína og rétti henni fartölvuna mína. „Nýttu þetta nú sem allra best fyrir þig og þína.“ „Takk,“ segir hún og brosir hringinn.

Þetta er mér góð minning. Minning um að gefa gjöf sem gat breytt miklu fyrir viðtakanda, í landi þar sem lífsgæði eru takmörkuð. Skapað aðgang að þekkingu og menntun. Notkun tölvunnar reyndist þó vera vandkvæðum bundin því ekki var sjálfsagt að komast í rafmagn til að hlaða hana.

**Hinn rafmagnslausi veruleiki**

Þessi saga er alls ekki einstök – hún er veruleiki margra í Tógó. Árið 2010 höfðu einungis um 35% íbúa í landinu aðgang að rafmagni og svipaða sögu er að segja frá mörgum þróunarríkjum.

Störf kvenna í mörgum þessara landa eru oft að miklu leyti bundin við heimilið. Þvottur, þrif og eldamennska skipa gjarnan stóran sess, eins og hjá hinni tógósku „móður“ minni. Verkefnin eru yfirleitt knúin af handafli og tímarammi þeirra stýrist oft af dagsbirtu.

**Rafmagn og efling stöðu kvenna**

Nú á dögum hugsum við sjaldnast um það hversu mikið rafmagn eflir okkur í daglegu lífi í gegnum tækni og þekkingu sem það veitir okkur aðgang að. Án rafmagns er allt stopp.

Við tengjum rafmagn enn sjaldnar við jafnrétti kynjanna. Staðreyndin er þó sú að aðgangur að rafmagni og rafmagnsknúnum tækjum hefur í áratugi hjálpað konum á Vesturlöndum að fá tíma frá „hefðbundnum hlutverkum“ til að sækja störf og menntun utan heimilisins – og efla þannig stöðu sína í samfélaginu. Í Bandaríkjunum er t.d. oft rætt hvernig rafmagnsknúna þvottavélin veitti konum sveigjanleika til vinnu utan heimilis og þar með aukin fjárráð.

**Margslungið samband**

Þótt aðgangurinn að rafmagni gagnist báðum kynjum og samfélögum í heild er sambandið á milli rafmagns og eflingu kvenna í vanþróaðri ríkjum margslungið eins og SÞ, OECD og fleiri fjalla um.

Að spara tíma við heimilisstörf til að geta sinnt öðrum verkefnum utan heimilisins er eitt. Að geta leitað upplýsinga og þekkingar í gegnum útvarp, sjónvarp og internetið til að berjast gegn kúgun er annað. Einnig lengir rafmagn daginn þar sem lýsingu skortir og getur aukið öryggi kvenna sem vilja sækja þjónustu eða vinnu utan heimilisins. Að auki getur rafmagn haft áhrif á heilsu kvenna, en mengun innandyra sökum notkunar eldiviðar og lífræns úrgangs til hitunar og eldamennsku er stórt heilsufarsvandamál í mörgum fátækari löndum.

**Ísland leiðandi á heimsvísu**

Að undanförnu höfum við á Íslandi fagnað 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna með ýmsum viðburðum. Einn af þeim var ráðstefnan WEinspirally sem haldin var á dögunum. Þar voru fluttir frábærir fyrirlestrar af ýmsum leikmönnum á Vesturlöndum sem deildu sinni sýn á hvernig hægt er að stuðla að frekari þátttöku kvenna, s.s. auka fjölda þeirra í framkvæmdastjórastöðum.

> ➜ Heilt á litið er mikilvægt í jafnréttisumræðunni að hugsa á skapandi hátt hvernig við getum lagt baráttu annarra kvenna í heiminum lið.

Orðræða ráðstefnunnar sýndi hversu margt hefur áunnist á Íslandi í jafnréttisbaráttunni, og þótt veruleikinn sé ekki enn þá fullkominn er Ísland leiðandi á heimsvísu á þessu sviði.

**Orku- og jafnréttismál: Samlegðaráhrif?**

Árangur Íslands á sviði jafnréttismála er að mörgu leyti sambærilegur árangri okkar í orkumálum. Við erum þekkt á báðum sviðum sem veitir okkur trúverðugleika og áhrif.

Mögulega gæti Ísland náð fram samlegðaráhrifum þegar við beitum okkur á þessum tveimur sviðum um erlendis s.s. í gegnum utanríkisþjónustu og einkaverkefni. Stöldrum við og hugsum hversu mikill fjöldi kvenna gæti notið þess ef orkuverkefni í vanþróaðri löndum væru hugsuð að einhverjum hluta, með eflingu kvenna í huga. Aðgengileg orka gæti breytt stöðu systur minnar í Tógó og fjölda annarra.

**Deilum ávöxtunum: Lítum okkur fjær**

Heilt á litið er mikilvægt í jafnréttisumræðunni að hugsa á skapandi hátt hvernig við getum lagt baráttu annarra kvenna í heiminum lið. Þar hafa íslenskar konur og íslenskt samfélag svo sannarlega margt fram að færa. Ræktum garðinn heima en lítum okkur ekki síður fjær.



# Fjölbreytni í laganámi

MENNTUN



**Magnús Smári Smárason**
laganemi við Háskólann á Akureyri

Í leiðara í Fréttablaðinu frá 27. júní fjallar Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri blaðsins, um hættuna á því að laganemar á Íslandi séu allir steyptir í sama mót og af því hljótist að „lítil gerjun verði í faglegri umræðu“. Ábending Kristínar um að „Laganám á Íslandi hafi oft verið gagnrýnt fyrir íhaldssemi og skort á hagnýtri nálgun“ á að nokkru rétt á sér en þó er vert að vekja athygli á þeirri þróun sem orðið hefur í laganámi á Íslandi.

Á liðnum árum hefur orðið veruleg breyting á þeim kröfum sem gerðar eru til íslenskra lögfræðinga. Þjóðaréttur, Evrópuréttur, mannréttindi og stjórnsýsluréttur eru réttarsvið sem hafa fengið aukið vægi miðað við það sem áður var. Réttarheimspekin, grundvöllur lögfræðinnar í heimi fræða og vísinda, hefur að auki gengið í endurnýjun lífdaga. Breytingar sem þessar kalla óhjákvæmilega á fjölbreyttara námsframboð og nýjar nálganir.

Í dag eru starfandi fjórar lagadeildir við háskóla landsins, hver deild með sínar áherslur og er það vel. Við lagadeild Háskólans á Akureyri er skipulag og námstilhögun með nokkuð öðru móti en við aðrar lagadeildir hérlendis. Námið hefur frá upphafi verið skipulagt með hliðsjón af viðmiðum Bologna-fyrirkomulagsins þ.e. í grunnnám (B.A.) og meistaranám (M.L.). Grunnnámið tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur í lagakennslu í Evrópu á liðnum 15-20 árum og er megináhersla lögð á fræðilega þætti lögfræðinnar sem og þjóðarétt, samanburðarlögfræði, réttarsögu og réttarheimspeki. Segja má að B.A.-námið sé þriggja ára lögfræðileg heimsreisa þar sem farið er um víðan völl fræðanna. Að því loknu geta þeir sem vilja haldið áfram og hafið nám á meistarastigi þar sem tekist er á við hefðbundnar greinar íslensks réttar.

### Sótt fram

Í grunnnámi við lagadeild Háskólans á Akureyri miðar námið að því að tryggja að nemendur öðlist þekkingu og nái góðu valdi á þeim greinum sem nauðsynlegar eru til að takast á við lögfræðileg viðfangsefni og álitamál. Einstakir þættir almennrar lögfræði, s.s. réttarheimildarfræði, lögskýringar og kennileg lögfræði, (aðferðafræði lögfræðinnar), eru kenndir í samfellu þótt hver og ein grein sé kennd á sérstöku námskeiði. Meginlandsréttur sem og fordæmisréttur eru á sínum stað og á þeim þremur skólaárum sem það tekur að ljúka B.A.-náminu er u.þ.b. þriðjungur námskeiða kenndur á ensku. Það má því segja að hið almenna komi á undan hinu sértæka eins og tíðkast í öðrum námsgreinum.

Útskrifaðir laganemar úr grunnnámi við Háskólann á Akureyri hafa sótt fram á ýmsum sviðum fræðanna. Flestir hafa lokið M.L.-gráðu í lögfræði, aðrir farið í meistaranám í alþjóðasamskiptum, stjórnmálafræði og skyldum greinum. Þó nokkur hópur hefur að loknu M.L.-námi haldið áfram við skólann og lokið L.LM.-gráðu í heimskautarétti og enn aðrir eru að hefja doktorsnám í lögfræði.

Nú sem fyrr er það svo að góð lögfræðimenntun gagnast þeim sem yfir henni býr og svo mun verða á meðan mannfólkið óskar eftir að búa í lýðræðislegu samfélagi þar sem mannréttindi eru og vörður er staðinn um réttarríkið.

# Heimaþjónusta fyrir eldri borgara er framtíðin

HEILBRIGÐISMÁL



**Fríða Hermannsdóttir**
hjúkrunarfræðingur, meistaranemi í norrænum öldrunarfræðum

Eins og flestum er kunnugt fjölgar ört í hópi eldri borgara og mikil þörf er á úrbótum í þjónustu fyrir þá. Í námi mínu í hjúkrunarfræði kviknaði áhugi hjá mér á því málefni og einlægur vilji til að bæta aðstæður og innleiða nýja hugmyndafræði í þjónustu fyrir þennan margmenna og fjölbreytta hóp.



### Neikvæð viðhorf

Lengi hafa verið neikvæð viðhorf á einkavæðingu heilbrigðisþjónustu hérlendis, þá sérstaklega upp á síðkastið. Talað er um hneyksli vegna útboða og menn óttast að íslenska heilbrigðiskerfið verði með tímanum líkt og tíðkast í Bandaríkjunum. Einkavæðing á sér þó einnig stað í miklum mæli á Norðurlöndunum og hefur hún gengið nokkuð vel. Svíþjóð er í fyrsta sæti á „Global age watch index“ listanum sem mælir gæði heilbrigðisþjónustu í heiminum. Því er æskilegra að horfa til Norðurlandanna þegar kemur að einkavæðingu í stað þess að tengja orðið einkavæðingu á óréttmætan hátt við Bandaríkin og það tryggingakerfi sem er þar við lýði. Núverandi kerfi hérlendis mun ekki ganga upp til lengdar og því þurfum við að horfa á nýjar leiðir. Sú fullyrðing er ekki úr lausu lofti gripin, heldur byggð á reynslu annarra þjóða og áliti virtra opinberra stofnana eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem hefur kallað eftir breytingum á þjónustu við þennan ört vaxandi hóp.

Án einkavæðingar sér hið opinbera eingöngu um þjónustuna og þar með er ríkið að einoka markaðinn. Sé horft til Svíþjóðar þá hafa sveitarfélögin yfirumsjón með allri heimaþjónustu. Einkarekin fyrirtæki geta sótt um aðild og þurfa þá að standast ákveðin viðmið. Opinber matsaðili sér um að meta þarfir hvers og eins eldri borgara sem sækir um þjónustu og hversu mikla aðstoð viðkomandi á rétt á. Sveitarfélagið ákveður verðið og ber því skylda til að niðurgreiða heimaþjónustu til þeirra fyrirtækja sem standast viðmiðin. Slík leið er mun betri en útboðsleiðin, þar sem velferð fólks er í húfi og slíka þjónustu ætti ekki að vera hægt að undirbjóða. Eldri borgarar ættu að geta valið sér þjónustuaðila sér að kostnaðarlausu. Þetta er sú leið sem ég vil að tekin verði upp hérlendis en með þessu móti er hægt að stuðla að jafnrétti og aukinni skilvirkni í heilbrigðisþjónustu. Eldri borgarinn fær nýtt hlutverk og sjálfstæði þar sem hann stjórnar ferðinni ásamt því að samkeppni myndast á milli þjónustuaðila sem allir vilja bjóða sitt besta og hafa ánægða viðskiptavini.

### Lausnin

Mín sýn er sú að jafnrétti eigi að ríkja á milli allra þjóðfélagsþegna, jafnrétti á að eiga við um konur jafnt sem karla og þá á aldur og efnahagur ekki að vera áhrifaþáttur á gæði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Eldri borgarar eiga ekki að vera þurfalingar sem kerfið neyðist til að sinna heldur sjálfstæðir einstaklingar sem hafa réttindi og tækifæri til að velja hvað hentar þeim best. Flest getum við verið sammála um að núverandi kerfi býður því miður ekki upp á það.

**➜ Eldri borgarar ættu að geta valið sér þjónustuaðila sér að kostnaðarlausu. Þetta er sú leið sem ég vil að verði tekin upp hérlendis.**

Þrátt fyrir að mæta áhugaleysi og oft og tíðum skilningsleysi (og hreinlega vanþekkingu) hins opinbera mun ég samt halda áfram að vinna að framþróun. Heimaþjónusta er framtíðin og flestir vilja eldast á eigin heimili. Með heimaþjónustu má efla sjálfstæði fólks og heilsu þess ásamt því að gera því kleift að búa lengur á eigin heimili. Það er kominn tími til að forgangsraða í fjárlögum ríkisins með heilbrigðiskerfið í forgangi, þar sem eldri borgarar hafa meira vægi í þjóðfélaginu. Mér er virkilega umhugað um málefni þeirra, flest okkar munu vonandi ná háum aldri en það er ekki nóg að lifa lengi heldur viljum við einnig lifa góðu lífi.

# Valkyrjur og víkingar

LEIKVELLIR



**Anna Eyvör Ragnarsdóttir**
kennari, móðir, amma og áhugamanneskja um útiveru

Ég er svo heppin að búa í nágrenni við einn skemmtilegasta leikvöll á Stór-Reykjavíkursvæðinu og hefur aðsókn að honum verið mér uppspretta gleði og undrunar á hverjum degi nú á vordögum.

Eins og flestir vita eru allflestir róluvellir þessa lands hannaðir á svipaðan hátt. Börnin byrja að leika sér á þessum völlum strax þegar þau byrja í leikskóla og þessir vellir eiga síðan að uppfylla leikþörf þeirra, örva ímyndunarafl og sköpunargleði. Á þessum völlum eru nokkrar rólur, vegasalt, rennibraut, sandkassi og á einstaka stað klifurkastali. Allt er þetta byggt eftir sama staðli, líflaust, ósprennandi og sterílt.

Krakkar í dag eru mötuð á afþreyingu, þau eru oft aðeins móttakendur en ekki gerendur og það veldur okkur áhyggjum. Við sem komin erum á miðjan aldur sjáum gjarnan í hillingum horfna æsku þar sem leikir eins og fallin spýta, stórfiskaleikur, brennó og fleira er okkur í fersku minni og við hörmum að börnin okkar og barnabörn njóti ekki þess frelsis og útiveru sem við nutum. Náttúran og fjaran var leiksvæði okkar og þannig tengdumst við oft sjómennsku og sveitastörfum í gegnum leik. Tímarnir breytast og við þurfum að horfast í augu við annan veruleika og verðum að skapa börnum vettvang sem hæfir krafti þeirra, útsjónarsemi og hreyfiþörf.

Leikvöllurinn sem ég er að tala um er á Mýrargötunni og er í ófullkomleik sínum listaverk. Hann örvar ímyndunaraflið, æfir jafnvægi og styrk, eykur hugrekki og þor og er að öllu leyti andstæða hinna venjulegu leikvalla sem börnum þessa lands er boðið upp á.

Í vor þegar stundaskrá grunnskólanema er aðeins sveigjanlegri hafa margir notað tækifærið og heimsótt leiksvæðið og það hefur verið yndislegt að horfa á krakka á öllum aldri klifra, hanga, sveifla sér og almennt nýta sér það sem svæðið hefur upp á að bjóða og er greinilegt að ímyndunarafli þeirra eru engin takmörk sett.

Fyrir hátíð hafsins, sem var helgina 6.-7. júní, var bætt við fleiri þrautum og tækjum undir stjórn Lindu Mjallar Stefánsdóttur leikmyndahönnuðar og þrátt fyrir slæmt veður var völlurinn troðfullur báða dagana og bæði börn og fullorðnir á öllum aldri skemmtu sér stórkostlega.

Það má líka nota þennan völl til útikennslu þar sem efniviður hans tengist að mestu hafinu og sjómennsku og væri jafnvel hægt að vera í samvinnu við Sjóminjasafnið. Almennir leikvellir hafa ekki skírskotun til neins í daglegu lífi okkar eða fortíð og úr því má bæta með leiksvæðum af svipuðum toga eða skapa nýja með aðra nálgun. Það er til fullt af fallegum svæðum, t.d Fossvogsdalurinn, Elliðaárdalurinn, Klambratúnið, Hljómskálagarðurinn o.fl. Síðast en ekki síst er efniviðurinn að mestu ókeypis fyrir borgina!

Við skulum hætta að fjargviðrast yfir inniveru og tölvunotkun ungmenna en skapa þeim vettvang sem sæmir þeim og hæfileikum þeirra.

# Elsta félag á Íslandi 200 ára

TRÚMÁL



**Valgeir Ástráðsson**
prestur

Þann 10. júlí 2015 eru liðin 200 ár síðan komið var saman að Aðalstræti 10 í Reykjavík eftir fund prestastefnu í Dómkirkjunni. Ákveðið var þar að stofna félag og því kosin stjórn. Skyldi félagið setja sér markmið og skyldur til útgáfu Biblíunnar á íslensku, gera lestur hennar og aðgengi fær öllum Íslendingum. Félagið hlaut nafnið Hið íslenska biblíufélag. Eftir óslitið farsælt starf í 200 ár er biblíufélagið elsta félag á Íslandi. Sannarlega er vert að þeirra tímamóta sé gaumur gefinn og þeirra minnst. Biblíufélagið er sameiginlegur vettvangur allra kristinna safnaða landsins. Meðal kristins fólks þar og víða um veröld er Biblían jafnan nefnd Guðs orð. Í því felst sú sannfæring, að sé hlustað í einlægni á það sem þar stendur, megi skynja nálægð þess, sem er ofar öllu, en vill samt hafa samband við fólk til stuðnings og hjálpar. Það var uppörvun sem reyndist íslenskri þjóð það vel í baráttu lífsins að oft skipti sköpum og gaf þjóðinni getu til að lifa af, sem ella hefði ekki tekist. Biblían var lifandi bók, eins og hún er nú meir en nokkru sinni fyrr um alla veröld.

Svo samanslungin hefur Biblían verið menningu og hugsun þjóðar okkar, að hvarvetna má sjá skýr mörk þess. Bent hefur t.d. verið á af fræðimönnum að löngu áður en þjóðin eignaðist heildarútgáfu Biblíunnar á íslenska tungu hafi orð og líkingar Biblíunnar samfléttast öllu máli þjóðtungunnar. Það komi fram í einstökum orðum, orðasamböndum, orðatiltækjum, málsháttum, nafnahefð, flest af því að líkindum frá upphafi þjóðar. Ekki er langsótt að segja notkun Biblíunnar einn mikilvægasta þátt í varðveislu tungu og þar með þjóðar.

### Lifandi bók

Þess ber að minnast á tímamótum. Að stuðla að því farsæla í lífi einstaklinga og þjóðar er hlutverk elsta félags landsins. En þá er ótalið það merka starf sem félagið er þátttakandi í á heimsvísu. Þegar félagið var stofnað árið 1815 var það fyrir hvatningu hins mæta manns og Íslandsvinar Ebenezer Hendersons. Hann kom á vegum breska biblíufélagsins og því tókust mikilvæg tengsl. Þegar biblíufélög víða um veröld mynduðu samtök, „Sameinuðu biblíufélögin“ (UBS – unitedbiblesocieties.org), varð íslenska félagið þar í hópi. Þar eru nú meir en 200 hliðstæð félög hvaðanæva í heiminum. Af því samstarfi hefur íslenska félagið notið stuðnings, en líka fengið að taka þátt í spennandi verkefnum. Á vegum aðildarfélaganna er unnið að útgáfu og dreifingu Biblíunnar og biblíuhluta – mikið þýðingarstarf fer þar fram og oftar en ekki fylgir því smíði ritmáls. Biblíum er dreift í tugmilljónum árlega, biblíuhlutum í hundruðum milljóna eintaka, en samt tekst ekki að fullnægja þörfum. Þar eru verðug verkefni.

**➜ Biblíufélagið er sameiginlegur vettvangur allra kristinna safnaða landsins.**

Biblían er lifandi bók, það sést m.a. af þessu. Mest er hún þó lifandi, þar sem hún nær því að hressa sálu, leiða réttan veg. Það er vert að minnast þess á 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags og taka þátt í góðu verki. Hinn 10. júlí verður guðsþjónusta í Dómkirkjunni, gengið til stofnstaðarins og gerð heitstrenging til að efla gott starf.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.


Auðvelt að opna og enn auðveldara að loka, umbúðir sem svínvirka
Nýjar og spennandi áleggstegundir úr 1. flokks íslensku grísakjöti
STJÖRNU GRÍS
Álegg beint frá bónda fyrir kröfuharða Íslendinga
STJÖRNU GRÍS
Salami
STJÖRNU GRÍS
Pepperoni
STJÖRNU GRÍS
80%kjöt
Finskorin
Skinka
Framleitt úr 1. flokks íslensku grísakjöti
STJÖRNU GRÍS
98%kjöt
Skinka
Framleitt úr 1. flokks íslensku grísakjöti
Þú finnur Stjörnugrís áleggin í kælinum í næstu verslun.

**ÓLAFUR HANNIBALSSON**
**er látinn**

Við þökkum hverja stund sem við áttum með honum.

**Guðrún Pétursdóttir**
**Hugi, Sólveig, Kristín, Ásdís og Marta**
**Ólafsbörn**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDA ÞORGRÍMSDÓTTIR**
**Hraunvangi 3, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut 27. júní sl. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju 9. júlí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gunnar Hermannsson**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og systir,

**ÁSTRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**(ÁSA)**

lést á heimili okkar í Mexíkóborg sunnudaginn 28. júní.

**Fyrir hönd barnabarna- og barnabarnabarna okkar,**
**Ingvar Emilsson**
**Kristján Ingvarsson**
**Tryggvi Ingvarsson**
**Elín Margrét Ingvarsdóttir**
**Gylfi Guðmundsson**
**Gerður G. Bjarklind**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRGVIN MAGNÚSSON**
**vélstjóri,**
**Hraunbæ 103, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 21. júní.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum sýnda samúð.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Áslaug Birna Einarsdóttir**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR PÉTUR ELÍASSON**
**vélstjóri,**
**Sigtúni 43, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 25. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 6. júlí kl. 11.00.

**Bjarney Jónsdóttir**
**Ásdís B. Einarsdóttir** **Guðmundur Rafnar Valtýsson**
**Kristinn Einarsson** **Margrét Hallsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir** **Sumarliði Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær unnusti minn og sambýlismaður, pabbi labbi, sonur, bróðir og mágur,

**SNORRI SIGTRYGGSSON**
**Laufrima 2,**
**Reykjavík,**

lést mánudaginn 29. júní. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 7. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á söfnunarreikning unnustu hans: 513-26-5678, kt. 040283-4479.

**Ingunn Hlín Jónasdóttir** **Marín Líf Snorradóttir**
**Sigríður Esther Birgisdóttir** **Guðjón Guðjónsson**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** **Þröstur Ríkharðsson**
**Anna María Sigtryggsdóttir**
**Kristbjörg Sigtryggsdóttir**
**Eyþór Sigtryggsson** **Petra Pétursdóttir**
**Karl Sigtryggsson** **Kristín Sóley Sigurðardóttir**
**Hjalti Guðjónsson**
**Guðjón Guðjónsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

# Tímabært að kominn sé kvenprófessor í sálfræði

Steinunn Gestsdóttir varð í gær fyrsta konan til að vera skipuð prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands. Heilbrigði og þroski ungmenna er hennar sérsvið og hún segir börnin sín þrjú veita henni innblástur í starfinu. Auk þess eigi hún traustan mann.

„Ég er lukkuleg með þetta skref. Það er tímabært að kominn sé kvenprófessor við sálfræðideildina. Konur hafa lengi verið í meirihluta á meðal nemenda og þeim hefur líka fjölgað í kennaraliðinu á síðustu árum,“ segir Steinunn Gestsdóttir, sálfræðingur og nýskipaður prófessor við Háskóla Íslands.

Steinunn hóf kennslu í sálfræði fyrir tíu árum við Kennaraháskólann sem síðar sameinaðist Háskóla Íslands, en færði sig af menntavísindasviði yfir í sálfræðideild fyrir tveimur árum. „Ég tók sálfræðina hér á sínum tíma en meistarapróf og doktorspróf í Bandaríkjunum. Mitt rannsóknarsvið er heilbrigði og þroski unglinga og snýst aðallega um hvað unglingarnir sjálfir leggja til eigin þroskaferils. Oft er talað um áhrif skólans, foreldranna og umhverfisins en ungmennin taka sínar eigin ákvarðanir, gera sín eigin plön og hafa sínar hugmyndir. Ég hef verið að skoða hvernig það stuðlar að heilbrigðum þroska þeirra, gengi í námi, samskiptum og sjálfsmynd.“

Sjálfstjórn fólks hefur lengi verið til umfjöllunar innan heimspekinnar, nú segir Steinunn hana áberandi rannsóknarefni í sálfræði unglinga og kveðst ánægð að fá að leiða kennslu í þeim fræðum. „Það er gaman að segja frá því að síðan ég byrjaði að kenna í sálfræðideildinni finn ég að áhugi nemenda hefur aukist á þessu viðfangsefni. Af hverju sumir geti haldið stillingu og náð langt með því að vinna skipulega að sínum markmiðum – það eru leyndardómar sem fólk vill skilja. Oft hefur verið horft á greind sem grunn að farsælli skólagöngu en eigin ákvarðanir nemandans virðast ekki síður mikilvægar en getan til að læra.“

Steinunn á þrjú börn, sjö, ellefu og átján ára. Hún segir þau veita henni innblástur í starfinu. „Svo á ég mjög traustan mann,“ tekur hún fram. „Maður fer ekkert í gegnum doktorsnám og akademískt starf án þess að hafa almennilegt bakland, sérstaklega meðan börnin eru lítil, maðurinn minn hefur átt stóran þátt í að ég hef getað það.“



**NÝSKIPAÐUR PRÓFESSOR** „Maður fer ekkert í gegnum doktorsnám og akademískt starf án þess að hafa almennilegt bakland,“ segir Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í ljós kemur að eiginmaðurinn er sálfræðingur líka, heitir Atli Magnússon og starfar á Greiningarstöðinni. Steinunn segir þau hafa kynnst í sálfræðinni. „Við Atli höfum bæði mikinn metnað til að vinna að velferð barna og unglinga og líka vísindum þannig að við eigum sameiginleg áhugamál.“

gun@frettabladid.is

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR**
**(LILLA )**
**Klapparhlíð 5,**
**Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 27. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Jón Auðunn Kristinsson**
**Pétur Óli Jónsson** **Hanna B. Hreiðarsdóttir**
**Jón Þór Jónsson** **Halldóra Andrésdóttir**
**Jóhann Ingi Jónsson** **Valgerður Sævarsdóttir**
**og ömmubörnin.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANHILDUR MAGNA SIGFÚSDÓTTIR**
**Hjálmholti 2, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans þann 24. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 6. júlí kl.15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Ingimundur Pétursson**
**Guðrún H. Ingimundardóttir**
**Sigurbjörg Ingimundardóttir** **Björn Sigurðsson**
**Þóra Sigríður Ingimundardóttir** **Kjartan Ágústsson**
**Hildur B. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**HELGU D. JÓNSDÓTTUR**
**(SILLU)**

Starfsfólk deildar 2B á Hjúkrunarheimilinu Eir fær innilegar þakkir fyrir góða vináttu og umönnun.

**Petrína Jónsdóttir** **Vigfús Vigfússon**
**Guðrún Jónsdóttir** **Magnús Sigþórsson**
**Þorvaldur Jónsson** **Áslaug Reynisdóttir**
**Hákon Rúnar Jónsson**
**Jón Þorvaldsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HEIÐAR ÞÓR BRAGASON**
**vélfræðingur,**
**Blikahólum 6, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 29. júní. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Júlíus S. Heiðarsson** **Kristín Margrét Gísladóttir**
**Hjalti Þór Heiðarsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Gyða Gunnarsdóttir**
**Alex Þór, Andri Týr, Sara Margrét, Söldís og Aníta**


4BLS
KIPPA ÚT :)
SUMAR
SMELLUR
ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Í Júlí fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 390kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
ROCK100
HEYRNARTÓL
FYLGJA
SILICON
BUMPER
VARNARHLÍF
MOBII P722
SPJALDTÖLVA
ÖFLUG DUAL CORE 7" MOBII SPJALDTÖLVA MEÐ SILICON HÖGGHLÍF OG VÖNDUÐUM ROCK100 HEYRNARTÓLUM. FRÁBÆR FYRIR KRAKKANA!
16.900
NÝ
ERU AÐ
LENDA
4
LITIR
KOSS
KOSS UR23i
Fislétt og þæginleg lokuð heyrnartól, frábær hljómur og öflugur bassi og hljóðnemi í snúru.
6.990
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
NÝ
VAR AÐ
LENDA
1024x600
IPS
SKJÁR MEÐ ALLT AÐ
178° SJÓNARHORN
lenovo
IDEATAB TAB2
Fislétt en öflug spjaldtölva frá Lenovo með 7" HD IPS skjá Quad-Core örgjörva Dolby Digital hljóðkerfi.
19.900
ÓTRÚLEGT VERÐ!
TILBOÐ
FLOTT SVÖRT
EÐA HVÍT TASKA
2.990
AÐEINS Í JÚLÍ
1024x768
IPS
HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ
178° SJÓNARHORN
acer
ACER A1-830
Ný kynslóð öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með ótrúlegum 8" IPS HD fjölsnertiskjá.
29.900
FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI;)
2. JÚLÍ 2015 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
SNJALLARI
HEIMASÍÐA
Við kynnum til sögunar Mobile útgáfuna af Tolvutek.is njóttu þess að vafra um síðuna okkar í símanum eða spjaldtölvunni!
Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# ÚRVALIÐ ER

## Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EIT

FULL HD IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

ALL-IN-ONE

### ASPIRE Z3
**ALL-IN-ONE BORÐTÖLVA**

Sérlega glæsileg All-In-One heimilisvél með 4ja kjarna AMD örgjörva og stórglæsilegum 23" Full-HD IPS fjölsnertiskjá og hlaðin allri nýjustu tækni.

- AMD Beema Quad Core E2-6110 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 UltraFast harðdiskur
- 23" Full HD IPS 1920x1080 fjölsnertiskjár
- 1GB AMD R5 240 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- 2xUSB3, 3xUSB2, 1x HDMI inn, 1x HDMI út
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

**149.900**
ÓTRÚLEGA ÖFLUG ALL-IN-ONE

FRAMELESS TOUCH HÁGÆÐA 10-PUNKTA FJÖLSNERTISKJÁR

ALL-IN-ONE

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

### ASPIRE Z1

- Intel Quad Core J1900 2.4GHz Burst
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 7200RPM diskur
- 20" HD+ LED 16:9 1600x900 skjár
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 1080p Crystal Eye Full HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**99.900**
SKJÁTÖLVUR FRÁ 79.900

4X HRAÐARI SSHD HYBRID HARÐDISKUR

### GIGABYTE
**GAMING TWO TILBOÐ**

- Thermaltake Versa H21 Deluxe turn
- Intel Core i5-4460 Quad 3.4GHz Turbo
- GIGABYTE G1.Sniper B6 móðurborð
- 8GB DDR3 1600MHz hágæða minni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 24x DVD SuperMulti skrifari
- 2GB GTX960 ITX OC öflugt leikjaskjákort
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.900**
GLÆSILEGUR LEIKJATURN!

FULLKOMIÐ Í FERÐALAGIÐ GÓÐ SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

ÓGRYNNI LEIKJA NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF LEIKJUM OG FORRITUM FYRIR ÞESSA ÓTRÚLEGU GRÆJU

GAME BOY

RGB LED 16,8 MILLJÓN LITA VAL Á MILLI PRÓFÍLA

### MS-2
**FYRIR ATVINNUSPILARA**

- Func leikjamús fyrir atvinnuspilara
- ADNS 3090 LED Optical 4000dpi vél
- Intelligence Grip m/ T+4 thumbzone
- 512K minni fyrir leikjaprófíla og Macros
- 10 forritanlegir hnappar og 3 prófílar
- Instant Aim hnappur fyrir annað DPI
- Gullhúðað USB2 og 2m vafin snúra

**11.900**
MS-3 R2 LASER 12.900

NÝTT VAR AÐ LENDA

### SHINE4
**FLAGGSKIPIÐ FRÁ DUCKY**

- Ducky Shine 4 mekanískt lyklaborð
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX Blue Clicky Switches
- FN-Layer með ótal flýtitökkum
- Dual LED baklýsing með 11 stillingum
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Útskiptanlegur USB kapall fylgir
- Dual Layer PCB eykur líftímann

**34.900**
MAGNAÐ LEIKJALYKLABORÐ

4 LITIR

BACKUP PLUS

### 1TB Slim
**STÓRGLÆSILEGUR FERÐAFLAKKARI**

Örþunnur og fisléttur ferðaflakkari með tímamóta hugbúnaði fyrir flestar tölvur og tæki, afritaðu myndasafnið beint af síma eða tölvu eða beint úr Facebook og álíka miðlum.

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Vistaðu beint á flakkarann í Facebook
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

SEAGATE

**14.900**
2TB AÐEINS 19.900

10 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ! ALGENGT VERÐ 79.990

### iPadAir

- 9.7" UHD Retina snertiskjár 2048x1536
- Apple A7 ARM 1.4GHz örgjörvi
- Quad-Core 1080p FULL HD skjástýring
- 16GB flash SSD diskur
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- 5MP iSight og 720p Facetime myndavélar
- Apple M7 þriggja ása hreyfiskynjari
- Örþunn aðeins 7.5mm og fislétt 469gr
- Apple iOS 7 stýrikerfi og fjöldi forrita

**69.900**
ÓTRÚLEGT VERÐ!

BAKLÝST LYKLABORÐ MEÐ ÞRÍSKIPTA LED BAKLÝSINGU

ÁBRENNT OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

### DUCKYZERO
**FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐUSTU**

Glæsilegt Cherry MX Blue mekanískt lyklaborð frá Ducky með ábrenndum íslenskum stöfum og 3 svæða LED baklýsingu með Breathing Mode sem veitir lyklaborðinu meira líf!

- Ducky Zero mekanískt lyklaborð
- Ábrennt og upplýst íslenskt letur
- Cherry MX Blue Clicky Switches
- Flýtitakkar fyrir allar helstu aðgerðir
- Full N-Key rollover fyrir leikina
- Þrískipt baklýsing með 8 birtustig
- Mjög þægilegt að skipta um takka
- Dual Layer PCB eykur líftíma og styrkleika

NÝTT VAR AÐ LENDA

Ducky Channel

**24.900**
MEÐ ÍSLENSKU LETRI!

### LACIE CLOUDBOX
**4TB TÖLVUSKÝ**

- 4TB LaCie CloudBox tölvuský
- Gögnin þín alltaf við hendina hvar sem er
- Deildu gögnum með vinum og fjölskyldu
- Streymir margmiðlunarefni í öll tæki
- 10 notendur með lykilorð og einkamöppur
- Gigabit net, HTTP, FTP, SMB og Torrent
- Fyrir PC, Mac, Android, iOS, SmartTV, ofl.

**36.900**
ÞITT EIGIÐ TÖLVUSKÝ :)

### PORSCHE
**4TB USB 3.0 FLAKKARI**

- 4TB LaCie Porsche hágæða flakkari
- Hannaður af Porsche fyrir LaCie
- Ofur hljóðlát viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- PC&Mac öryggis/afritunarhugbúnaður
- Sterkbyggt 5mm burstað álhús
- 10x meiri hraði með USB3.0

**29.900**
8TB AÐEINS 69.900

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 8.9mm OG 580gr

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

acer

GTX 960 ITX **39.900**

7GHz 2GB GDDR5

GIGABYTE

### GTX 960 SKJÁKORT

R5 BLACK **29.900**

fractal

### LÚXUS LEIKJATURN

FRÁBÆR BORÐTÖLVA
Frá ACER með Intel Quad Core örgjörva, 4GB minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni
ÓTRÚLEGT VERÐ:) MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

XC703 **54.900**

### ACER BORÐTÖLVA

Verð frá: **1.990**

USB TENGDAR

### SVALANDI VIFTUR:)

ARCTIC S113 **9.990**

NFC

4 LITIR

### ÞRÁÐLAUS HÁTALARI

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

KM7580 **4.990**

GIGABYTE

### ALLT ÞRÁÐLAUST

M6900 **4.990**

4K

GIGABYTE

### FLOTT LEIKJAMÚS

3 LITIR

16GB USB3 **1.990**

32GB 3.990

64GB 7.990

128GB 14.900

Silicon Power

### 16GB MINNISLYKILL

Verð frá: **1.990**

### BÍLFESTINGAR

TÍMINN ER KOMINN

PEBBLE TIME **39.900**

pebble

### PEBBLE TIME

GIGABYTE | LACIE | PLEXTOR | Thermaltake | THONET & VANDER | brother at your side | TÖLVUTEK

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Tískugaur**
Stefán Svan Aðalheiðarson stílisti hefur mikinn áhuga á tísku og hönnun. Hann er sömuleiðis meðvitaður um eigin klæðaburð.
SÍÐA 2



**Nýtt skóæði**
Nýir Adidas-strigaskór sem Kanye West hannaði seldust upp á örskotsstundu þegar þeir komu á markað um helgina.
SÍÐA 8


TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum

iittala
10% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Útsalan hefst í dag
30%-50%
afsláttur
RÓLÓ
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 894 8060 • www.rolo.is • Facebook









**ÁHUGAMÁL** Bjarney Anna Jóhannesdóttir mynd- og tónlistarkona hefur mikinn áhuga á snyrtivörum og blandar eigin varaliti. Hún notar vallhumal í grunninn en hann hefur græðandi eiginleika. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# TJÁNING Í FÖRÐUN SKEMMTILEGUST

**BÝR TIL EIGIN SNYRTIVÖRUR** *Bjarney Anna Jóhannesdóttir mynd- og tónlistarkona sinnir skemmtilegu áhugamáli í kjallaranum hjá foreldrum sínum. Þar sýður hún vallhumal í olíu og býr til mýkjandi varaliti.*

Þegar ég fæ áhuga á einhverju sökkvi ég mér djúpt niður í hlutina. Ég fékk mikinn áhuga á snyrtivörum og fór því að prófa mig áfram í að búa þær til sjálf," segir Bjarney Anna Jóhannesdóttir, mynd- og tónlistarkona á Akureyri.

Hún segir listina á bak við snyrtivörur heillandi og að förðun geti verið annað og meira en að „gera sig fallegan".

„Skemmtilegast er að nota liti. Það getur verið viss tjáning í því hvernig fólk farðar sig og það besta við förðun er að hægt er að velja að nota hana ekki. Ef snyrtivörur væru nauðsyn væru þær ekkert skemmtilegar, tjáningin og leikurinn í þessu finnst mér áhugaverð," segir Bjarney. „Ég hef búið til varaliti og aðeins gert tilraunir með augnskugga líka."

Bjarney hefur komið sér upp vinnuaðstöðu í kjallaranum hjá foreldrum sínum og þar sýður hún upp og blandar saman olíum, vaxi og litarefnum.

„Ég nota castor- og ólífuolíu. Svo tíni ég vallhumal, hreinsa og þurrka og sýð hann í ólífuolíu. Vallhumallinn hefur græðandi eiginleika, þetta er því blanda af mýkjandi varasalva og varalit. Litarefnin kaupi ég bara á netinu. Ég keypti mér líka mót til að steypa varalitinn í og hulstur. Það er svolítið mál að gera þetta svona og vel hægt að kaupa tilbúinn grunn sem einungis þarf að bæta litarefninu út í," segir Bjarney. Hún vill hins vegar vinna varalitinn frá grunni og segir að það taki ekki langan tíma að blanda litinn þegar búið er að sjóða upp vallhumalinn og blanda grunninn.

„Ef ég hef smá fyrirvara get ég búið mér til varalit fyrir sérstakt tilefni. Ég myndi reyndar ekki stökkva í að blanda litinn eftir að ég er komin í sparidressið, þetta er dálítið sóðalegt," segir hún.

Bjarney sinnir bæði myndlist og tónlist undir listamannsnafninu Sockface og gaf út diskinn Rat Manicure fyrir tveimur árum. Þá setti hún upp sýningu byggða í kringum lögin á diskinum, bæði á Akureyri og í Reykjavík sama ár.

Nánar má forvitnast um Sockface á Facebook.



**LITAGLEÐI** Bjarney segir listina á bak við förðun heillandi og að skemmtilegast sé að nota liti. „Tjáningin og leikurinn í þessu finnst mér áhugaverður."




Stretch - háar í mittið



12.900 kr.
Einn litur
Stærð 34 - 46

11.900 kr.
4 litir:
kremhvítt, svart,
blátt, dökkbrúnt.
Stærð 34 - 46

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

# TILRAUNIR FORTÍÐAR AF HINU GÓÐA

**SÍBREYTILEGUR STÍLL** *Gallabuxur sem keyptar voru fyrir 22 árum eru bestu kaup Stefáns Svan en doppótta Bamba-peysan myndi líklega flokkast sem tískuslys. Uppáhaldshönnuðurinn hans er Frakkinn Jean Paul Gaultier.*

Stefán Svan Aðalheiðarson, stílisti og starfsmaður Next, hefur lifað og hrærst í tískuheiminum lengi. Hann segist hafa tískuáhugann frá mömmu sinni. „Ég fór mikið með henni í búðir og geri enn. Ég verð að vera meðvitaður um eigin klæðaburð starfs míns vegna. Auk þess hef ég mikinn áhuga á fötum og tísku svo ég hef gaman af því að prófa mig áfram,“ segir hann.

**Í hverju myndirðu aldrei láta þig sjást?** Ég forðast það að dæma opinberlega eitthvað sem öðrum gæti þótt fallegt en held að það sé hæpið að fólk rekist á mig í Crocs-skóm.

**Í hverju líður þér best?** Mér líður vel í gallabuxum og bol.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Ég er frekar kasjúal að upplagi en ég skelli mér í stakan jakka og vel pressaða hvíta skyrtu.

**Hvernig er stíllinn þinn?** Síbreytilegur en afslappaður, mér finnst mikilvægt að prófa sig áfram með nýja hluti.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég hef mest keypt mér fatnað á þeim stað sem ég hef unnið, nú vinn ég í Next þar sem ég hef alltaf verslað í gegnum tíðina. Ég stjórna líka sölusíðu á Facebook fyrir notaða hönnunarvöru þar sem alltaf er gaman að versla. Skóna mína hef ég fengið í 38 þrepum og svo er Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn gullnámur.

**Eyðir þú miklu í föt?** Það er mjög misjafnt en tíska er áhugamál mitt og ég eyði í það eftir því.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég held mikið upp á BHNS-peysu frá Helgu Helicopter þessa dagana, ég keypti reyndar tvær í mismunandi lit af því ég elska hana svo mikið.

**Uppáhaldshönnuður?** Hönnuðirnir á bak við verslanirnar KIOSK Laugavegi og P3 Skálholtstíg eru að gera frábæra hluti hér heima og svo hefur Jean Paul Gaultier verið hetjan mín frá því ég man eftir mér.

**Bestu kaupin?** Gallabuxur sem ég keypti fyrir 22 árum og eru enn þá í notkun, ætli það verði ekki að kallast bestu kaupin.

**Hefurðu lent í tískuslysi?** Ég forðast að tala um tískuslys, ég trúi því að allar tilraunir fortíðarinnar séu af hinu góða og ástæða þess hvernig maður klæðir sig í dag. En Silla vinkona mín myndi segja að það væri doppótta Bamba-peysan mín.

**Hvað myndi fullkomna fataskápinn?** Ég á nóg af öllu en alltaf bætir maður við. Ég hef alla tíð leitað að hinum fullkomnu leðurbuxum, kannski er best að sú leit beri aldrei árangur.

**Hvað vantar þig alltaf?** Röndótta boli og peysur, ég á aldrei nóg af þeim.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég hef notað silfurhálsmen í gegnum tíðina, ég er mjög hrifinn af skartinu í Hringa við Laugaveg, einföld og falleg hönnun með karakter.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ætli það sé ekki mest fólkið á götunni sem hefur áhrif á mann en stíll og heimspeki Ines de la Fressange heillar mig, mæli með bókinni hennar Parisian Chic.

**Hvað er annars helst að frétta?** Það er allt gott að frétta, allt á fullu í vinnunni, sumarið mætti með sólina og Bára komin í bleyti.

liljabjork@365.is



**AFSLAPPAÐUR** Stefán Svan segist vera kasjúal í klæðaburði hversdags en klæðir sig upp í stakan jakka og vel pressaða skyrtu. MYND/ANDRI MARINÓ



8 rétta hlaðborð í hádeginu
TILBOÐ
KR. 1.590.-
OPIÐ KL. 11:00-14:00
Hlaðborðið er alla virka daga.
ekki um helgar.
Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022
kinahofid.is

# TEKUR VIÐ AF MÓÐUR SINNI

*Melissa Rivers er nýr tískulögregluforingi í þáttunum Fashion Police á E!*

Þátturinn Fashion Police hefur verð sýndur á E! sjónvarpsstöðinni frá 2010. Þáttarstjórnandi frá upphafi er strigakjafturinn Joan Rivers, sem ásamt nokkrum öðrum þekktum einstaklingum á borð við Giuliönu Rancic og Kelly Osbourne, annað hvort upphóf eða níddi skóinn af öðrum stjörnum vegna klæðaburðar.

Þegar Joan Rivers lést í september á síðasta ári fór fólk fljótlega að spá fyrir um eftirmann hennar. Fór svo að ein besta vinkona Rivers, Kathy Griffin, tók sæti hennar í tískudómnefndinni, en þó aðeins í sjö þáttum og hætti í mars á þessu ári. Kelly Osbourne hætti einnig eftir deilur við Giuliönu Rancic. Þá var þátturinn settur í salt um tíma.

Nú hefur verið upplýst að dóttir Joan Rivers, Melissa Rivers, verður tískulögreglustjóri og sest í stól móður sinnar. Melissa hefur getið sér gott orð sem framleiðandi nokkurra þátta á E!, þar á meðal Fashion Police. Hún þekkir því þáttinn inn og út.





**MELISSA RIVERS** Tekur sæti móður sinnar í þættinum Fashion Police.

TRI

Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND




þýsk gæði á góðu verði!

# CUBE

# WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SHIMANO SHIMANO













# LILLABLÁR DRAUMUR

**TÍSKUSTRAUMAR** *Mismunandi tónar af fjólubláum, lillabláum og ljós-purpurarauðum munu verða áberandi í sumar ef marka má vor- og sumartískusýningar Burberry, Missoni og Belenciaga.*



BURBERRY PRORSUM



BALENCIAGA



BURBERRY PRORSUM



BURBERRY PRORSUM













**BIRKENSTOCK ER TÖFF** Rihanna lætur alveg eftir sér að fylgjast með tískunni.



**ALLT Í STÍL** Nú gefst tækifæri til að láta yfirhöfn og tær talast við.

# SOKKAR ROKKA MEÐ SANDÖLUM

**ÞAÐ NÝJASTA** *Sokkar hafa lengi verið fjarri góðu gamni þegar sólin lætur sjá sig en í sumar verður breyting þar á.*

Að vera í sokkum við sandala hefur löngum verið talið hið versta tískuslys. Fagursnyrtar tær sem skarta fallegu naglalakki hafa almennt þótt eiga miklu meira erindi út úr framhlutanum á sandala en þykkur og groddalegur tásaumur á států bómullarsokki. En tískan lætur ekki segja sér fyrir verkum og á sumartískusýningunum í ár gengu hnarreistar fyrirsætur ákveðnum skrefum um palla íklæddar sandölum og sokkum við eins og það væri ekki bara leyfilegt heldur beinlínis æskilegt. Þetta eru auðvitað góðar fréttir fyrir fólk sem býr við íslenskt sumarveðurfar þar sem allt eins má búast við næturfrosti á sólstöðuskemmtun og eflaust hlakka margir til fóthlýrra sumars en áður hefur þekkst. Málið er þó að sjálfsögðu ekki svona einfalt heldur er að ýmsu að hyggja og ekkert unnið með því að brjóta reglur nema það sé gert á réttan hátt. Hér fylgja nokkrar hugmyndir og leiðbeiningar um hvernig sokka- og sandalablandan kemur best út í sumar.



**TÆR Í AFGERANDI LITUM** Stundum allt sem þarf til að bjarga deginum.



**BLÚNDUR Á TYLLITÁ** Loksins fá blúndurnar og skrautið efst á sokknum að njóta sín.



**SJÓÐHEITT OG SVALT** Hlýtt, þægilegt og töff allt í senn.

# Vild

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

# SKRÁÐU ÞIG Í VILD!

**Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.**





Trans-Atlantic

**30.000 KR. AFSLÁTTUR**
af golfferð til Flórída með Trans Atlantic

Splass

**40% AFSLÁTTUR**
af bílaþvotti hjá Splass.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tívolí 50% AFSLÁTTUR | Skemmtigarðurinn 50% AFSLÁTTUR | Einar Ben 30% AFSLÁTTUR | Fenalaugin Björg 30% AFSLÁTTUR af skyrtuhreinsun | Kol 25% AFSLÁTTUR | 25% AFSLÁTTUR | RVK Hair 20% AFSLÁTTUR | GAP 20% AFSLÁTTUR | skráðu þig á 365.is | |
| Plusminus Optic 20% AFSLÁTTUR | Alparnir 15% AFSLÁTTUR | Italiano Pizzeria 15% AFSLÁTTUR | Boozt Bar 15% AFSLÁTTUR | Nýherji 15% AFSLÁTTUR | 15% AFSLÁTTUR | Barðinn 15% AFSLÁTTUR | Sólning 15% AFSLÁTTUR | Michelsen 15% AFSLÁTTUR | Sushi 12% AFSLÁTTUR |
| Serrano 10% AFSLÁTTUR | name it 10% AFSLÁTTUR | 10-11 10% AFSLÁTTUR | Sportlíf 10% AFSLÁTTUR | Olís 7 KR. AFSLÁTTUR | ÓB 7 KR. AFSLÁTTUR | Samsung Setrið YFIR 50.000 KR. AFSLÁTTUR | Úrval Útsýn FERÐIR Á BETRA VERÐI | Hotel Express International GISTING Á BETRA VERÐI | Vild |

PIPAR\TBWA • SÍA

# NÝTT SKÓÆÐI Í HEIMINUM

**TÍSKUBYLGJA** *Það varð allt vitlaust í Ósló þegar Adidas Yeezy Boost 350 skórnir komu í sölu þar. Löng röð hafði myndast fyrir utan verslunina sem selur skóna. Hjá Adidas í Bandaríkjunum seldust skórnir strax upp.*

Skóna hannaði rapparinn, söngvarinn og hönnuðurinn Kanye West fyrir Adidas. Skórnir þykja einstaklega flottir en þetta eru ekki ódýrir skór, kosta tæpar 37 þúsund krónur í Ósló en tæpar 27 þúsund í Bandaríkjunum eða 200 dali. Samstarf Kanye West og Adidas hefur því farið vel af stað. Adidas Yeezy Boost 350 eru herrastrigaskór í gráum tónum. Sjálfur gengur rapparinn í slíkum skóm þessa dagana. Einungis ein norsk verslun fékk skóna til sölu og aðeins 30 pör. Það voru því margir sem fóru tómhentir þaðan.

Samkvæmt tískutímaritinu Harpers Bazaar seldust skórnir upp bæði í Evrópu og Kanada þegar þeir komu í verslanir um helgina. Trúlega á hönnuðurinn stærstan þátt í hversu mikil eftirspurn er eftir skónum. Kanye West er heimsfrægur tónlistarmaður og eiginmaður hinnar umtöluðu Kim Kardashian. Þau eiga von á öðru barni sínu, syni, í desember.

Kanye West er fæddur árið 1977. Hann er hæfileikaríkur á mörgum sviðum. Hefur gefið út marga smelli sem ratað hafa á topp vinsældarlista og er einn af þeim tónlistarmönnum sem selja hvað mest á heimsvísu, hann hefur selt alls 21 milljón platna og 100 milljónir niðurhala á netinu. Kanye West hefur hlotið 21 Grammy-verðlaun og er í hópi eitt hundrað áhrifamestu í heiminum að mati tímaritsins Time.

Kanye West hefur áður hannað skó fyrir Louis Vuitton, Bape og ítalska fyrirtækið Giuseppe Zanotti. Árið 2013 tilkynnti Adidas um samstarf þeirra sem nú er að líta dagsins ljós. Yeezy Boost-skórnir hafa aldeilis slegið í gegn. Í febrúar síðastliðnum setti Adidas 9.000 pör í sölu eingöngu í New York í gegnum Adidas snjallsímaapp. Skórnir seldust upp á tíu mínútum.



**FLOTTIR** Það má alveg deila um það hvort þessir skór séu 200 dala virði. Aðdáendur setja þó verðið ekki fyrir sig.



**TÍSKUGAUR** Kanye West gengur sjálfur um á hinum eftirsóttu Adidas Yeezy Boost 350 sem hann hannaði og allir vilja eignast. MYND/GETTY




## ÁHRIF Á ÚTLITIÐ

Ýmis matur og drykkir sem flestir neyta reglulega getur farið illa með tennur, sérstaklega ef þeirra er neytt í miklu mæli.

Meðal þeirra eru sítrusávextir en þótt þeir séu stútfullir af C-vítamínum og öðrum næringarefnum hefur mikil neysla þeirra ekki góð áhrif á tennur. Sítrónur, límónur og greipaldin eru meðal algengra sítrusávaxta sem neyta ætti í hófi enda innihalda þeir sítrónusýru sem getur leyst upp tannglerunginn og valdið um leið glerungseyðingu. Appelsínusafi er skástur algengra sítrusávaxtadrykkja, en ágæt regla er að bursta tennur fljótlega eftir mikla neyslu þeirra.



Kaffisopinn getur vissulega verið góður, en of mikið kaffineysla skilur eftir bletti á tönnum sem auk þess draga að sér bakteríur. Ekki þarf annað en að sjá óþveginn kaffibolla daginn eftir til að fá hugmynd um hvernig kaffi fer með tennurnar.

Að sama skapi er te litlu skárra. Dökkt te inniheldur mikið tannín og skilur jafnvel eftir meiri bletti á tönnum en kaffi. Grænt te og ýmis jurtate innihalda þó mun minna magn tanníns ef tedrykkjufólk vill hugsa betur um tennur sínar.

Þurrkaðir ávextir eru vinsælir milli mála og við ýmis önnur tilefni. Þeir eru þó fullir af sykri og eiga til að festast milla tannanna sem eykur hættu á bakteríusýkingum.

Ofangreindur matur og drykkur er þó, eins og flest annað í lífinu, ágætur í hófi og nokkuð skaðlaus.



**SKILUR EFTIR BLETTI** Þótt kaffið sé gott getur það litað tennurnar.

# ÚTSALAN ER HAFIN!



FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn


M.BENZ E 300 Bluetec Hybrid. Árgerð 2013, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. MJÖG VEL BÚINN BÍLL EINS OG NÝR Verð 7.950.000. Rnr.107252. BÍLAMARKAÐURINN 5671800


KIA Rio ex 1.4 disel. Árgerð 2015, ekinn 24 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.107187. BÍLAMARKAÐURINN 5671800


SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2011, ekinn 150 Þ.KM, dísel, 5 gírar.álfegur. skoðar skipti Verð 2.450.000. Rnr.107174. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR


CHEVROLET Tahoe ls 4x4. Árgerð 2004, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.161408.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður


Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum, ein vönduðustu hús á markaðnum v. 4480 þús skipti á óð,raðn.121957 vantar hjólhýsi og húsbíla á svæðið, vaxandi sala.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR


TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 87 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.240757.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bílalíf


**NÝ HJÓLHÝSI 2015**
Niewiadow hjólhýsin hafa verið frábær og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.


**HSE - 7 MANNA - DÍSEL**
LAND ROVER DISCOVERY 4 HSE 7 MANNA.Árg.2011,ekinn 89 þús km,dísel,sjálfskiptur,stærri vélin,er á staðnum. Verð 9.900.000. er á staðnum. Rnr.105119. S:562-1717.


**OFURTILBOÐ 2.990Þ.!!!**
Umboðsbíll, LAND ROVER Range Rover Sport. Árgerð 2006, ekinn aðeins 122þ.km, sjálfskiptur. Ný dekk! Eðal-eintak! Ásett verð 3.590þ. Ofurtilboð 2.990þ.!!! Rnr.351727. Til sýnis og sölu á Bílalíf S:562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður


Chervolet Chevy Van 1500 ferðabíll 4 kafteinsstólar árg. ,00 hægt að leggja niður sæti og búa til svefnpláss dráttarkrókur ásett verð 1880 þús Tilboð 1500 þús raðn.122050

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR


MERCEDES-BENZ E 200 CDI. Árgerð 2014, ekinn 16 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.991355.


AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.210580.


KIA Carens EX dísel sjálfsk.. Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.260071. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður


Knaus 400 árg 2008 vigtar 900 kg hentugt fyrir fólksbíla sjónvarpsloftnet markísa ein koja verð 2450 þús raðn.122067

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala


MINI Árg 7/ 2013, ekinn 19 Þ.KM, bensín, 6 gírar, Eins og nýr! TILBOÐSVERÐ 2.990þ Góðir lánamöguleikar 75-80% i allt að 7 ár Rnr.100795. Flottur Sparibaukur!

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**

SUZUKI


**ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR**
Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til, sjón er sögu ríkari. EKKI MISSA AF ÞESSU.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

TOPPBÍLAR


TOYOTA Prius. Árgerð 2008, ekinn 156 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.400041.


TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.750.000. Rnr.980043.


TOYOTA Hiace 4wd langur, turbo. Árgerð 2006, ekinn 209 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.350.000. Rnr.410040.


SUBARU Forester lux ii plus. Árgerð 2014, ekinn 32 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.390.000.- Tilboð 4.990.000. Rnr.410049.


M.BENZ Gl 320 cdi 4matic. Árgerð 2007, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.336702.


FORD Kuga titanium 182 hö. Árgerð 2013, ekinn 12 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. lækkað verð Rnr.372921.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

SUZUKI


ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til t.d GSX 1250, GSX-R750, VZR1800, VZ800 og fl. EKKI MISSA AF ÞESSU!

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100bilar.is
bílasala


Kia Ceed EX New 1,6 12/2012 ek 55 þkm sjsk, dísel, Tilboðsverð 3150 þús, ásett verð 3490 þús, er á staðnum, raðnr 119359.


Palomino Colt 6/2006 - Fortjald með dúk - Svefntjöld x2 - Grjótgrind - Ný rafgeymir - Ný pólýhúðuð trappa og felgur - Upphækkað - Lækkað verð úr 1090 þús - Tilboðsverð 850þús - Er á staðnum raðnr 192056.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## 0-250 þús.


**TILBOÐ 250 ÞÚS**
SUBARU LEGACY 2.0 4X4 árg'01 ek.255 þús, sjálskiptur,dráttarkrókur, heilsársdekk, ný skoðaður 16, þarfnast smá lagfæringa, ásett verð 550 þús,TILBOÐ 250 ÞÚS s.841 8955

## 250-499 þús.


**TILBOÐ 450 ÞÚS**
VW PASSAT 2003 ek.180 þús, beinskiptur, skoðaður 16 góður bíll bíll ásett verð á bílasölu 690 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955


**MJÖG EYÐSLUGRANNUR !**
Opel Corsa 1.4 árg ,05. ek aðeins 133þús km. skoðaður. ný heilsársdekk. 5dyra. beinskiptur. mjög eyðslugrannur og góður bíll. Ásett verð 790þús. Tilboðsverð 490þús. möguleiki á allt að 100% vísaláni. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.


**VIRKILEGA GOTT EINTAK**
Hyundai Getz 1.4 árg ,08. Ek aðeins 116þús km. Ný tímareim. skoðaður ,16 án ath. Ný heilsársdekk. 5dyra. Beinskiptur. Mjög eyðslugrannur bíll í toppstandi. Ásett verð 990þús. Tilboðsverð aðeins 790þús. Möguleiki á allt að 100% vísaláni. s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar





Til sölu Bayliner 185 árg 07 með Mercury 4,3 lítra 200 hestafla vél. Verð 3,1m. S: 8225113. Einnig til sölu/ leigu bátaskýli í Skorradal.

## Reiðhjól

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Reiðhjólaviðgerðir


Gerum við allar gerðir reiðhjóla. Fljót og góð þjónusta. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S: 554 0661 GSM: 897 4996 - 699 2502 velaverkjs@simnet.is velaverkjs. is - slattuvel.is

## Hjólbarðar

VAKA


**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Hjólhýsi







**THULE OMNISTOR MARKÍSUR OG**

**KRONINGS HJÓLHÝSAHREYFIR (MOVER)**

Markísur til á lager - Verð

3m = 110þús

3,5m = 120þús

4m = 125þús

4,5m = 140þús

Kronings mover skoðið á kronings.com

Verð frá 179þús er til á lager

Einnig á 2ja hásinga hjólhýsi

Sólarsellur Þýsk gæðavara 140W. Verð aðeins kr. 89 þús með stjórnstöð og festingum

Áhugasamir hafið samband við kriben@simnet.is eða s. 866 5395

## Fellihýsi


**FLEETWOOD AMERICANA UTAH MEÐ HLIÐARKÁLFI.**
Gott fellihýsi fyrir fjölskyldur. 2007 árgerð. Nýlegar bremsur og fleira. Verð 1.590.000 - til afhendingar strax. Er á staðnum. - Reyklaust ökutæki. Flott, vel búið fellihýsi 12Fet. Nýleg Truma miðstöð - fortjald, markisa og fleira fylgir. Nánari upplýsingar á Bílasölunni Bílás Akranesi, sími 431 2622

## Verslun



**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**

Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe II og 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**

129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**



**TIL LEIGU - GLÆSILEG NÝ ÍBÚÐ Í 113**

Ný glæsileg fjögra herbergja íbúð í Nönnubrunni 1 er til leigu. Íbúðin er í lyftuhúsi með bílakjallara. Frábært útsýni, vandaðar innréttingar og gólfefni. Stutt í stofnbraut og alla þjónustu. Íbúðin er laus strax.

Nánari upplýsingar í síma 894 8888.

## Húsnæði óskast

**VANTAR ÍBÚÐ/HÚS Á ÍSLANDI Í SKIPTUM**

**F. EINBÝLI Í KOBEN !**

Höfum áhuga á að vera á Íslandi frá ca miðjum júlí í tíu daga. Viljum gjarnan skipta á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og gjarnan bíl, við fjölskyldu sem ætlar að vera í Kaupmannahöfn sömu daga. Við höfum einbýlishús í Kastrup, ca 5-6 km frá miðborginni. Einnig er til reiðu ágætur Renault stationbíll. Við erum með 4 svefnherbergi, sauna, rúmgóðar stofur og góðan garð. Þurfum minnst íbúð með tveimur svefnherbergjum. Áhugasamir mega gjarnan svara fljótt til heimilisskipti@gmail.com

Óska eftir herbergi til leigu í Vesturbænum, má vera í gamla verkó með aðgang að þvottavél og sturtu. Get greitt 50-55þús per mán. Uppl. í s. 618 3804 Dóra

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI**

Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra - Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmíði
- Reynsla af mótauppslætti
- Enskukunnátta

Umsóknir sendist á verk.job@gmail.com

Leitar að framtíðarstarfsmanni á dagvaktir frá kl.7:45-15:45/10:00-18:00 alla virka daga með möguleika á kvöld og helgarvöktum. Leitum að áreiðanlegum, stundvísum, heiðarlegum og vinnusömum einstaklingi með reynslu af afgreiðslustörfum. 18 ára eða eldri, reyklaus með hreint sakavottorð. Verður að geta byrjað um sem fyrst. Óskum einnig eftir helgarstarfsmanni á aðra hverja helgi. Laun samkvæmt kjarasamningum VR.

Skipstjóri óskast á rækjubát. Uppl. hjá Árna í s. 892 0608.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

**Símadömur • live spjall**

**908-6000 • 535-9999**

## til leigu

**Til leigu 100 fm. atvinnuhúsnæði í Hyrnutorgi, verslunarmiðstöð í miðju Borgarness**

Hentar mjög vel fyrir t.d. verslun, þjónustu, kaffihús o.fl.

Frábært tækifæri á ört vaxandi ferðamannasvæði

Allarar nánari upplýsingar í síma 430-5502 / Guðsteinn eða gudsteinn@kb.is

Borgarland ehf.



## til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS **S: 520-3500 og 773-4700**

**BAKARÍ**

**Þekkt fyrirtæki í eigin húsnæði til sölu.**

Við bjóðum eitt þekktasta bakarí borgarinnar til sölu. Um er ræða rekstur bakarís og eigin verslunar, annarsvegar og hinsvegar nýlegt 231 fm húsnæði í alfaraleið. Selst í einu lagi eða aðskilið. Frábær staðsetning í 101. Vélakostur var endurnýjaður fyrir fáum árum. Einstakt tækifæri.

**Upplýsingar veita Hafsteinn í síma 693-1273**
**hafsteinn@atveignir.is og Óskar S: 773-4700 oskar@atv.is**

ÓSKAR MIKAELSSON, LÖGGILTUR FASTEIGNA OG FYRIRTÆKJASALI 773-4700

## atvinna

**GG VERK leitar að framúrskarandi mönnum í mótauppslátt**

GG verk ehf. er byggingafyrirtæki í örum vexti og vantar að bæta við sig smiðum og vönum mönnum í mótauppslátt hið snarasta. **Hópar koma sterklega til greina.**

Sæktu um hjá okkur á ggverk.is eða sendu okkur ferilskrána þína á ggverk@ggverk.is merkt „starfsumsókn".

Askalind 3
517 1660
**ggverk.is**

**GG VERK** byggingaverktaki

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**



**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is

**907 2003**

Hjálparstarf kirkjunnar

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing frá velferðarráðuneytinu

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks gerir ráð fyrir úttektum á aðgengi að opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

Sveitarfélög bera ábyrgð á úttektum (sbr. aðgerðalið A.1 í áætluninni) en markmið þeirra er að leiða í ljós stöðu aðgengismála í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í framhaldi af úttekt verði gerð áætlun um úrbætur ef við á.

Velferðarráðuneytið mun veita styrki til þess að framkvæma umræddar úttektir. Auglýst er eftir umsóknum frá sveitarfélögum sem ljúka slíkri úttekt á yfirstandandi ári, 2015. Þjónustusvæði sem samanstanda af fleiri en einu sveitarfélagi, sem og ferlinefndir, geta einnig sótt um styrk.

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 fimmtudaginn 20. ágúst 2015.** Starfshópur metur umsóknir en forsenda fyrir greiðslu styrks er að ráðuneytinu hafi borist afrit af úttekt sem lýsi stöðu aðgengismála í sveitarfélaginu. Reiknað er með að þessum afritum verði skilað eigi síðar en 20. nóvember 2015 og greiðsla styrksins fari fram fyrir áramót.

**Sækja skal um á rafrænu formi á umsóknarvef Stjórnarráðsins (http:// minarsidur.stjr.is)**

**Innskráning á mínar síður – þrjár leiðir:**

1. Auðkenning með rafrænum skilríkjum á vef Island.is
2. Auðkenning með Íslykli á vef Island.is
3. Notandinn velur flipann Nýskráning og skráir sig á vef með kennitölu, gefur upp fullt nafn, heimilisfang og netfang og ákveður síðan lykilorð.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar um gerð umsókna á rafrænum eyðublöðum er að finna á vef ráðuneytisins.

*Velferðarráðuneytinu, 2. júlí 2015.*

Ísafjarðarbær

## Breyting á deiliskipulagi Skrúðs á Núpi í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrúðs, í Dýrafirði, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Reiturinn afmarkast af ytri umgjörð Skrúðs, alls um 4,42 ha að stærð. Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Skáli/gámaskýli (áður aðstöðuhús) fyrir starfsmenn verður fært ofar í brekkuna
- Heimilt verði að reisa ræktunarhús (gróðurhús) við hlið skála/gámaskýlis
- Bílastæði innan við Skrúð sem búið er að gera, breytist í bílastæði fyrir rútur
- Núverandi slóði frá rútubílastæði að skála/gámaskýli og ræktunarhúsi verði endurnýjaður

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, frá og með fimmtudeginum 2. júlí 2015 og til fimmtudagsins 13. ágúst 2015 og birt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, *http://isafjordur.is/umhverfid/deiliskipulag* .

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulags- og byggingafulltrúa á netfangið: olofva@isafjordur.is eða á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 13.ágúst 2015.

*Ísafirði, 23.júní 2015*
*Ólöf Guðný Valdimarsdóttir*
*Skipulags- og byggingafulltrúi*


ÞJÓÐ
HÁTÍÐ
2015
SÁLIN
HANS JÓNS MÍNS
NÝDÖNSK • FM BELFAST
BUBBI & DIMMA • JÓN JÓNSSON
AMABADAMA • JÚNÍUS MEYVANT
PÁLL ÓSKAR • MAUS • LAND & SYNIR
SÓLDÖGG • INGÓ & VEÐURGUÐIRNIR
FM95BLÖ • BUFF • DANS Á RÓSUM
BRIMNES • ÁGÚSTA EVA • EYÞÓR INGI
SVERRIR BERGMANN
TUBORG
pepsi MAX
olís
FM957
MIÐASALA Á DALURINN.IS
#DALURINN

## Veðurspá

Fimmtudagur

Norðaustlæg átt á landinu í dag, yfirleitt 5 til 10 metrar á sekúndu. Skýjað og víða dálítil rigning eða súld. Hiti 6 til 17 stig, hlýjast vestanlands.







## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ata, **6.** vörumerki, **8.** sarg, **9.** kúgun, **11.** tveir, **12.** eftirgjöf, **14.** slór, **16.** skst., **17.** sæ, **18.** hress, **20.** til, **21.** sníkjur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lofttegund, **3.** tvíhljóði, **4.** jaðra, **5.** væta, **7.** hvasst horn, **10.** Svelgur, **13.** þangað til, **15.** subbi, **16.** tangi, 1**9.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** maka, **6.** ss, **8.** urg, **9.** oki, **11.** ii, **12.** náðun, **14.** hangs, **16.** no, **17.** sjó, **18.** ern, **20.** að, **21.** snap. **LÓÐRÉTT:** 1. óson, **3.** au, **4.** kringja, **5.** agi, **7.** skáhorn, **10.** iða, **13.** uns, **15.** sóði, **16.** nes, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Arkadij Naiditsch (2722) átti leik gegn Wesley So (2778) í 3. umferð Dortmund-mótsins.**



**Svartur á leik.**
**29...Hxe3!** (29...Df3 og 29...Rxg3+ vinna líka) **30. Da8+ Kg7 31. Hxd6 He4! 32. Kg2 Rf4+ 33. Kg1 Rh3+ 34. Kg2 Hc2 35. Hf1 Rf4+ 36. Kg1 Df3!** og hvítur gafst upp.

**www.skak.is** Sumarsyrpa Breiðabliks




## Myndasögur

### PONDUS




### GELGJAN




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 4 | 7 | | 6 | | |
| 7 | | 4 | 2 | | | | 1 | 3 |
| 1 | 6 | | | 9 | | 4 | | |
| | | | 3 | | | | | |
| 6 | | 1 | 9 | | | | 3 | 7 |
| | 2 | | 1 | | | | 4 | |
| | | | 5 | 3 | | | 2 | |
| | 9 | 7 | | | | | 5 | 1 |
| 4 | | 5 | | | | | 9 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 8 | | 4 |
| 2 | | | 3 | | | | | 7 |
| | 8 | 5 | | | | 1 | | |
| 6 | 4 | 9 | | | | | | 5 |
| | | | 7 | | | | | |
| | | 2 | 9 | | 3 | | | 1 |
| | 2 | 4 | | 7 | 6 | 5 | 1 | |
| 8 | | | 4 | | | | 3 | 2 |
| | 6 | | | | 5 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 5 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | | 3 | 5 | | | 7 | 9 |
| | | | 7 | | | | | |
| | | | 5 | | 9 | | | |
| | | 7 | | | 3 | 8 | 4 | |
| | 5 | 3 | | | | | | 2 |
| | | 1 | | | | | | 6 |
| | 3 | | | | | 9 | | |
| | | 4 | 2 | 8 | | 1 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 7 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 4 | 7 | 2 | 8 |
| 2 | 5 | 4 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 9 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 2 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# ÉG FER Í FRÍIÐ!




## Vatnaveiði árið um kring
**Vildarverð: 4.499.-**
Verð: 4.999.-




## Kortabók 2015
**Vildarverð: 3.869.-**
Verð: 4.299.-




## Vegvísir um jarðfræði Íslands
**Vildarverð: 4.499.-**
Verð: 4.999.-




## Gönguleiðir að Fjallabaki
**Vildarverð: 3.299.-**
Verð: 3.699.-




## 155 Ísland
**Vildarverð: 4.999.-**
Verð: 5.705.-




## Ísland Vegaatlas 2015
**Vildarverð: 4.499.-**
Verð: 4.999.-




## Átta gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur
**Vildarverð: 3.269.-**
Verð: 3.630.-




## 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu
**Vildarverð: 2.999.-**
Verð: 4.148.-




## 25 gönguleiðir á Snæfellsnesi
**Vildarverð: 2.999.-**
Verð: 4.148.-




## Vegahandbókin
**Vildarverð: 4.999.-**
Verð: 5.499.-




## Ferðakort Ísland 1:600 000
**Vildarverð: 1.799.-**
Verð: 1.999.-




## Ísland Ferðakort 1:500 000
**Vildarverð: 1.999.-**
Verð: 2.399.-

| | | | |
|---|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Álfabakka 14b, Mjódd | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni norður | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 |
| Laugavegi 77 | Kringlunni suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | |
| Hallarmúla 4 | Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 2. júlí, til og með 6. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fötin skapa konuna

BÆKUR ★★★☆☆

**Tapað – fundið**
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
VERÖLD

Skipta konur virkilega um karakter þegar þær skipta um fatastíl? Sú er að minnsta kosti grunnhugsunin í fyrstu skáldsögu Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur, Tapað – fundið, sem kom út hjá Veröld á dögunum. Þar hverfist sagan um þau umskipti sem verða í hugsun og lífsviðhorfi lögfræðingsins Höllu Bryndísar, dragtarkonu og formanns slitanefndar íslensks banka, þegar hún tekur tösku bóhemskrar listakonu í misgripum á flugvelli í London. Og ekki nóg með það að hún breytist við það að klæðast annarrar konu klæðum, allir í kringum hana líta hana öðrum augum og hún blómstrar sem kona. Jahérnahér.

Sagan, sem sumir skilgreina sem skvísubók fyrir eldri skvísur, er ansi klisjukennd: starfsframi kæfir kvenlundina og dragtir drekkja sexappílnum, það er óhugsandi að vera hamingjusöm kona þegar starfið tekur tíma frá eiginmanni og börnum, það er hamlandi fyrir lífsánægjuna að búa í Garðabæ, listsköpun er merkilegri en lögfræði og svo framvegis. Það pirrar lesandann reyndar töluvert að hnjóta um þessar stöðluðu klisjur á nánast hverri síðu en takist manni að horfa fram hjá þeim og ganga inn í söguna á hennar eigin forsendum er Tapað – fundið hin skemmtilegasta lesning.

Árelía Eydís er góður stílisti og hefur fullt vald á skömmtun upplýsinga og framvindu sögunnar. Persónurnar eru reyndar hræðilega staðlaðar kvenmyndir; lífsleiða framakonan versus frjálsa listakonan sem þó hefur sína djöfla að draga, en lesandinn tekur þær í sátt eftir því sem á líður, sérstaklega listakonuna sem við kynnumst eingöngu í gegnum dagbókarskrif og er mun áhugaverðari karakter en Halla Bryndís. Spurning hvort sagan hefði ekki orðið sterkari með hana sem aðalpersónu. Kaflarnir úr dagbókinni eru að minnsta kosti það sem lesandinn hefur mestan áhuga á að sjá framhaldið á, saga lögfræðingsins er svo hræðilega fyrirsjáanleg.

Sögusviðið teygir anga sína víða; Reykjavík, Garðabær, London, Cambridge og París eru sögustaðirnir og af og til er stokkið yfir í fortíð aðalpersónunnar, bæði heima á Íslandi og á flakki erlendis. Textinn rennur afskaplega vel og þótt fátt komi á óvart í framvindunni tekst höfundinum að skemmta lesandanum og láta honum líða vel við lesturinn. Tapað – fundið er sem sé dæmigerð „feelgood“-bók, sérhönnuð fyrir konur sem vilja gleyma hversdagsleikanum um stund og láta sig dreyma um annað og fjörlegra lífsmynstur. Ekkert að því.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Dæmigerð skvísubók fyrir eldri skvísur, vel skrifuð og skemmtileg, en full klisjukennd til að hreyfa við tilfinningum lesandans.





ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813




MERKISSAFN Hljóðfærasafnið á Þingeyri er merkissafn sem gaman er að heimsækja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þær auðvitað bara bráðnuðu báðar tvær

Jón Sigurðsson rekur hljóðfærasafn og hljóðfærasmíði á Þingeyri og íslenska langspilið er vinsælt á meðal kaupenda, bæði Íslendinga sem útlendinga.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Á Þingeyri er fallegt og skemmtilegt hljóðfærasafn sem rekið er af Jóni Sigurðssyni. Jón segist hafa byrjað með safnið fyrir um þremur til fjórum árum í bílskúrnum heima, en sökum vaxtar og viðgangs hafi hann nú flutt safnið í húsnæði við Hafnarstræti. Jón hefur einnig verið að fást við hljóðfærasmíði á liðnum árum og er íslenska langspilið þar langvinsælast. „Ég hef verið að smíða langspil núna í nokkur ár. Ég er ekki menntaður hljóðfærasmiður en hef þó verið að fikra mig áfram og smíðað töluvert af þessu. Langspilið selst vel og það koma pantanir frá Íslendingum og svo talsvert frá útlöndum líka. Íslendingarnir eru flestir tónlistarmenn með áhuga á þjóðlagatónlist en útlendingarnir eru margir hverjir safnarar.“

Jón smíðaði fyrst langspil 2003 eftir pöntun frá eistneskum tónlistarkennara sem var þá starfandi á Þingeyri. „Ég smíðaði fyrir hann en hef kannski ekkert sérstaklega ánægður með það hljóðfæri svo ég hélt áfram að smíða. Smíðaði fleiri og fleiri langspil og þetta þróaðist töluvert. Ólafur Arnalds fékk svo tónlistarverðlaun frá STEFi og fékk langspil frá mér í verðlaun og það vakti mikinn áhuga.“

Langspilið er íslenskt hljóðfæri frá átjándu öldinni en íslenska fiðlan var undanfari þess. Jón hefur einnig aðeins fengist við að smíða íslenskar fiðlur en langspilið er þó vinsælast af því sem hann er að smíða. „Það er minna vitað um íslensku fiðluna en hún var afar einfalt hljóðfæri og kannski er það ástæðan fyrir því að áhuginn er minni. Langspilið er líka þróaðri útgáfa og það er auðvelt að ná tökum á langspilinu fyrir þá sem hafa eitthvað örlítið fengist við tónlist. Langspilið er látið liggja á borði eða hnjám og svo er spilað með boga. Það er spilaður einn undirtónn og svo er melódíustrengur. En það má geta þess að þetta hljóðfæri var gríðarlega vinsælt á íslenskum heimilum um miðja nítjándu öld og þau hljóðfæri voru mörg hver heimasmíðuð. En svo hef ég líka náð góðum tökum á að smíða fleiri hljóðfæri og það má kynna sér það nánar á heimasíðunni minni langspil.weebly.com og þar er líka hægt að leggja inn pantanir.“



HLJÓÐFÆRASMIÐUR Jón Sigurðsson með langspil sem hann hefur smíðað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




➜ Geena Davis og sonur skrifuðu í gestabókina í Hljóðfærasafninu á Þingeyri .

Jón segir að hljóðfærasmíðin sé skemmtileg vinna en til þess að ná að reka hljóðfærasafnið samhliða smíðinni fái hann aðstoð frá systur sinni og móður við að vera á safnavaktinni. „Það er heilmikið rennerí í safnið og þá ekki síst útlendingar sem eru forvitnir um þessi gömlu íslensku hljóðfæri. Okkur hlotnaðist sá heiður fyrir skömmu að Geena Davis kom í heimsókn á safnið og þá voru mamma og systir mín einmitt á vaktinni. Þær auðvitað bráðnuðu nú bara báðar tvær enda engin smá stjarna sem kíkti við þann daginn.“

> **Langspilið er látið liggja á borði eða hnjám og svo er spilað með boga. Það er spilaður einn undirtónn og svo er melódíustrengur.**
> *Jón Sigurðsson*




# ÚTSALAN HEFST Í DAG KL. 11

Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**2. JÚLÍ 2015**

### Tónleikar

**17.00** ATP hefst í Ásbrú í Reykjanesbæ. Hátíðin mun standa yfir alla helgina en í kvöld munu stærstu nöfnin á dagskránni stíga á svið. Miðinn á hátíðina kostar 18.750 kr og eru nokkrir miðar eftir á midi.is.

**18.00** Drengja- og karlakórinn Syngedrengene frá Assens, Danmörku, heldur tónleika í Selfosskirkju. Þetta er 40 manna kór sem mun síðan einnig halda tónleika í Grafarvogskirkju í Reykjavík þann 4. júlí. Að auki mun kórinn taka þátt í messu í Hallgrímskirkju sunnudaginn 5. júlí. Syngedrengene er kirkjukór í Vor Frue Kirke í Assens. Kórinn er með betri drengjakórum í Danmörku og er mjög eftirsóttur til tónleikahalds. Ókeypis aðgangur á alla tónleikana.

**20.00** Blöndal Tríó spilar á Hlemmur Square. Nýlegt djassband sem spilar klassíska djasstónlist ásamt frumsömdu efni. Meðlimir sveitarinnar eru Viktor Blöndal, Magnús Orri Dagsson og Jakob Gunnarsson.

**21.00** Big Band Samúels Jóns Samúelssonar í Gamla bíói. Bandið hélt síðast eigin tónleika í Reykjavík í desember 2012 sem voru líka í Gamla bíói. Síðan þá er búið að taka húsið í gegn. Bandið mun spila efni af öllum plötum sínum; Legolandi, Fnyk, Helvítis Fokking Funki og 4 Hliðum. Þeir munu einnig prófa nýtt efni sem verður á næstu plötu. Miðar eru fáanlegir á midi.is og kosta 2.900 og 3.900 kr.

**21.00** Björn Thoroddsen kemur fram í félagsheimilinu á Bolungarvík. Heimsklassa gítarleikarinn spilar ásamt vestfirskum tónlistarmönnum og mun flytja mörg af bestu lögum Bítlanna. Kósíkvöld með heimsklassa tónlist sem enginn má missa af. Með Birni á sviðinu verða Anna Þuríður Sigurðardóttir, Benni Sig, Ylfa Mist, Stefán Freyr Baldursson gítarleikari, Dagný Hermannsdóttir og síðast en ekki síst Villi Valli. Miðaverð kr. 2.500 og ískaldur á krana.

**21.00** DJ Einar Sonic treður upp á skemmtistaðnum Bravó.

**21.00** Woodpigeon spilar í Mengi á Óðinsgötu. Mark Andrew Hamilton er maðurinn á bak við Woodpigeon. Hann heldur einstaklingstónleika með efni sem hann er nýbúinn að taka upp með samstarfsaðilanum Sandro Perri. Það verða lykkjur og eitthvað um falsettur. Mark er fæddur og búsettur í Kanada. Hann sérhæfir sig í órafmögnuðum lykkjum og sér um eigin raddanir. Einstaklingsverkefnið Woodpigeon hófst á Iceland Airwaves-hátíðinni en Mark er einnig stoltur og kátur meðlimur í EMBASSYLIGHTS með Benna Hemm Hemm og þreytti frumraun sína á Airwaves 2014.

**21.00** Leitin að partíljóninu verður í Gamla kaupfélaginu á Akranesi á Írskum dögum. Margir hæfileikaríkir spreyta sig á sviðinu og verður svo valið úr þeim hópi eitt partíljón. Það hlýtur 50.000 kr. í verðlaun frá Íslandsbanka og mun það ganga í götugrillið á föstudagskvöldið. Eftir að keppni lýkur heldur fjörið áfram í Gamla kaupfélaginu til kl. 01.00. Skráning í keppnina er í gegnum irskirdagar@akranes.is

**21.00** Ljótu hálfvitarnir koma fram á Græna hattinum á Akureyri.

**21.00** Svavar Knútur og Kristjana hafa undanfarin ár vakið verðskuldaða athygli fyrir stórskemmtileg dúettakvöld. Þar ríkir bæði gleði og angurværð ásamt örlitlum fíflagangi og bera þau vinirnir á borð fjölbreytta dagskrá dúetta, sem rúmar allt frá Abba til Dolly Parton með viðkomu hjá Nick Cave og Páli Ísólfssyni, auk frumsaminna laga og hinna ýmsu gleði- og tregabomba. Miðaverð er kr. 2.500 og verða tónleikarnir á Brákarbraut 13-15 á Borgarnesi.

### Fræðsla

**18.00** Rekstrarland stendur fyrir vörukynningu fyrir verðandi foreldra í Mörkinni 4. Þar verða m.a. kynnt bindi, húðvörur, vörur tengdar brjóstagjöfinni og þeirra einstöku Bambo Nature bleiur.

**20.00** Í kvöldgöngunni Reykjavík Safarí býðst borgarbúum að kynnast starfsemi menningarstofnana á ólíkum tungumálum. Hægt verður að velja leiðsögn á ensku, arabísku, pólsku, portúgölsku, víetnömsku og taílensku en allir hóparnir hittast í lok göngunnar í Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15, þar sem boðið verður upp á hressingu og lifandi tónlist. Lagt af stað frá Tryggvagötu 15. Þátttaka er ókeypis, allir eru velkomnir. Leiðsögumenn munu leiða hópa og segja frá menningarlífi í Reykjavík.

**20.00** Í sumar er boðið upp á kvöldgöngur í Hafnarfirði með leiðsögn alla fimmtudaga. Miðað er við að hún taki um klukkustund og sé við allra hæfi. Þátttaka er ókeypis. Í kvöld verður gengið um skrúðgarðinn Hellisgerði og sagt frá plöntum og trjágróðri sem þar er að finna. Steinar Björgvinsson, skógfræðingur og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, mun leiða gönguna. Gengið verður frá inngangi Hellisgerðis við Reykjavíkurveg.

### Sýningar

**17.00** Sirkus Íslands mætir á Goslokahátíð. Sýndar verða þrjár mismunandi sýningar: Heima er best er stóra fjölskyldusýningin, S.I.R.K.U.S. er krakkasýningin sem er sérsniðin að leikskólaaldri, þó ekki á kostnað eldri áhorfenda, og svo fullorðinssirkusinn Skinnsemi sem er sirkuskabarett með fullorðinsbragði og er bönnuð innan 18 ára. Hægt er að nálgast miða á midi.is en þeir kosta 3.500 kr.

### Hátíðir

**18.00** Kex Kántrí á Kexi Hosteli. Haldið verður upp á þjóðhátíðardag Bandaríkjanna á Kexi frá 2. til 4. júlí. Boðið verður upp á amerískan mat, drykki og kántrítónlist. Sérútbúinn matseðill hefur verið gerður fyrir hátíðina. Um að gera að dusta af kúrekastígvélunum og mæta á svæðið.

### Uppákomur

**17.00** Start up Reykjavík sem er í Borgartúni 30 á 3. hæð stendur fyrir viðburði þar sem fimm af Start Up Reykjavík liðunum mæta og „pitcha“ hugmynd fyrir gesti. Einnig verður fyrirlestur Agnars Sigmarssonar sem er yfirmaður Datasmoothie. Joe and The Juice verður á staðnum að grilla lokur og þeyta djús fyrir gesti fyrir litlar 1.000 kr. DJ Gunni heldur uppi stuðinu um kvöldið.

**20.00** Spilakvöld hjá Spilavinum, Suðurlandsbraut 48. Fólk sem hefur gaman af því að spila safnast saman í Spilavinum annað hvert fimmtudagskvöld. Það kostar ekkert að taka þátt og spila. Starfsfólk sér um að kenna spil og hópa fólk saman svo allir skemmti sér vel. Spiluð verða alls konar spil á mörgum borðum. Miðað er við að þessi spilakvöld séu fyrir fullorðna en krakkar 12 ára og eldri í fylgd með fullorðnum eru velkomnir.



### Bókmenntir

**16.00** Prímus útgáfa gefur út annað hefti sitt og í tilefni þess verður útgáfuhóf á neðri hæð Bókasafns Kópavogs við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Skáldin Adolf Smári Unnarsson og Kristín Dóra Ólafsdóttir munu lesa upp ljóð sem birtast í heftinu auk þess sem upprunaleg myndverk eftir Valgerði Magnúsdóttur og Sigrúnu Gyðu Sveinsdóttur verða til sýnis. Allir velkomnir.

### Pub Quiz

**21.00** MMA Fréttir munu halda sitt fyrsta MMA Pubquiz á Brooklyn-bar. Það kostar ekkert að taka þátt. Keppt verður í tveggja manna liðum og munu keppendur svara spurningum ritstjóra MMA Frétta eftir bestu getu.Glæsilegir vinningar verða í boði frá Brooklyn-bar og Óðinsbúð fyrir efstu þrjú liðin.

### Ljósmyndasýningar

**20.00** Sportkafarafélag Íslands stendur fyrir myndakvöldi í kafaraskálanum við Nauthólsveg. Nokkrir meðlimir S.K.F.Í. og gestir hafa nýverið verið í Egyptalandi og vilja deila myndbandi og myndbrotum úr ferðinni. Einnig á að kanna áhuga fyrir hákarlaköfunarferð í Rauða hafið.

### Myndlist

**16.00** Opnun myndlistarsýningarinnar Hreintjarnir eftir Hörpu Árnadóttur í Hverfisgalleríi. Harpa er þekkt fyrir tilraunakennd málverk sín, bæði á striga og pappír. Á sýningunni fangar Harpa Árnadóttir íslenska sumarið í sínum litríka margbreytileika. Hún skoðar náttúruna með því að fanga formgerðir landsins og hvernig áhorfandi skynjar birtuskil sólarinnar.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




# BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR (RFI)

## LJÓSLEIÐARATENGING BYGGÐAKJARNA: DRANGSNES, RIF, KÓPASKER OG RAUFARHÖFN

Fjórir byggðakjarnar á meginlandi Íslands með yfir 50 íbúa eru í dag án ljósleiðaratengingar. Það takmarkar framboð og gæði fjarskiptaþjónustu sem bitnar á búsetugæðum og atvinnulífi. Ljósleiðaratenging byggðakjarna við stofnnet fjarskipta á Íslandi er eitt af markmiðum fjarskiptaáætlunar.

**Auglýst er eftir:**
**A**. Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu við Dangsnes, Rif, Kópasker eða Raufarhöfn á næstu þremur árum.
**B**. Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja og reka til framtíðar ljósleiðartengingu við Drangsnes, Rif, Kópasker eða Raufarhöfn með opinberum stuðningi, komi til þess að enginn ætli að gera það án opinbers stuðnings.

Fjarskiptasjóður hyggst styrkja verkefnið, gerist þess þörf.

Aðilar sem óska eftir opinberum stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o.fl.

**Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu til Ríkiskaupa á netfangið utbod@rikiskaup.is fyrir kl. 12:00 þann 17.07.2015.**

Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.
Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum/skýringum og skulu slíka fyrirspurnir sendar á netfangið **utbod@rikiskaup.is.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP




# ERU LIÐIRNIR STIRÐIR?

PRÓFAÐU AÐ BÆTA NÁTTÚRULEGUM LAUSNUM VIÐ LÍF ÞITT!

Hefur þú leitað í lausnir náttúrunnar?
Það eru ótal leiðir mögulegar í átt að betri líðan.

**Komdu í Heilsuhúsið. Við ráðleggjum.**

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**28 ára Lindsay Lohan, leik- og söngkona.**

**Þekktust fyrir:** Mean Girls.

## BÍÓFRÉTTIR

### Jurassic World nú vinsælust



Kvikmyndin Jurassic World hefur gert ótrúlega hluti í aðsókn og er orðin vinsælasta mynd ársins. Áður hafði myndin sett met fyrir bestu opnunarhelgi allra tíma. Myndin hefur slegið Avengers: Age of Ultron og Furious 7 við í miðasölu, þrátt fyrir að hafa verið mun skemur í sýningu.

## FRUMSÝNINGAR



**Webcam**

**Spennumynd**

**Helstu leikarar** Anna Hafþórsdóttir, Telma Huld Jóhannesdóttir, Ævar Már Ágústsson, Gunnar Helgason, Júlí Heiðar Halldórsson og Magnús Thoroddsen Ívarsson.

**Leikstjórn** Sigurður Anton Friðþjófsson.

Íslensk mynd sem fjallar um unga stúlku sem fækkar fötum fyrir framan vefmyndavél.



**Minions**

**Gamanmynd**

**teiknimynd**

**Helstu raddir**: Sandra Bullock, Michael Keaton, Jon Hamm, Allison Janney, Katy Mixon, Pierre Coffin, Hiroyuki Sanada, Jennifer Saunders, Chris Renaud, Steve Coogan, Jess Harnell og Bill Farmer.

**Leikstjórn** Pierre Coffin og Kyle Balda.



**Magic Mike XXL**

**Gamanmynd**

**Helstu leikarar** Channing Tatum, Amber Heard, Elizabeth Banks, Matt Bomer, Jada Pinkett Smith, Joe Manganiello, Andie MacDowell, Donald Glover, Gabriel Iglesias, Adam Rodriguez og Kevin Nash.

**Leikstjórn** Gregory Jacobs.

Framhald af kvikmyndinni Magic Mike sem kom út árið 2012.

# Fjalla um vandræði atvinnumanna

Þættirnir Ballers hafa vakið athygli. Sonur Denzel Washington og Dwayne „The Rock“ Johnson eru sagðir fara á kostum í þáttunum. Umfjöllunarefnið er fjárhagsvandræði bandarískra atvinnumanna í íþróttum sem margir verða gjaldþrota að ferli sínum loknum.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@365.is



Þættirnir Ballers, sem framleiddir eru af HBO, hafa farið vel af stað í Bandaríkjunum. Dwayne „The Rock“ Johnson fer fyrir hópi leikara í þáttunum, sem hefur verið líkt við hina vinsælu Entourage. Ekki skemmir það fyrir samanburðinum að Mark Wahlberg er einn af framleiðendum þáttanna, en hann er einnig í framleiðsluliði Entourage.

Í Ballers er fylgst með Spencer Strasmore, sem er hættur sem ruðningskappi og einbeitir sér nú að fjármálastjórn. Strasmore starfar fyrir fyrirtæki sem sérhæfir sig í að sjá um fjármál íþróttakappa. Í þáttunum er fylgst með ótrúlegu líferni bandarískra íþróttamanna og þykja þeir gefa raunsæja mynd af því sem gengur og gerist vestanhafs.

### Þekkt vandamál

Þættirnir tækla þekkt vandamál í Bandaríkjunum, þar sem fjölmargir atvinnumenn í íþróttum verða gjaldþrota eftir að þeir hætta. Mikið hefur verið fjallað um gjaldþrot hátt launaðra fyrrverandi atvinnumanna og munu þættirnir eflaust hjálpa til við að vekja athygli á þessu vandamáli.

Í fyrsta þættinum, sem sýndur var á Stöð 2 á þriðjudagskvöld, fengu áhorfendur að sjá Spencer Strasmore hjálpa ungum félögum sínum í gegnum ótrúleg vandamál. Hjálpsemi Spencers er þó ekki einungis sprottin af góðmennskunni; hann er undir pressu yfirboðara sinna að fá til sín fyrrverandi íþróttakappa sem viðskiptavini.



**SPENNANDI ÞÆTTIR** Dwayne „The Rock“ Johnson fer fyrir hópi leikara í þáttunum, sem hefur verið líkt við hina vinsælu Entourage.

### Ruðningskappar í hættu

Rannsóknir hafa verið gerðar á fjármálum ruðningskappa. Þeir fá háar summur á meðan þeir spila, en ferill þeirra er oft stuttur. Margir falla í þá gryfju að lifa of hátt þegar þeir eru enn á samningi sem getur haft slæmar afleiðingar þegar menn hætta. Rannsóknardeild hagfræðistofu Bandaríkjanna komst að því að ruðningskappar úr NFL-deildinni væru jafnlíklegir eða líklegri til að verða gjaldþrota en almennir launamenn. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að það geti reynst erfitt að skipuleggja fjárhagslega framtíð þegar menn afla mikilla tekna í einu á ferli sem getur endað mjög skyndilega.

### Vel tekið

Þáttunum hefur verið vel tekið í Bandaríkjunum. Fyrsti þátturinn fór í sýningu í síðustu viku og kom vel út úr áhorfsmælingum. Gagnrýnendur, sem hafa horft á fleiri þætti en farið hafa í loftið, hafa einnig tekið þáttunum vel. Vefsíðan Rotten Tomatoes, sem heldur utan um gagnrýni sem birtist í fjölmiðlum og býr til meðaleinkunn úr henni, gefur þáttunum 78 stig af 100. Þar er „The Rock“ hrósað sérstaklega fyrir góðan leik og er hann sagður skapa ákveðna hlýju í þáttunum. Síðan Metacritic, sem byggir á svipuðum grunni og Rotten Tomatoes, gefur þáttunum 65 stig af 100.

### Fyrrverandi ruðningskappi í aðalhlutverki

Athygli vekur að á meðal aðalleikara er John David Washington. Eftirnafnið þekkja eflaust margir, en hann er sonur stórleikarans Denzel Washington. John David þótti efnilegur ruðningskappi í háskóla, þar sem hann lék með Morehouse-skólanum. Hann reyndi svo fyrir sér sem atvinnumaður og lék fyrir lið í Kaliforníu, í hinni svokölluðu United Football League, sem varð gjaldþrota árið 2012. Hann var einnig á mála hjá liði í NFL og lék um tíma í Evrópu.

Þetta verður fyrsta stóra hlutverk Johns Davids, en hann hefur leikið nokkur smærri hlutverk í gegnum tíðina, til að mynda við hlið föður síns í myndinni Malcolm X.





HUNDRUÐIR VARA!
RISA
SUMARÚTSALAN
ER HAFIN!
Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is
20-70% afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
byggtogbúið
Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# LÍFIÐ

## Ótrúlega ómótstæðilegar Oreo-bollakökur



**Kökur**
- 24 Oreo-kökur
- 1 2/3 bolli hveiti
- ½ tsk. lyftiduft
- ¼ tsk. matarsódi
- ½ tsk. salt
- 115 g bráðið smjör
- 1 bolli sykur
- 1 egg
- ¼ bolli sýrður rjómi
- ¾ bolli nýmjólk
- 1½ tsk. vanilludropar

Hitið ofninn í 180°C og takið til möffinsform. Setjið eina Oreo-kexköku í botninn á hverju formi (u.þ.b. 12 form).
Blandið hveiti, lyftidufti, matarsóda og salti saman og setjið til hliðar.
Bræðið smjörið og leyfið því að kólna aðeins. Bætið síðan sykri, eggi, sýrðum rjóma, mjólk og vanilludropum saman við smjörið.
Blandið smjörblöndunni varlega saman við þurrefnin. Grófsaxið átta Oreo-kexkökur og blandið þeim varlega saman við. Deilið deiginu í möffinsformin og bakið í 20 til 23 mínútur.

**Krem**
- 100 g hvítt súkkulaði
- 50 g mjúkt smjör
- 3 bollar flórsykur
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 msk. mjólk

Bræðið hvíta súkkulaðið og leyfið því aðeins að kólna.
Blandið smjöri og flórsykri vel saman. Bætið því næst hvíta súkkulaðinu, vanilludropum og mjólk saman við.
Takið kremið af síðustu tveimur Oreo-kökunum. Fínmyljið þær, til dæmis í matvinnsluvél. Skreytið kökurnar með kreminu og dreifið Oreo-mulningi yfir.

# Hönnuðir leika sér að kynjahlutverkunum

Tískuvikum karla í París lauk um helgina. Öll stærstu tískuhúsin sýndu línurnar fyrir vorið 2016. Tískuvikan í New York hefst 13. júlí.

Tískuvikur karla fyrir vorið 2016 hafa verið í fullum gangi seinustu vikurnar og lauk sýningunum í París um helgina. Stærstu merkin sýndu fatnað og það var margt sem stóð upp úr. Sýningar hafa verið haldnar í London, Mílanó og París og verða svo loksins í New York þann 13. júlí.

Það birtast yfirleitt ekki margar fréttir frá tískuvikum karla en hönnuðir eru að taka við sér og hafa verið að leika sér meira með karlatískuna.

Það sem stóð upp úr var að margir hönnuðir léku sér að kynjahlutverkunum. Áberandi margir hönnuðir á borð við Givenchy, Gucci og Hood By Air sendu fyrirsæturnar út á pallinn í pilsi.

Athygli vakti einnig hversu margar kvenfyrirsætur voru með í sýningunum og veltu margir upp spurningunni hvort það væri enn þörf fyrir aðskildar tískuvikur fyrir konur og karla. Karlar ganga oft pallinn á kvennatískusýningum. Tískuhúsin gætu sparað sér góða upphæð á þeim breytingum en tískuvikur kvenna hefjast í september.

Afslöppuð og íþróttaleg snið eru enn þá áberandi sem og strigaskór, en það er stíll sem eflaust margir eru ánægðir með.

Nokkrir hönnuðir sóttu innblástur til sjötta áratugarins með buxum háum í mittið og bundnum jökkum, en það var mest áberandi hjá Kenzo og Umit Benan.

gunnhildur@frettabladid.is



**KENZO** Afslöppuð og íþróttaleg snið eru enn þá áberandi sem og strigaskór, en það er stíll sem eflaust margir eru ánægðir með.



**Y-3** Það voru nokkrir hönnuðir sem sóttu innblástur til sjötta áratugarins með háum buxum og bundnum jökkum en það var mest áberandi hjá Kenzo og Umit Benan.

➜ Tískuvikur karla fyrir vorið 2016 hafa verið í fullum gangi seinustu vikurnar og lauk sýningunum í París um helgina. Stærstu merkin í bransanum sýndu föt og það var margt sem stóð upp úr. Sýningar hafa verið haldnar í London, Mílanó og París og verða svo loksins í New York þann 13. júlí.



**LANVIN** Afslappaður stíll einkenndi Lanvin í ár.

**KENZO** Það var mikið um mynstur og háar buxur hjá Kenzo.

**GIVENCHY** Riccardo Tisci sýndi nokkrar útfærslur af pilsum fyrir menn sem komu mjög vel út

**Y-3** Yohji Yamamoto sýndi línu sína fyrir Adidas. Hún var töff og afslöppuð.







# Sumar
# útsala

MEIRA Á
dorma.is

## Fyrir þínar bestu stundir





**TAMPA**
hægindastóll

20%
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll.
Svart, brúnt, grátt og
ljóst leður á slitflötum.
80x90 H:105 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**

## Stillanlegt og þægilegt

AFSLÁTTUR
100.000
krónur




**C&J SILVER STILLANLEGT**
með Shape heilsudýnum

**C&J stillanleg rúm:**
- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor – Total silence®

Stillanlegur botn og
Shape heilsudýnur
Stærð: 2x90x200 cm.

**Fullt verð: 466.900 kr.**

Aðeins **366.900 kr.**

**TVENNUTILBOÐ**
dúnsæng + koddi

QUILTS OF DENMARK®

**O&D dúnsæng**
- 50% dúnn
- 50% smáfiður

**+ Dúnkoddi**

**Fullt verð: 24.900 kr.**



TVENNU
TILBOÐ

Aðeins **18.900 kr.**

**NATURE'S REST**
heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna
með Classic botni.
Stærð: 140x200 cm.

**Fullt verð: 92.900 kr.**

Nature's Bedding

Aðeins **59.900 kr.**



AFSLÁTTUR
33.000
krónur

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn, val um 3 liti
- 320 gormar pr. fm²
- Góðar kantstyrkingar

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10–18
Laugardaga frá kl. 11–16
**www.dorma.is**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

**Þú finnur**
**Dormabæklinginn á dorma.is**

DORMA
Láttu drauminn rætast







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| TERMINATOR GENISYS | 5, 8, 10:30(P) |
| TED 2 | 8, 10:20 |
| JURASSIC WORLD 2D | 8, 10:35 |
| INSIDE OUT 2D - ÍSL TAL | 5 |
| HRÚTAR | 4, 6 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| TERMINATOR 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| ENTOURAGE | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| JURASSIC WORLD 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 8 - 10:30 |
| TOMORROWLAND | KL. 5:20 |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D | KL. 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| TERMINATOR 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:20 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| ENTOURAGE | KL. 8 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| TED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 5:20 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 6 - 8 - 10:10 |
| ENTOURAGE | KL. 8 - 10:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 8 - 10:40 |
| TED 2 | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| TERMINATOR 3D | KL. 8 - 10:40 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 3D | KL. 5:45 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:45 |
| ENTOURAGE | KL. 8 |
| SAN ANDREAS 2D | KL. 10:40 |




**EKKI GOTT** Gagnrýnendur eru sammála um að fyrsta myndin hefði átt að vera sú síðasta.

## Kjötveisla fær fall

Magic Mike XXL kom í kvikmyndahús vestanhafs í gær og má með sanni segja að myndin hafi fengið sæmilegan skell frá kvikmyndagagnrýnendum stærstu blaðanna. Segja gagnrýnendur að um sé að ræða ansi þunnan þrettánda og lítið annað en kjötveislu fyrir augað.

Gagnrýnandi The Telegraph, Tim Robey, sagði myndina einhverja þá hommalegustu sem hann hefði nokkurn tíma séð, hvað svo sem það þýðir. Er mál manna að Channing Tatum hefði alfarið átt að láta vera að leika í þessari eftir að hafa átt ansi góðan sprett upp á síðkastið í kvikmyndunum Foxcatcher og 21 Jump Street. Þess ber að geta að kvikmyndin um Mike er byggð á reynslu Tatum, sem vann fyrir sér sem strippari þegar hann var átján ára gamall í Flórída.



**HÆFILEIKABÚNT** Scherzinger er enginn nýgræðingur þegar kemur að skemmtanaiðnaðinum.

## Út með Ora

Blikur eru á lofti um að ofurskvísan og hæfileikabúntið Nicole Scherzinger sé á leið í dómarasæti bresku útgáfu tónlistarþáttanna The Voice. Keppast slúðurmiðlar um allan heim við að staðfesta að svo sé og muni Scherzinger taka dómarasæti af söngkonunni Ritu Ora sem vermt hefur sætið í aðeins eitt sýningartímabil.

Scherzinger er ekki óvön dómaratitlinum en hún var lengi vel partur af teymi dómara í The X-Factor. Segist slúðurmiðillinn The Sun hafa fyrir satt að söngkonan muni funda í Bretlandi í næstu viku, með aðstandendum þáttanna.

Er Scherzinger líkleg til að verða yfirdómari ef fer sem horfir.

# Listin sem á að spænast upp

Fremstu brettastrákar landsins sameinast undir merki fyrsta íslenska hjólabrettaframleiðandans, Silence.

„Við hóuðum saman bestu skeiturunum á Íslandi í dag og erum að vinna í að koma plötunum á kortið,“ segir Róbert Ingimarsson, einn eigenda fyrsta íslenska hjólabrettaframleiðandans, Silence Skateboards.

Hjólabrettamenningin er greinilega í blússandi gangi, en brettin hafa rokið út hér á landi, en einnig í Frakklandi, Póllandi og í Belgíu, þar sem höfuðstöðvar Silence Skateboards eru. Sérstaða þessara bretta er fjölþætt, en myndirnar sem prýða brettin eru einkar vandaðar og hafa Róbert og félagar fengið til liðs við sig listamenn sem allajafna kæra sig kollótta um að verðleggja listina.

„Ég fékk til að mynda gamlan vin minn, FSTN, sem er að verða stórt nafn í þessum bransa úti, til að gera myndir á brettin. Hann teiknar allar sínar myndir með penna, svo þær eru mjög skemmtilegar. Það sem heillar listamenn mikið og gerir þá ólma í að vinna með okkur er sú staðreynd að myndirnar hverfa af brettunum með tíð og tíma,“ útskýrir Róbert, en líkt og gefur að skilja máist verkin af í takt við brettanotkunina. „Við erum búnir að vera mikið í að taka upp myndbönd og vinna með færustu skeiturum á landinu, þar á meðal hinum þrettán ára Daniil Moroskin, sem við sponserum. Nýlega gerðum við hann svo hluthafa, enda er hér um að ræða eina björtustu von í hjólabrettaiðkun á landinu,“ segir Róbert stoltur.

Segir Róbert listamanninn Margeir Dire koma til með að skreyta næstu línu platnanna,



**LISTRÆNT RENNSLI** Brettin fást á Íslandi, svo sem í verslunum Mohawks, og rjúka út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það sem heillar listamenn mikið og gerir þá ólma í að vinna með okkur er sú staðreynd að myndirnar hverfa af brettunum með tíð og tíma.

en hann er íslenskur listamaður sem hefur tekið þátt í listsköpun um allan heim.

„Næsta skref hjá okkur er svo að flytja allt okkar hafurtask til Belgíu, þar sem höfuðstöðvar okkar eru, og halda þar áfram að sinna verkefninu af fullum krafti,“ bætir Róbert við að lokum.

gudrun@frettabladid.is



**HUGSAR STÓRT** Róbert hyggst flytjast til Belgíu og demba sér í brettahönnun af fullum þunga, enda greinilega markaður fyrir brettin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vönduð tónlist og bandarísk matarhefð

Einn af hápunktum tónlistar- og matarhátíðarinnar KEX Köntrí sem fram fer um helgina, er að hljómsveitin Lights on the Highway kemur fram eftir langt hlé. Bandarískur blær mun svífa yfir Kexi Hosteli næstu daga.

Tónlistar- og matarhátíðin KEX Köntrí, sem fram fer á Kexi Hosteli, hefst í dag og stendur yfir helgina. Um er að ræða árlega hátíð sem er ávallt haldin í kringum þjóðhátíðardag Bandaríkjanna, 4. júlí, og er boðið upp á tónlist sem er undir sterkum áhrifum frá bandarískri þjóðlagatónlist.

Venjan hefur verið að bandarískt tónlistaratriði troði upp á hátíðinni og áður hefur tónlistarfólk á borð við Lambchop og Morgan Kane komið fram ásamt einvalaliði íslensks tónlistarfólks. Í ár verður tónlistin eingöngu íslensk og eru tónlistaratriðin afar vegleg í ár.

Hljómsveitin Lights on the Highway kemur fram á hátíðinni og verða þetta hennar fyrstu tónleikar í nokkur ár. Tónlistarkonan Mr. Silla mun flytja nokkra vel valda kántrístandarda í bland við frumsamin lög. Þá ætlar KK, einn ástsælasti tónlistarmaður okkar Íslendinga, einnig að koma fram.

Hátíðinni verður slaufað með bravúr þegar KEX Köntrí All Stars kemur fram á þjóðhátíðardaginn. KEX Köntrí All Stars er húshljómsveit Kex og er skipuð þeim Ingibjörgu Elsu Turchi, Óskari Kjartanssyni, Tómasi Jónssyni og Erni Eldjárn ásamt einvalaliði söngvara sem eru þau Arnar Ingi Ólafsson, Elín Ey, Lilja Björk Runólfsdóttir og Snorri Helgason.

Matseðillinn verður í sparifötunum og tileinkaður bandarískri matarhefð og á matseðlinum verður m.a. hinn landsfrægi frelsisborgari, svínarif og svalandi drykkir. gþ



**KÖNTRÍSTANDARDAR** Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem Mr. Silla, kemur fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# Stóra 3 fyrir 2 ferðahelgin



**Þú kaupir 3 en borgar bara fyrir 2**




**Nýtt Krónublað er komið út.**

**Kíktu á öll tilboðin fyrir ferðalagið**




**898 kr. 3 pk.**

**Verð áður ~~1347~~ kr./3 pk.**
Ungnauta hamborgari,
2 stk. í pakka, 180 g




**1230 kr. 3 pk.**

**Verð áður ~~1845~~ kr./3 pk.**
Goða vínarpylsur, 10 stk., 513 g




**1198 kr. 3 pk.**

**Verð áður ~~1797~~ kr./3 pk.**
Holta BBQ vængir í fötu, 800 g

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

## Kolbeinn fer í læknisskoðun í dag

**FÓTBOLTI** Samkvæmt frönskum miðlum mun Kolbeinn Sigþórsson gangast undir læknisskoðun hjá franska úrvalsdeildarfélaginu Nantes í dag. Talið er að hann hafi samþykkt að semja við franska félagið, sem greiðir Ajax í Hollandi þrjár milljónir evra fyrir íslenska landsliðsframherjann, jafnvirði 440 milljóna króna, en Kolbeinn á eitt ár eftir af samningi sínum við hollenska stórveldið.

Félagaskiptin hafa legið í loftinu síðustu daga en forseti Nantes hefur áður gefið sterklega til kynna að félagið muni tryggja sér þjónustu Kolbeins næstu árin. Kolbeinn er 25 ára og hefur verið í Hollandi undanfarin átta ár. Fyrstu fjögur árin með AZ og svo í fjögur ár með Ajax.

Ekki hefur náðst í Kolbein né umboðsmann hans síðustu daga vegna þessa. - esá



## Þjálfari Cork býst við erfiðum leik

**FÓTBOLTI** KR mætir Cork City frá Írlandi í fyrri leik liðanna í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld. Leikurinn fer fram á heimavelli Cork, Turners Cross, og hefst klukkan 18.45. Þjálfari írska liðsins, John Caulfield, segir KR erfiðan mótherja.

„Þetta er sterkt lið með góða leikmenn. Við vonumst til að halda hreinu og viljum skora 1-2 mörk. Þeir munu væntanlega liggja aðeins til baka og beita skyndisóknum. Við erum búnir að skoða liðið vel og vitum hvað við þurfum að gera til að ná góðum úrslitum,“ sagði Caulfield á blaðamannafundi í gær.

Þar talaði hann líka um eftirvæntinguna sem fylgir því að spila Evrópuleiki en Cork hefur ekki verið með í Evrópukeppni frá tímabilinu 2008-09.

Þá féll liðið úr leik fyrir FC Haka frá Finnlandi í UEFA Cup, sem er í dag Evrópudeildin. Tímabilið þar á undan mætti Cork Val í Intertoto-keppninni sálugu og sló Valsmenn út, samanlagt 2-1.

Þetta er hins vegar sjöunda árið í röð sem KR tekur þátt í Evrópukeppni. Í fyrra féll liðið úr leik fyrir Celtic í 2. umferð forkeppni



**KÝLT FRÁ** Stefán Logi Magnússon þarf að vera vel á verði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Þetta lifir með manni alla ævi

Víkingur spilar sinn fyrsta Evrópuleik í 23 ár í kvöld þegar liðið tekur á móti Koper frá Slóveníu. Hörður Theodórsson var einn af þeim sem spilaði síðasta Evrópuleik Víkinga gegn rússneska liðinu CSKA Mosvku haustið 1992 og segir hann það hafa verið mikla upplifun.

**FÓTBOLTI** „Ágætt, Víkingar“ og „Víkingar stóðu sig en Rússarnir of sterkir“. Þetta voru fyrirsagnir dagblaðanna Tímans og DV eftir 1-0 tap Víkings gegn Rússlandsmeisturum CSKA Moskvu í fyrri leik liðanna í fyrstu umferð Evrópukeppni meistaraliða 16. september 1992.

Víkingar unnu árið áður fimmta Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins og spiluðu þarna sinn níunda Evrópuleik. Leikurinn í Mosvku tveimur vikum síðar, sem tapaðist, 4-2, var síðasti Evrópuleikur liðsins. Nú, 23 árum síðar, er Fossvogsfélagið aftur komið á Evrópusviðið.

Víkingar taka á móti FC Koper frá Slóveníu í fyrstu umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í Víkinni í kvöld. Þetta er ellefti Evrópuleikurinn í sögu félagsins en sá fyrsti sem liðið spilar á sínum heimavelli í Fossvoginum.

### Fengu góða hjálp

Leiðin hefur verið löng og ströng. Ári eftir Evrópuævintýrið féll Víkingur og var félagið lengi að ná sér á strik. Það er í raun rétt svo að byrja núna. Árin eftir fallið voru erfið og sneru Víkingar ekki aftur á meðal þeirra bestu fyrr en 1999. Liðið féll strax aftur líkt og það gerði 2004. Það hélt sér uppi eina leiktíð 2006 en féll á ný 2007 og aftur 2011. Aðeins sex ár eru síðan Víkingur hafnaði í tíunda sæti 1. deildar árið 2009.

Eftir ótrúlegan endasprett í 1. deildinni 2013 komust Víkingar aftur upp á meðal þeirra bestu og þrátt fyrir ömurlegan endasprett í Pepsi-deildinni í fyrra náði liðið í Evrópusæti. Það var eins og liðin í landinu vildu að Víkingar spiluðu Evrópuleik á ný, í það minnsta fengu þeir næga hjálp.

„Það er frábært að Víkingur sé í þessari stöðu aftur. Félagið er bara að snúast við út af þessu. Það eru þessir leikir sem gefa þessu gildi,“ segir Hörður Theodórsson, fyrrverandi leikmaður Víkings. Hörður varð Íslandsmeistari með Víkingi 1991 og spilaði báða Evrópuleikina gegn CSKA ári síðar.

„Það var alveg stórkostleg upplifun. Sérstaklega að spila á 100.000 manna velli ytra. Það voru reyndar bara 15.000 manns á vellinum þannig hann virkaði tómur,“ segir hann og hlær.

Hörður spilaði aðeins þessa tvo Evrópuleiki og miðað við stöðu Víkingsliðsins í deildinni í dag lítur ekki út fyrir að fleiri Evrópuleikir séu á dagskránni í bili.

„Þetta er eitthvað sem lifir með manni alla ævi og klárlega það sem stendur upp úr ferlinum fyrir mann eins og mig sem spilaði allan ferilinn á Íslandi. Þetta gefur manni gríðarlega mikið,“ segir Hörður og bætir við:

„Maður fattar ekki hversu stórt þetta er þegar maður er að spila. Svona eftir á er þetta það sem maður man eftir og sérstaklega að hafa spilað við svona stórt lið,“ segir Hörður Theodórsson.

### Janni hjálpar til

Milos Milojevic, annar þjálfari Víkinga, hefur eytt dag og nótt í að fá upplýsingar um Koper-liðið og myndbönd til að greina. Víkingar leituðu einnig til annars Íslandsmeistara frá 1991, Janez Zilnik, í leit að upplýsingum um liðið en hann er Slóveni sem kom að góðum notum. „Ég veit nánast allt um þetta lið,“ segir Milos við Fréttablaðið. „Eina sem ég veit ekki er hversu margir af nýju leikmönnunum munu spila. Það eru komnir fjórir nýir.“

Milos segir besta mann liðsins vera örvfætta miðjumanninn Goran Galesic og þá eru bosnískir miðverðir Koper mjög sterkir í loftinu. Þeir eru svo með Veigar Páls-týpu, eins og Milos orðar það, í fyrrverandi fyrirliða U21 árs landsliðs Slóvena.

### Varnarsinnaður mótherji

„Þeirra hugmyndafræði er mjög varnarsinnuð og treyst er á skyndisóknir og föst leikatriði,“ segir Milos um liðið sem hafnaði í áttunda sæti slóvensku deildarinnar í fyrra en varð bikarmeistari.

„Serbi sem spilaði þarna í fyrra og ég ræddi við sagði að það væri engin leikáætlun fram á við. Ef liðið nær ekki að verjast er bara vesen. Við eigum svona 50 prósenta séns á að komast áfram ef við eigum tvo góða daga. Það hjálpar samt ekki að spila bikarleik þarna á milli, en þeir eiga leik í slóvenska stórbikarnum um helgina þannig bæði lið eru á svipuðum stað,“ segir Milos.

tomas@365.is



**LOKAUNDIRBÚNINGURINN** Ólafur Þórðarson, annar þjálfara Víkings, fylgist hér vel með sínum mönnum á æfingu liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

### ➜ Ekkert íslenskt félag hefur beðið lengur eftir að spila aftur í Evrópu

Víkingar setja nýtt met í kvöld þegar þeir spila sinn fyrsta Evrópuleik frá árinu 1992 en ekkert íslenskt félag hefur þurft að bíða lengur á milli Evrópuleikja. Víkingar bæta nú sex ára gamalt met Framara frá 2009 sem þá spiluðu sinn fyrsta Evrópuleik í 17 ár. 8.310 dagar líða á milli Evrópuleikja Víkinga og á þeim tíma hefur Víkingur fimm sinnum fallið úr deildinni og fimm sinnum komið inn aftur.

### ➜ Engir Evrópudraumar hingað til

Víkingar hafa ekki tekið þátt í Evrópukeppni í 23 ár en fá nú tækifæri til að gera það sem engu Víkingsliði hefur tekist í tíu Evrópuleikjum félagsins frá 1972 til 1992. Víkingur á nefnilega enn eftir að vinna leik í Evrópukeppni þar sem allir þessir tíu Evrópuleikir félagsins hingað til hafa tapast.

Víkingsliðið skoraði ekki í fyrstu fimm Evrópuleikjum sínum en fyrsta Evrópumarkið skoraði Jóhann Þorvarðarson strax á fyrstu mínútu í útileik á móti spænska Baskafélaginu Real Sociedad í september 1982. Jóhann skoraði líka í útileik á móti ungverska liðinu Gyor árið eftir og er markahæsti Víkingurinn í Evrópukeppni. Síðasta mark Víkinga í Evrópukeppni skoraði Guðmundur Steinsson mínútu eftir að hann kom inn á sem varamaður í 2-4 tapi á móti CSKA Moskvu á Luzhniki-leikvanginum 30. september 1992.




# Jafntefli fín úrslit fyrir okkur

FH mætir SJK frá Finnlandi í fyrri leik liðanna í forkeppni Evrópudeildarinnar.

**FÓTBOLTI** FH hefur leik í 1. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í dag þegar Hafnfirðingar mæta finnska liðinu Seinäjoen Jalkapallokerho, eða SJK, á útivelli.

Þetta er tólfta árið í röð sem FH leikur í Evrópukeppni en Heimir Guðjónsson stýrir Fimleikafélaginu í 27. sinn í Evrópuleik í kvöld. Hann segir FH-inga eiga erfitt verkefni fyrir höndum.

„Þetta er gott fótboltalið sem varð í 2. sæti finnsku úrvalsdeildarinnar í fyrra og eru í 3. sætinu sem stendur. Þeir vilja halda boltanum innan liðsins og eru sókndjarfir, þannig að við þurfum að vera vel undirbúnir fyrir leikinn,“ sagði Heimir í samtali við Fréttablaðið í gær. FH-ingar komu til Finnlands snemma á þriðjudagsmorgun og æfðu bæði í gær og fyrradag. Allir leikmenn liðsins eru klárir í slaginn að sögn Heimis, að frátöldum Jonathan Hendrickx og Sam Hewson sem eru meiddir.

Auk þess að vera góðir að halda boltanum innan liðsins spilar SJK sterkan varnarleik en liðið hefur aðeins fengið á sig 11 mörk í 15 leikjum í finnsku úrvalsdeildinni í ár.

Heimir segir að FH-ingar verði að þora að halda boltanum í leiknum: „Við þurfum að halda boltanum innan liðsins, við náum engum árangri ef við gerum það ekki. Við þurfum að sjálfsögðu líka að verjast vel, þannig það er eitt og annað sem við þurfum að vera með á hreinu.“

Heimir segir jafntefli vera fín úrslit fyrir FH í dag. „Jafntefli yrðu mjög góð úrslit og gott veganesti fyrir leikinn í Kaplakrika,“ sagði Heimir en seinni leikurinn fer fram eftir viku á heimavelli FH í Hafnarfirði. - iþs



**FLINKUR** Steve Lennon í Evrópuleik gegn Elfsborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


BAUERFEIND®
Eirberg
ErgoPad®
run & walk innlegg
• Góð dempun í tábergi og hæl
• Einstakur stuðningur við iljabogann
• Minnka þreytu og draga úr álagseinkennum í ökklum og fótum
Verð: 10.750 kr.
Compression
hlaupasokkar
• Örva blóðflæði og súrefnisupptöku
• Minnka þreytuverki í kálfum
• Hraða endurheimt eftir langar æfingar
Verð 8.950 kr.
HLAUPTU LENGRA
með Bauerfeind stuðningshlífum
GenuTrain® hnéhlíf
• Einstakur stuðningur við hnéliðinn og hnéskelina
• Dregur úr verkjum og bólgu
• Við álagseinkennum, liðþófa-vandamálum, tognunum og sliti
Verð: 11.750 kr.
Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Hafrún fyrst í tíu mörk

Komin með tíu mörk í sex leikjum Völsungs í sumar.

**FÓTBOLTI** Hafrún Olgeirsdóttir, leikmaður Völsungs í 1. deild kvenna, skoraði fernu í gær þegar Völsungur vann 7-0 sigur á Sindra í C-riðli 1. deildar kvenna. Hafrún varð um leið sú fyrsta í efstu tveimur deildum karla og kvenna á Íslandi til þess að skora tíu mörk á þessu tímabili.

Hafrún hefur skorað tíu mörk í sex fyrstu leikjum Völsungsliðsins í 1. deildinni í sumar en Völsungur er með fullt hús og 42 mörk í plús eftir þessa sex leiki. Berglind Ósk Kristjánsdóttir, liðsfélagi Hafrúnar hjá Völsungi, er með níu mörk alveg eins og Fanndís Friðriksdóttir, leikmaður toppliðs Breiðabliks í Pepsi-deild kvenna. Valsmaðurinn Patrick Pedersen er markahæstur í Pepsi-deild karla með átta mörk en Þróttarinn Viktor Jónsson er markahæstur í 1. deild karla með sjö mörk. **- óój**



**MARKSÆKIN** Hafrún Olgeirsdóttir lék með Þór/KA 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





ÁTTA LIÐA ÚRSLIT KVENNA Í BORGUNARBIKARNUM

**02.07** klukkan 19:15 **Fylkir – Grindavík**
**03.07** klukkan 17:30 **ÍBV – Selfoss**
**03.07** klukkan 18:00 **Stjarnan – Þór/KA**
**11.07** klukkan 14:00 **Valur – KR**

2 SPORT *Í dag hefjast átta liða úrslitin í **Borgunarbikar kvenna**. Hvaða lið tryggja sig áfram í undanúrslitin?*

365.is | Sími 1817 365




„Ég vil frekar fara til Svíþjóðar en að koma aftur heim. Ég er ekki tilbúinn að koma heim eins og er.
*Haukur Helgi Pálsson.*

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Helst semja fyrir EM

Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður í körfubolta, veit ekki hvar hann spilar næsta vetur. Hann undirbýr sig af krafti fyrir EM með tveimur landsliðsmönnum.

**KÖRFUBOLTI** Haukur Helgi Pálsson, einn af lykilmönnum íslenska landsliðsins í körfubolta, fór inn í sumarið fyrir Evrópumótið án liðs eftir að samningur hans við LF Basket í Svíþjóð rann út. Haukur er enn án liðs og gæti verið það enn þegar Ísland fer til Berlínar í byrjun september og keppir á EM í fyrsta skipti í sögunni.

**Æfir í fríinu**

„Ég hef ekki hugmynd um hvar ég spila í vetur eins og staðan er. Ég er bara með umboðsmann í þessu núna,“ sagði Haukur Helgi við Fréttablaðið í gær.

Hann var þá nýkominn af æfingu með tveimur landsliðsmönnum; Herði Axel Vilhjálmssyni og Elvari Má Friðrikssyni, en saman æfa þeir stíft í Keflavík.

„Hörður Axel kallar þetta „Sunny-Kef“ en ég er alveg ósammála því. Hér er alltaf skýjað. Þetta er líklega einhver kaldhæðni í honum,“ segir hann og hlær.

Haukur Helgi segir LF Basket hafa sýnt áhuga á að fá hann aftur, en Norðurlöndin eru ekki alveg það sem hann er að horfa til núna.

„Þeir vildu fá mig aftur en ég ákvað að bíða með það. Mig langar aftur að komast í deildirnar þar sem ég var; á Spáni eða til Þýskalands. Mig langar helst í spænsku úrvalsdeildina en myndi alveg skoða B-deildina þar líka. Þetta kemur allt í ljós, það er bara að detta í júlí núna,“ segir Haukur.

**EM búið of seint**

Þessi öflugi leikmaður fær tækifæri til að sýna sig á stærsta sviði Evrópu síðar í sumar þegar strákarnir okkar spila við nokkur af stærstu liðum Evrópu í Berlín. Það getur verið stór gluggi.

„Ég vil helst vera búinn að semja við eitthvert lið fyrir það, en ef ekkert spennandi kemur upp bíð ég með það. EM er náttúrlega þokkalegur gluggi en mótið er búið svolítið seint. Það væri betra að vera kominn með samning einhvers staðar,“ segir Haukur.

Landsliðsmaðurinn segir óvissu í samningamálum ekkert trufla undirbúning sinn fyrir þetta mikilvæga sumar með íslenska liðinu. Umboðsmaðurinn hans sér einfaldlega um samningamálin og hann einbeitir sér að því að vera klár fyrir stóru stundina.

**88,9%**

Ísland hefur unnið átta af níu landsleikjum þar sem Haukur hefur skorað fimmtán stig eða meira.

**Ekki á heimleið**

„Ég læt þetta ekkert trufla mig. Svona er þessi bransi bara. Það gæti allt eins dottið eitthvað inn á morgun. Ég er ekkert að missa mig úr stressi en það væri, eins og ég segi, þægilegra að ganga frá þessu fyrr en seinna,“ segir hann.

Lágvær orðrómur hefur verið uppi um að Haukur Helgi gæti spilað næsta tímabili í Dominosdeildinni en það er ekki eitthvað sem kemur til greina.

„Ég vil frekar fara til Svíþjóðar aftur en að koma heim. Ég er ekki tilbúinn til að koma heim eins og er,“ segir Haukur Helgi Pálsson.
**tomas@365.is**

# Íslendingar þjálfa bestu lið Evrópu

Karlalandslið Dana og kvennalandslið Noregs eru efst á styrkleikalista EHF.

**HANDBOLTI** Evrópska handboltasambandið hefur gefið út nýjasta styrkleikalista sinn yfir bestu karla- og kvennalandslið álfunnar og þar kemur í ljós að það eru Íslendingar sem þjálfa bæði besta karlalið og besta kvennalið Evrópu. Listinn er settur saman út frá árangri landsliðanna á síðustu þremur Evrópumótum.

Danir geta verið stoltir af handboltalandsliðum sínum því bæði karla- og kvennalandslið Dana eru á meðal þriggja bestu.

Guðmundur Guðmundsson þjálfar danska karlalandsliðið og er á leiðinni með liðið á sitt fyrsta Evrópumót í Póllandi í byrjun næsta árs. Danir eiga að baki eitt stórmót með Guðmund við stjórnvölinn en liðið endaði í 5. sæti á HM í Katar í upphafi ársins. Það sem er að skila Dönum í toppsætið er frábær árangur liðsins á síðustu Evrópumótum en liðið hefur unnið tvö gull og eitt silfur í síðustu fjórum Evrópukeppnum.

Íslenska karlalandsliðið er í 9. sæti nýjasta listans, einu sæti á undan Þjóðverjum þar sem Dagur Sigurðsson er landsliðsþjálfari.



**Í FLOTTUM STÖRFUM** Þórir og Guðmundur.

Heims-, Evrópu og Ólympíumeistarar Frakka eru í fjórða sæti listans en þar hefur mikið að segja slakur árangur liðsins á EM í Serbíu 2012 þegar liðið náði aðeins 11. sæti. Á undan franska karlalandsliðinu á listanum eru, auk danska landsliðsins, landslið Spánverja og Króata.

Íslendingur þjálfar einnig besta kvennalið heims en Norðmenn skipa þar efsta sætið. Þórir Hergeirsson hefur þjálfað norska kvennalandsliðið frá 2009 og liðið vann sitt fjórða stórmót undir hans stjórn þegar norsku stelpurnar urðu Evrópumeistarar í Búdapest í desember síðastliðnum.

Það ógnar fátt þeim norsku á næstu árum enda hefur liðið náð í fimm gull og tvö silfur á síðustu sjö Evrópukeppnum kvennalandsliða. **- óój**

LAUGARDAGSKVÖLD 11. JÚLÍ 2 SPORT

# STÆRSTA **UFC-KVÖLD** ÁRSINS

GUNNAR **NELSON**
GEGN
BRANDON **THATCH**

CONOR **McGREGOR**
GEGN
CHAD **MENDES**



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **1817** EÐA Á **365.IS**

# **GUNNAR NELSON** Í UFC

2 SPORT

*Stærsta kvöld ársins í UFC verður laugardaginn 11. júlí þegar viðureign Gunnars Nelson og Bandaríkjamannsins Brandon Thatch fer fram í MGM Grand Garden Arena í Las Vegas. Báðir töpuðu þeir síðasta bardaga og því öruggt að þeir stíga ljóngrimmir inn í hringinn á laugardaginn. Sama kvöld fer fram risabardagi á milli Chad Mendes og Conor McGregor sem mun ábyggilega ekki vekja minna umtal.*

***Ekki missa af stærsta bardagakvöldi ársins á Stöð 2 Sport!***

365.is | Sími 1817 365



**HELGARTILBOÐ**

**Ferðagasgrill G-600,** 2,93 kW, ryðfrír brennari, 2 grillgrindur.

**19.995**kr.

50632100 Almennt verð: 24.995 kr.

**20% AFSLÁTTUR**



Broil King

**BROIL KING PORTA CHEF ferðagasgrill,** 4,1 kW, ryðfrír brennari, eldunarsvæði 46x31 cm.

**29.995**kr.

50652233



NAPOLEON

**NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ,** 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryðfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm.

**53.995**kr.

506600010




# FERÐAGRILL Í MIKLU ÚRVALI



weber

**WEBER Q1200 gasgrill,** 2,64 kW.

**37.995**kr.

50650007



weber

**WEBER Q2200 gasgrill,** 3,51 kW.

**49.995**kr.

50650005



**HELGARTILBOÐ**

NAPOLEON

**NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ** m/vagni, 4,1 kW, tvöfaldur brennari úr ryðfríu stáli, eldunarsvæði 37x54 cm.

**59.995**kr.

506600012 Almennt verð 69.995 kr.



**FRÁBÆRT VERÐ!**

**Kolagrill,** 43 cm.

**3.895**kr.

42373644



**FYRIR KRÖFUHARÐA GRILLARA**

NAPOLEON

**NAPOLEON PRO22K-LEG, kolagrill,** eldunarsvæði 57 cm, 3 hæðastillingar, hitamælir, ryðfrí hitadreifigrind.

**59.995**kr.

506600090

NAPOLEON

**NAPOLEON ferðagasgrill TravelQ PRO,** 4,1 kW, tvöfaldur brennari, eldunarsvæði 37x54 cm.

**59.995**kr.

506600016

**NAPOLEON hjólavagn F/TravelQ Pro ferðagasgrill,** 2 stór hliðarborð, 2 hjól, upptakari og snagar á hliðum.

**19.995**kr.

506600018



**BÆÐI SAMAN!**

NAPOLEON ferðagasgrill+hjólavagn

**79.990**kr.



**6 GÍRAR**

**25% AFSLÁTTUR**

**HELGARTILBOÐ**

**Götureiðhjól,** 26" kvenhjól, 6 gíra með brettum, bögglabera og körfu.

**22.275**kr.

49620201 Almennt verð: 29.695 kr.



**25% AFSLÁTTUR**

**HELGARTILBOÐ**

**Götureiðhjól,** 26" kvenhjól með brettum, bögglabera og körfu.

**24.525**kr.

49620230 Almennt verð: 32.695 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 6. júlí 2015.







**Tjald,** 2 manna, 1000 mm, 200x140x100 cm.
2.995 kr.
88015950



**Tjald,** 3 manna, 1000 mm, 200x210x130 cm.
6.995 kr.
88015952

# FERÐALAG



**Tjald,** 4 manna, 1000 mm, 230x340x175 cm.
13.895 kr.
88015959

**Braggatjald,** 5 manna, 1000 mm, 480x260x170 cm.
19.995 kr.
88015956





**Svefnpoki,** -5°, 200x80 cm.
5.495 kr.
88015974



**Tjalddýna,** 200x70 cm.
795 kr.
88015966



**Vindsæng,** blá, 76x190x20 cm.
1.995 kr.
88012341



**Útilegustóll.**
1.695 kr.
88098157



**Hitablásari,** 2000W, 22V.
1.995 kr.
65105754



**Gashellur,** 2 hellur, 50 bar.
12.895 kr.
87991509



**Kælibox,** 25 l.
4.495 kr.
87741450



**Rafmagnskælibox,** 12V, 26,8 l.
12.895 kr.
87977143




**Rafmagnskælibox** á hjólum, 12V, 39 l.
24.695 kr.
87977170

## FERÐABOX Á GÓÐU VERÐI



25% AFSLÁTTUR

HELGARTILBOÐ

cargo 200

**CARGO 200 ferðabox,** 370 l, 174x77x42 cm. 3 punkta læsing. Burðargeta 50 kg.
63.745 kr.
79294200 Almennt verð: 84.995 kr.



19:45
### SUMAR- OG GRILLRÉTTIR EYÞÓRS
Girnilegir og sumarlegir grillþættir með Eyþóri Rúnarssyni, meistarakokki. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið.

## FRÁBÆR FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

20:10
### RESTAURANT STARTUP
Skemmtilegir og spennandi raunveruleikaþættir í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tim Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.



21:40
### TYRANT
Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega bandaríska fjölskyldu sem dregst inn í hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



22:45
### NCIS
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



22:45
### THE JINX: THE LIFE AND DEATHS OF ROBERT DURST
Vandaðir heimildaþættir þar sem kafað verður ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins Roberts Durst.



21:30
### BREATHLESS
Dramatískir þættir sem gerast á sjöunda áratugnum og fjalla um lækna og hjúkrunarkonur á spennandi tímum.



Krakka stöðin 18:22
### ÆVINTÝRI TINNA
Skemmtileg teiknimynd um ævintýrastrákinn Tinna og hundinn hans Tobba.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**


# DAGSKRÁ

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 iCarly.**
**08.05 The Middle**
**08.30 Masterchef USA**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Jamie's 30 Minute Mealsmínútum.**
**11.30 Dads**
**11.50 Undateable.**
**12.15 Á fullu gazi**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Philadelphia**
**15.00 Police Academy**
**16.35 Frikki Dór og félagar** Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti, honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason. Fjöldi góðra gesta mætir í þáttinn auk þess verður boðið upp á frábæra tónlist.
**17.00 iCarly**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Fóstbræður**
**19.45 Sumar og grillréttir Eyþórs** Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir með meistarakokknum Eyþóri Rúnarssyni. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið
**20.10 Restaurant Startup**
**20.55 Battle Creek**
**22.25 NCIS**
**23.10 The Jinx. The Life And Deaths Of Robert Durst** Vandaðir heimildarþættir þar sem kafað er ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins Roberts Durst. Hann hefur verið sakaður um þrjú morð en sekt hans hefur aldrei verið sönnuð.
**23.55 Shameless**
**00.50 NCIS. Los Angeles**
**01.35 Conan The Barbarian**
**03.25 Philadelphia**
**05.30 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**13.30 Breiðablik - KA**
**15.45 Cleveland - Golden State - Leikur 6**
**18.15 Goðsagnir - Steingrímur Jó**
**19.00 Orkumótið í Eyjum**
**19.40 Keflavík - Stjarnan**
**21.30 Pepsímörkin**
**23.05 NBA - Wilt 100**
**23.55 Orkumótið í Eyjum**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.25 Manstu**
**13.00 Chelsea - Stoke**
**14.50 Keflavík - Stjarnan**
**16.40 Pepsímörkin**
**18.15 Man. City - Liverpool**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Liverpool - Norwich**
**22.10 Everton - Liverpool**
**23.55 Premier League World**

## ÍNN

**20.00 Landsbyggðin á Hrafnaþingi**
**21.00 Auðlindagarðurinn**
**21.30 Sjónvarp Víkurfrétta**

## STÖÐ 3

**19.00 Community**
**19.25 Last Man Standing**
**19.45 Cristela**
**20.10 Dallas**
**20.55 Sirens**
**21.15 Supernatural** Áttunda þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
**22.00 American Horror Story. Coven**
**22.45 Utopia**
**23.40 Last Man Standing**
**00.00 Cristela hönd.**
**00.25 Dallas**
**01.10 Sirens**
**01.30 Supernatural**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KrakkaStöðin

**07.00** Lukku-Láki **07.25** Latibær **07.47** Elías **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Ævintýri Tinna **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Lukku-Láki **11.25** Latibær **11.47** Elías **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Ævintýri Tinna **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Lukku-Láki **15.25** Latibær **15.47** Elías **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Ævintýri Tinna **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Robots

## GULLSTÖÐIN

**18:15 Strákarnir**
**18:45 Friends**
**19:10 New Girl**
**19:35 Mike & Molly**
**19:55 The Big Bang Theory**
**20:20 Sullivan & Son**
**20:45 Ally McBeal** Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21:30 Breathless**
**22:20 Curb Your Enthusiasm**
**22:55 Arrested Development**
**23:30 Sullivan & Son**
**23:50 Ally McBeal**
**00:35 Breathless**
**01:20 Curb Your Enthusiasm**
**01:55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11:20 Underground: The Julian Assange Story**
**12:55 Forrest Gump**
**16:40 Underground: The Julian Assange Story**
**18:15 Forrest Gump**
**20:35 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**22:00 The Man With the Iron Fists**
**23:35 Season Of The Witch**
**01:10 The Savages**
**03:05 The Man With the Iron Fists**

## RÚV

**16.05 Matador**
**17.20 Stundin okkar**
**17.44 Kung Fu Panda**
**18.07 Nína Pataló**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Á götunni**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Pricebræður bjóða til veislu** Matgæðingarnir í Price-fjölskyldunni töfra fram kræsingar við öll tækifæri. Adam Price er einnig þekktur sem aðal handritshöfundur og framleiðandi sjónvarpsþáttanna Borgen.
**20.40 Best í Brooklyn** Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni. Aðalhlutverk: Andy Samberg, Stephanie Beatriz, Terry Crews og Melissa Fumero.
**21.05 Skytturnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð**
**23.05 Barnaby ræður gátuna – Tónlistarskólinn**
**00.35 Kastljós.**
**01.00 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.10 Cheers**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 America's Next Top Model**
**15.00 Survivor**
**15.45 Bachelor Pad** Sjóðheitir þættir þar sem keppendur úr Bachelor og Bachelorette eigast við í þrautum sem stundum þarf sterk bein til að taka þátt í.
**17.15 Hreimsins besti**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Minute To Win It Ísland**
**19.55 America's Funniest Home Videos**
**20.15 Royal Pains**
**21.00 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**21.45 Agent Carter**
**22.30 Sex & the City**
**22.55 Scandal**
**23.40 Law & Order**
**00.25 American Odyssey**
**01.10 Hannibal**
**01.55 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**02.40 Agent Carter**
**03.25 Sex & the City**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 Golfing World 2015**
**08.50 PGA Tour 2015**
**13.50 Golfing World 2015**
**14.40 US Open 2015**
**18.45 Golfing World 2015**
**19.35 Inside The PGA Tour 2015**
**20.00 PGA Tour 2015**
**23.00 PGA Tour 2015 - Highlights**
**23.55 Inside The PGA Tour 2015**

## HRINGBRAUT

**12.00** Mannamál **12.45** Heimsljós **13.15** 433.is **13.45** Grillspaðinn **14.00** Mannamál **14.45** Heimsljós **15.15** 433.is **15.45** Grillspaðinn **16.00** Mannamál **16.45** Heimsljós **17.15** 433.is **17.45** Grillspaðinn **18.00** Mannamál **18.45** Heimsljós **19.15** 433.is **19.45** Grillspaðinn **20.00** Þjóðbraut **21.00** Sjónarhorn **21.30** Lífsins List **22.00** Þjóðbraut **23.00** Sjónarhorn **23.30** Lífsins List

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

CINTAMANI



OUTLET SPRENGJA

# 40-80%

## afsláttur

af öllum vörum

2.-4. JÚLÍ



**JENNÝ** 10.497 kr. ~~14.995~~ kr.



**BIRNA** 4.197 kr. ~~5.995~~ kr.



**ÓSKAR** 5.597 kr. ~~7.995~~ kr.



**KONRÁÐ** 6.293 kr. ~~8.990~~ kr.

**CINTAMANI OUTLET**

Austurhraun 3, Garðabæ | WWW.CINTAMANI.IS

Fimmtudag - Föstudag 10 - 18

Laugardagur 10 - 16

## BESTI BITINN Í BÆNUM



**„Ég er mikill Habibi-maður. Ég fæ mér alltaf shawarma. Frábær þjónusta, stemning og sósan gerir útslagið!“**

Símon Birgisson dramatúrg.

# Öll stærstu nöfnin á sama kvöldinu á ATP

Athygli hefur vakið að stærstu hljómsveitirnar á hátíðinni koma fram í kvöld. Tvöfalt fleiri útlendingar í ár.

Það hefur vakið athygli að flest stóru nöfnin sem fram koma á ATP-hátíðinni í ár skuli koma fram á sama kvöldinu, sem er í kvöld. Um er að ræða hljómsveitirnar Run the Jewels, Belle & Sebastian, Iggy Pop og Public Enemy.

Barry Hogan, stofnandi og skipuleggjandi hátíðarinnar, segir ástæðuna fyrir þessu vera einfalda. „Þetta er eina dagsetningin sem allar þessar hljómsveitir voru lausar. Ef við hefðum viljað láta þær spila á föstudegi eða laugardegi þá hefðu þær ekki spilað á hátíðinni,“ segir Barry.

Spurður út í hvort kvartanir hafi borist segist hann ekki hafa orðið var við þær. „Vissulega eru þessar hljómsveitir mest þekktar en gæðin á þeim hljómsveitum sem koma fram hina dagana eru ekki síðri og sumar jafnvel betri tónleikasveitir. Þeir sem kvarta yfir þessu eru líklega þeir sömu og myndu kvarta yfir því hversu þungar gullstangirnar væru sem þú gæfir þeim,“ segir Barry léttur í lundu. Nokkrir listamenn komu til landsins snemma til þess að skoða landið eins og Deafheaven, Chelsea Wolfe og Drive Like Jehu. „Godspeed og Belle & Sebastian ætla líka að nýta tímann á Íslandi til að skoða þetta fallega land.“

Hann segir það einstakt að þessir listamenn séu að koma fram hér á landi. „Ólíkt Wu-Tang Clan þá eru allir meðlimir Public Enemy að koma.“ Nú þegar hafa tvöfalt fleiri útlendingar keypt sér miða á hátíðina en í fyrra. **- glp**



**ALLIR MÆTTIR** Barry segir að ólíkt Wu-Tang Clan þá komi allir meðlimir Public Enemy fram á ATP. NORDICPHOTOS/GETTY




# Fær engan frið fyrir stóru fjölmiðlunum

Ljósmyndarinn Sigga Ella hefur í annað skiptið á árinu fangað athygli miðla á borð við Daily Mail og CNN fyrir gríðarlega áhrifaríkar ljósmyndir.

Mér finnst það frábært hvað Baldvin hefur fengið mikla athygli, það eru mjög margir sem vita ekkert um sjúkdóminn,“ segir Sigga Ella, ljósmyndari sem hefur fengið mikið lof í lófa meðal erlendra fjölmiðla vegna myndaseríunnar Baldvin, sem hefur nú tekist á flug í netheimum.

Um ræðir myndaþátt sem Sigga Ella vann í samstarfi við Baldvin, sem eru hagsmuna- og baráttusamtök fólks með alopecia. Þau leituðu til hennar og úr varð að hún myndaði sjö konur sem vilja meðal annars vekja athygli almennings á sjúkdómnum.

„Fjöldi erlendra miðla hefur haft samband og ég hef fengið margar fyrirspurnir,“ segir Sigga Ella og nefnir að RTL í Þýskalandi og Daily Mail muni birta myndaseríuna á næstunni. Huffington Post hefur þegar sett myndaþáttinn í loftið og hafa viðbrögðin ekki látið á sér standa. „Ég fæ mikið af póstum frá fólki sem þakkar fyrir að sýna sjúkdóminn með þessum hætti og sömuleiðis hefur skapast vettvangur í athugasemdakerfinu þar sem fólk með alopecia spjallar saman, sem er gríðarlega mikilvægt og dýrmætt. Það er gott að finna til þess að serían geti gefið fólki aukakraft með þessum hætti.“

Aðspurð hvernig miðlarnir hafi komist á snoðir um myndaþáttinn segir hún að fyrr á árinu hafi hún sent inn myndaþáttinn Fyrst og fremst er ég, í gegnum svokallað iReport á vegum CNN, og hafi á augabragði fengið viðbrögð við þeim þætti. „Ég átti nú ekki von á því, það er allajafna erfitt að komast að og alls ekkert víst að maður geri það. En þeir höfðu mikinn áhuga, og fór sú sería eiginlega um allan heim líka,“ útskýrir Sigga. Sú myndasería fjallaði um einstaklinga með Downs heilkenni og birtist til að mynda í The Metro, Daily Mail, CNN og á fleiri stöðum um allan heim. „Sú sería var samt gerð á eftir Baldvini, þó að hún hafi náð heimsathygli á undan,“ bendir Sigga Ella á.

Sigga Ella hefur mikinn áhuga á fólki og málefnum og finnst gott að geta sýnt það í gegnum ljósmyndun með þeim hætti sem hún hefur verið að gera og langar mikið til að halda áfram að vekja fólk til meðvitundar um það sem oft orsakar fordóma og annað í þeim dúr.

gudrun@frettabladid.is



**HUGSJÓNAKONA** Sigga Ella notar myndavélina til að koma mikilvægum skilaboðum út í kosmósið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







MYNDIR/SIGGA ELLA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


KFC
GERÐU DAGINN
SÓLRÍKARI
MEÐ SUMARFÖTUNNI
SUMARFATAN
SUMARFATAN
10 safaríkir kjúklingabitar
í fötu til að taka með
út í góða veðrið!
2.690 KR
SVOOO
GOTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland




**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar

## Sannleikurinn í hæstarétti

Ánægjulegasta frétt heimsmála síðustu vikuna verður mjög líklega þegar fram í sækir einn ljósasti punktur tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Á tímum hryðjuverka, efnahagsáfalla, ógnarstjórna og nítján ára valdatíðar Ólafs Ragnars er sá úrskurður hæstaréttar Bandaríkjanna sem gerir hjónabönd samkynhneigðra lögleg í öllum ríkjum þeirra reglulega ánægjulegur hápunktur.

**ÞAÐ** er nefnilega ekki á hverju ári sem aldagömlu óréttlæti er hrundið með jafn afgerandi hætti og þegar Bandaríki Norður-Ameríku, hvað sem okkur kann um þau að þykja, stíga fram með þessum hætti. Þegar mannkynið hristir smátt og smátt af sér forneskjulega lesti og fordómafullar skoðanir sem byggja nær undantekningarlaust á grátlegri vanþekkingu finnur maður að lífið hefur einhvern tilgang. Lífið er stutt og það hlýtur að vera farsælast að öll reynum við að lifa því þannig að jörðin verði betri staður á eftir.

**AFNÁM** þrælahalds, kosningaréttur kvenna, afnám banns við fóstureyðingum, afnám dauðarefsinga. Þetta eru ekki nema örfá af fjölmörgum framfaraskrefum sem stigin hafa verið á síðustu áratugum þrátt fyrir hetjulega baráttu kirkjunnar og annarra trúarstofnana gegn því réttlæti sem í þeim hefur falist. Í Reykjavík hafa kristileg stjórnmálasamtök nú stigið fram og lýst því yfir að þau séu ekki ginnkeypt fyrir þróun sem þessari og skal engan undra. Hið nýfengna réttlæti er í hróplegu ósamræmi við Nýja testamentið að þeirra sögn og bæta þau því við að sannleikurinn verði ekki ákveðinn í hæstarétti Bandaríkjanna.

**Í ÞESSUM** orðum felst að stjórnarskrár og lög manna megi taka af mátulegri léttúð á meðan trúarrit á borð við Biblíuna beri að lesa bókstaflega. Þetta lýsir hættulegum viðhorfum sem gera mannlíf á jörðinni verra en það gæti mögulega verið án þeirra. En allt er þetta á réttri leið og nú vonar maður bara að öllum þessum kirkjum sem enginn mætir í fari að fækka frekar en hitt. Það væri virkilega ánægjulegt.











